





rekkjan HEILSURÚM Sjá bls. 13


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

13. nóvember 2009 — 269. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Styrkir menningarstarf



Goethe-Institut stendur fyrir öflugu starfi á Íslandi þrátt fyrir að skrifstofu stofnunarinnar hér á landi hafi verið lokað.

TÍMAMÓT 34

### Les fyrir þúsund börn



Gerður Kristný heimsækir átta grunnskóla á Akureyri.

FÓLK 58

### Kona deyr á hverri mínútu

„Hvað veldur því að konur deyja miklu frekar af barnsförum í þróunarlöndum en í ríku löndunum?“ skrifar Stefán Jón Hafstein.

Í DAG 24

### Hættur við að hætta



Þórhallur Dan Jóhannsson leikur væntanlega áfram með Haukum næsta sumar.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT** Í dag verða víðast austan 8-18 m/s, hvassast sunnanlands. Víða úrkoma um austanvert landið, en skýjað með köflum og sums staðar hálfskýjað vestan til. Hiti 2-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Sjóðir nálgast sömu stærð og fyrir hrun

**Hrein eign lífeyrissjóðanna í krónum er metin 181 milljarði hagstæðari en hún var í október 2008. Stærstur hluti eigna þeirra hefur haldið áfram að gefa vel af sér. Uppgjöri hrunsins er þó ekki lokið og enn ríkir óvissa um niðurstöðuna.**

**EFNAHAGSMÁL** Hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris nálgast það að vera sú sama og hún var fyrir hrun. Batinn frá október 2008 er metinn af Seðlabanka Íslands á 181 milljarð króna en eignarýrnun sjóðanna við hrunið var metin 217 milljarðar króna eftir hrunið.

Nýtt yfirlit Seðlabanka Íslands á eignastöðu lífeyrissjóðanna sýnir að hrein eign sjóðanna í september var 1.735 milljarðar króna en var í sama mánuði 2008 1.772 milljarðar. Strax eftir hrun, í októbermánuði 2008, var eign sjóðanna metin 1.554 milljarðar.

Gögn Seðlabankans benda því til þess að bankahrunið hafi snert íslensku sjóðina minna en svartsýnustu menn óttuðust. Niðurstaðan hjá lífeyrissjóðum víða annars staðar í heiminum var verri, þó að taka verði tillit til ólíkra reikniaðferða. Talið er að lífeyrissjóðir aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar hafi séð á eftir fimmtungi eigna sinna frá byrjun árs 2008 til októberloka það ár.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir það rétt að stærð sjóðanna nálgist að vera sú sama í krónum talið og hún var fyrir hrun. Hann setur þann fyrirvara að höggið í hruninu hafi verið þungt og tölfræði Seðlabankans um krónueign segi ekki alla söguna. „Það er hins vegar rétt að við séum að ná sömu stöðu í krónum talið og fyrir ári.“

Uppgjöri hrunsins í reikningum lífeyrissjóðanna er ekki lokið og nokkur óvissa ríkir því um endanlegt mat á eignum þeirra. Stærsta höggið var tap í hlutabréfum innanlands en á móti hafa sjóðirnir hagnast á erlendum eignum sem byggðar hafa verið upp á löngum tíma.

alla söguna. „Það er hins vegar rétt að við séum nálgumst aftur átján hundruð milljarða markið. Stór hluti eigna sjóðanna hefur haldið áfram að skila góðri ávöxtun og það er meira borgað inn í sjóðina en greitt er út úr þeim. Það er mjög ánægjulegt að við séum að ná sömu stöðu í krónum talið og fyrir ári.“

- shá



**HEIMSMETSTILRAUN** Íbúar Sidney í Ástralíu gerðu heiðarlega tilraun í gær til að slá heimsmetið í sundfataskrúðgöngu. Safnaðist hópurinn saman á tröppum óperuhússins fræga þar í borg en 284 sálir vantaði upp á að metið væri slegið. Keppni þessi nýtur mikillar virðingar í heiminum ekki síst vegna þess að fyrsta metið í sundfatasöfnuði var sett í Las Vegas fyrir tilstuðlan Holly Madison, fyrrverandi kærustu klámkóngsins Hughs Hefner. NORDICPHOTOS/AFP

Sjötíu prósent þeirra sem eru í áhættuhópi svínaflensu hafa verið bólusett:

# Allir eldri en hálfs árs verði bólusettir

**HEILBRIGÐISMÁL** Stefnt er á að bólusetja alla Íslendinga eldri en sex mánaða við svínaflensunni A(H1N1). Um fimmtíu þúsund hafa þegar verið bólusettir, sem eru um sjötíu prósent þeirra sem voru í skilgreindum forgangshópi vegna bólusetningarinnar.

Frá og með næsta mánudegi verður tekið við pöntunum þeirra sem ekki eru í áhættuhópi vegna bólusetningar við flensunni, sem hefst viku síðar.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir ráðleggur öllum eldri en hálfs árs að fara í bólusetningu nema þeir hafi fengið svínaflensuna svo óyggjandi sé. Hann bendir á að þótt sjötíu til áttatíu prósent þeirra sem veikist alvarlega af flensunni séu í áhættuhópi, en í honum eru þeir sem hafa undirliggjandi sjúkdóma, barnshafandi konur og offitusjúklingar, séu tuttugu til þrjátíu prósent þeirra sem veikist alvarlega ekki í þeim hópi.

- sbt / sjá síðu 18



**GÓÐAR VINKONUR** Guðrún Dögg ásamt ungfrú Ítalíu, Mariu Perrusi.

Guðrún Dögg, ungfrú Ísland:

# Borðaði gull á 7 stjörnu hóteli

**FÓLK** „Það er ekkert bragð af gullinu en það var samt rosalega gaman að prófa það,“ segir Guðrún Dögg Rúnarsdóttir, ungfrú Ísland.

Guðrún hefur dvalið á sjö stjörnu hóteli í Abú Dabí undanfarna daga ásamt stelpunum í keppninni Ungfrú heimur. Guðrún er fulltrúi Íslands, en aðalkeppnin fer fram í Suður-Afríku í desember.

Stelpunum var boðið í glæsilegan kvöldverð í vikunni. Á boðstólum var skelfiskur og lambakjöt, en eftirrétturinn minnti á fræga góðærisboðsferð Landsbankans þar sem boðið var upp á gullkryddað rísottó.

- afb / sjá síðu 58

Hugmyndir um þrepaskatt:

# Hæstu skattar yrðu 41 prósent

**FJÁRMÁL Ef þær hugmyndir um þrepaskatt, sem komið hefur fram að eru til umræðu hjá ríkisstjórninni, verða að veruleika mun skattprósenta lækka hjá um 11.200 hjónum, eða samsköttuðu sambýlisfólki.**

**Umræður um tillögurnar standa yfir og vonast er til að þær verði teknar fyrir á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag. Samkvæmt þeim verður hæsta skatthlutfall rúmlega 41 prósent, sem legðist á þá sem hefðu 1,6 milljónir á mánuði eða meira. Skatttekjur hjá fólki með tekjur undir 330 þúsund á mánuði munu lækka, verði tillögurnar að veruleika. Það er allsendis óvíst; viðræður standa enn um útfærslur á hugmyndunum.**

- kóp / sjá síðu 4

muundu eftir mjólkinni! muu






**SPURNING DAGSINS**



*Margrét, tókstu karlana í nefið?*

„Menn hafa að minnsta kosti snýtt sér minna í dag en í gær.“

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, las þingmönnum pistilinn fyrir að taka of mikið í nefið, sem hún segir að setji ljótan blett á þingstörf.

Þúsund manns hafa sótt um breytingu á lánum sínum hjá Íslandsbanka:

# Allt að 150 umsóknir á dag

**VIÐSKIPTI** Rúmlega sjö hundruð umsóknir hafa borist Íslandsbanka breytingu á höfuðstól bílalána og bílasamninga í erlendri mynt í verðtryggðar íslenskar krónur frá mánaðamótum, samkvæmt upplýsingum frá bankanum. Þrjú hundruð viðskiptavinir bankans hafa tekið greiðslujöfnunarúrræði ríkisstjórnarinnar hjá bankanum á sama tíma.

Bankinn hóf að bjóða viðskiptavinum upp á möguleikann samhliða úrræðum ríkisstjórnarinnar um síðustu mánaðamót.

Reiknað er með að höfuðstóll lánanna lækki um 23 prósent að meðaltali. Viðskiptavinum bankans býðst sömuleiðis kostur á að breyta verðtryggðum bílalánum í óverðtryggð lán og lækka höfuðstól lána um fimm prósent.

Á bilinu hundrað til 150 umsóknir berast bankanum um breytingu á höfuðstól lánanna á degi hverjum, samkvæmt upplýsingum frá bankanum.

Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri Íslandsbanka Fjármögnunar, segir leiðirirnir henta viðskiptavinum bankans misvel. Sumir sjái sér hag í því að lækka höfuðstólinn með því að nýta úrræði bankans en aðrir horfi til þess að lækka greiðslubyrðina. **- jab**



**ÚR BANKANUM** Sjö hundruð viðskiptavinir Íslandsbanka hafa sótt um breytingu á erlendum bílalánum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Drengur ekki sendur í fóstur:

# Kominn aftur til ömmu sinnar

**BARNAVERNDARMÁL Níu ára gamall drengur, sem var tekinn frá ömmu sinni fyrir nokkrum dögum, fékk í gær að snúa aftur til hennar. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur úrskurðað að drengurinn skuli dvelja hjá ömmu sinni þangað til forsjármál gegn móður hans verður tekið fyrir. Drengurinn og bróðir hans hafa búið hjá ömmu sinni frá síðastliðnu hausti.**

**Samkvæmt bréfi ráðuneytisins á amman að fara á námskeið á vegum Barnaverndarstofu til að verða fósturforeldri. - þeb**



**ATHAFNAVIKAN KYNNT** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fær fyrstu Athafnateygjuna á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Athafnavika hefst á mánudag:

# Hægt að skoða dugnaðinn

**FÓLK** Áttatíu viðburðir hafa verið skráðir á Alþjóðlegu athafnavikuna sem hefst um land allt á mánudag. Rúmlega hundrað lönd halda vikuna á sama tíma.

Markmið vikunnar er að vekja fólk til umhugsunar um gildi nýsköpunar og athafnasemi í samfélaginu.

Athafnavikan hefst með því á mánudag að allir bæjarstjórar landsins, ráðherrar, formenn stjórnmálaflokka, athafnafólk og fjölmiðlamenn munu fá Athafnateygju afhenta. Sá sem teygjuna fær setur hana á úlnlið sinn og á að framkvæma eitthvað sem hann hefur látið sitja á hakanum. Að því loknu á að láta hana ganga á milli manna. Hvert verk á að skrá á vefsíðuna www.athafnateygjan.is þar sem fylgjast má með árangri hverrar teygju. **- jab**

**UMHVERFISMÁL**

## Lúpína í 30 hektara

Landgræðslan hefur lokið við sáningu lúpínufræs í um 30 hektara svæði á Bakkafjöru, að því er fram kemur á heimasíðu Landgræðslunnar. Sáð var til að bæta jarðveg og spara áburð með því að nýta eiginleika lúpínunnar til áburðarframleiðslu. Góð reynsla er af sáningu lúpínu að hausti og nýtist betur en með hefðbundinni vorsáningu.

# Segir laxveiðiumræðu vera moldviðri frá VG

**Ólafur F. Magnússon segir borgafulltrúa VG hafa þyrlað upp moldviðri vegna veiðidaga Reykavíkurborgar í Elliðaánum. Hann vill kostnaðinn upp á borðið svo að borgarfulltrúum „gefist hér eftir tækifæri“ til að greiða hann sjálfir.**

**STJÓRNSÝSLA** „Brýnt er að fá kostnað vegna boðsferða í Elliðaárnar fram í dagsljósið þannig að borgarfulltrúum gefist hér eftir tækifæri til að greiða allan kostnað vegna boðsferða sem þeir þiggja úr eigin vasa,“ segir Ólafur F. Magnússon í fyrirspurn í borgarráði í gær.

Ólafur vill fá svör um kostnað borgarinnar og fyrirtækja hennar af boðsferðum kjörinna fulltrúa í Elliðaárnar og hverjir þeirra hafi farið til veiðanna árin 2006 til 2009. Eins og fram hefur komið á Reykjavíkurborg árnar í heild fráteknar í fimm daga á besta tíma. Þess utan hefur Orkuveitan úr tveimur dögum að spila á svipuðum tíma fyrir æðstu menn fyrirtækisins.

„Vegna þess moldviðris sem borgarfulltrúar VG hafa þyrlað upp vegna þessa kostnaðar er brýnt að fá kostnað vegna boðsferða í Elliðaárnar skýrt fram í dagsljósið þannig að borgarfulltrúum gefist hér eftir tækifæri til að greiða allan kostnað vegna boðsferða úr eigin vasa ef þeir á annað borð vilja þiggja slíkar boðsferðir,“ segir í fyrirspurn Ólafs.

Að sögn Ólafs er Elliðaármálið hluti af stærra samhengi sem meðal annars lýtur að óþarfa ferðalögum borgarfulltrúa á kostnað borgarbúa. Varðandi Elliðaárnar segist hann sjaldan hafa farið þar til veiða á boðsdögum borgarinnar. „Ég hafði farið lítið undanfarin ár þar til ég varð borgarstjóri árið 2008 og fékk að opna árnar. Þá fékk ég veiðigleðina að nýju,“ segir hann.

Í borgarstjórn í síðustu viku sagði Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, að málið snerist um fleira en peninga og veiðileyfi. „Þetta er spurning um það hvort við viljum halda forréttindum okkar. Hvort okkur þyki það við hæfi að kjörnir fulltrúar og valdir embættismenn njóti þessara forréttinda. Að hæst launaða liðið í borginni taki frá marga bestu dagana í einni bestu laxveiðiá landsins fyrir sig á kostnað borgarbúa,“ sagði Þorleifur.

Ólafur vill ekki ganga svo langt að afnema alla veiðidaga borgarinnar í Elliðaánum. Til dæmis sé vert að halda í þá hefð að fyrrverandi borgarstjórar veiði saman í einn dag. Þeir eigi hins vegar að borga kostnaðinn sjálfir.

„Dagur í Elliðaánum er draumur í dós sem borgarfulltrúar hefðu gott af að kynna sér frekar en að fara í dýrar ferðir til útlanda,“ segir Ólafur, sem kveðst vilja meira gegnsæi í þessu máli nú vegna hræsni sem einkenni málið. „Þetta mál er upphaflega dregið fram af borgarfulltrúum sem allir sem einn eru á bólakafi í ferðafylleríi fjórflokksins.“ **gar@frettabladid.is**



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Samkvæmt gamalli hefð hóf borgarstjóri veiðar í Elliðaánum í júní í fyrra. Ólafur F. Magnússon veiddi svo aftur í ánum í júlí á boðsdögum sem fráteknir eru fyrir Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Borgarstjórn hættir ekki veiði í Elliðaám

**FRÉTTABLAÐIÐ Á MÁNUDAG** Sagt var frá laxveiði borgarfulltrúa í Elliðaánum fyrr í vikunni.

Styttist í forsetakjör ESB:

# Reinfeldt boðar leiðtogafund

**BRUSSEL, AP** Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, boðaði í gær til leiðtogafundar Evrópusambandsins 19. nóvember næstkomandi, þar sem leiðtogarnir eiga að velja í tvö ný embætti, forseta leiðtogaráðsins og utanríkisfulltrúa.



**TONY BLAIR**

Meðal þeirra sem helst þykja koma til greina eru Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Wolfgang Schüssel, fyrrverandi Austurríkiskanslari, og Paavo Lipponen, fyrrverandi forsætisráðherra Finnlands.

Í gær staðfesti svo David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, að hann sæktist ekki eftir embætti utanríkisfulltrúans. **- gb**

Afi í átján mánaða fangelsi:

# Braut gegn barnabarni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær dóm yfir manni fyrir kynferðisbrot gegn barnabarni sínu. Maðurinn var dæmdur í átján mánaða fangelsi.**

**Stúlkan er fædd árið 1994, og er maðurinn sakfelldur fyrir að hafa þuklað á henni fjórum sinnum á árunum 2005 til 2008. Héraðsdómur dæmdi manninn til að greiða stúlkunni 800 þúsund krónur í bætur, og hefur hann þegar greitt henni bætur.**

**Fram kemur í dóminum að brotin hafa haft mikil áhrif á andlega líðan stúlkunnar. Maðurinn hafi gróflega misnotað aðstæður og trúnaðartraust stúlkunnar. - þeb**




Landhelgisgæslan þarf ítrekað að hafa samband við skip með hættulegan farm:

# Risaolíuskip tilkynna sig ekki

**ÖRYGGISMÁL** Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar hafði í gær samband við risaolíuskipið Urals Star sem tilkynnti ekki um ferðir sínar við landið eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Að undanförnu hefur stjórnstöðin haft samband við fleiri skip þar sem skipstjórum þeirra er ekki kunnugt um tilkynningaskyldu þegar siglt er um lögsögu landsins.

Skipið var í gær á siglingu undan Suðausturlandi með 106 þúsund tonn af hráolíu innanborðs og stefndi tólf mílur suður af Dyrhólaey en skipið er á leið frá Murmansk í Rússlandi til austurstrandar Bandaríkjanna með olíu til hreinsunar. Þegar haft var samband við skipið var það um 22 sjómílur SA-af Hrollaugseyjum.

Var skipstjóri upplýstur um óskir Íslands um að öll skip á leið um lögsöguna upplýsi um ferðir sínar, ekki síst skip af þessari stærð og með slíkan farm.

Landhelgisgæslan hefur orðið vör við mikla aukningu flutninga- og farþegaskipa við landið. Stærð þessara skipa fer sífellt vaxandi og er því nauðsynlegt að vera Íslendingar séu viðbúnir óhöppum sem geta orðið á íslenska hafsvæðinu. Grannt er fylgst með skipunum enda afar hættulegur farmur um borð. **- shá**



**URALS STAR** Skipið er um 115 þúsund brúttótonn, 254 metrar að lengd og 44 metrar að breidd. Farmurinn er 106 þúsund tonn af hráolíu. MYND/LHG







# Að skapa ný tækifæri

Við sem störfum hjá Norðuráli sjáum þau hvetjandi áhrif sem fyrirtækið hefur á framboð atvinnutækifæra, og grósku mannlífs í nágrannabyggðum.

Við upplifum líka þann aukna kraft til vaxtar sem samstarfið við Norðurál hefur skapað fjölmörgum þjónustufyrirtækjum.

*Vissir þú að:*

- *Um 1.500 manns hafa atvinnu af álveri Norðuráls á Grundartanga*
- *Störf í álveri kalla á mikla fjölbreytni í menntun og starfsreynslu*
- *Þekking af þjónustu við álver skilar íslenskum verkfræðistofum og iðnfyrirtækjum nú þegar miklum útflutningstekjum*
- *Beinn ávinningur íslenska ríkisins af framkvæmdum vegna álvers í Helguvík næstu tvö ár verður 1 milljarður á mánuði með sköttum og sparnaði, eða samtals 24 milljarðar*
- *Bygging álvers í Helguvík og framkvæmdir við orkumannvirki mun skapa 2.000 til 3.000 manns atvinnu á næstu tveimur árum*
- *Þegar álverið í Helguvík verður fullbyggt má áætla að um 2.000 manns hafi beina atvinnu af starfsemi þess og skattgreiðslur verði um 4 milljarðar á ári*

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

## GENGIÐ 12.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,44 | 125,04 |
| Sterlingspund | 206,02 | 207,02 |
| Evra | 185,94 | 186,98 |
| Dönsk króna | 24,984 | 25,130 |
| Norsk króna | 22,186 | 22,316 |
| Sænsk króna | 18,164 | 18,270 |
| Japanskt jen | 1,3852 | 1,3934 |
| SDR | 198,91 | 200,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
239,4598

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptaráðherra hafnar gagnrýni Mats Josefson um að endurreisn gangi hægt:

# Einsdæmi hve mikið hefur áunnist

**EFNAHAGSMÁL.** „Ég er hjartanlega ósammála. Þetta er auðvitað það sem við erum að fást við framar öllu öðru,“ segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sem vísar því á bug að endurreisn bankakerfisins sé ekki í forgangi hjá ríkisstjórninni. Sú gagnrýni kom fram í máli Mats Josefson, sænsks ráðgjafa ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankakerfisins, á ráðstefnu í Reykjavík á miðvikudag.

„Ég verð líka að vera ósammála honum um það að endurreisn bankakerfisins hafi gengið hægt,“ segir Gylfi. „Ég held þvert á móti að það sé einsdæmi að menn nái svona langt á ekki nema rétt rúmu ári miðað við hversu mikið gekk á og hversu mikill vandinn var sem ríkisstjórnin fékk í fangið fyrir 13 mánuðum.“


MATS JOSEFSON


GYLFI MAGNÚSSON

> Ég verð líka að vera ósammála honum um það að endurreisn bankakerfisins hafi gengið hægt.
>
> GYLFI MAGNÚSSON
> VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Gylfi segir að helst standi málefni sparisjóðanna nú út af borðinu „en það verður vonandi hægt að ganga frá því á næstu vikum.“ Ríkið ætlar að leggja endurreistum sparisjóðum til allt að 20 prósent af eigin fé en Gylfi segir að niðurstaða hafi strandað viðræðum um að kröfuhafar gefi eftir þannig að framlag ríkisins dugi til að endurreisa sjóðina. -pg

Opinber heimsókn forsetans:

## Obama í Asíu í fyrsta skipti

**BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur hafið fyrstu opinberu heimsókn sína sem forseti til Asíu.**

**Obama verður í átta daga í Japan, Singapúr, Kína og Suður-Kóreu. Hann mun hitta ráðamenn og mun auk þess eiga fund með Dmitry Medvedev, forseta Rússlands, og Susilo Bambang Yudhoyono, forseta Indónesíu.**

**Obama vill með ferðinni leggja áherslu á mikilvægi Asíuþjóða sem bandamenn Bandaríkjanna í efnahagsmálum, kjarnorkuafvopnun, stríðinu í Afganistan og baráttunni gegn loftslagsbreytingum. - þeb**


**LEITA SÖNNUNARGAGNA** Börnin settu miða í glerkrukkur sem lýstu kynferðisofbeldi ættingja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm karlar svívirtu börn:

## Grófu bréf um misnotkun

**BANDARÍKIN, AP** Lögregluyfirvöld í Missouri í Bandaríkjunum leita nú að glerkrukkum sem grafnar voru á sveitabæ einum og eru taldar innihalda frásagnir barna af grófu kynferðisofbeldi. Börnin og grunaðir ofbeldismenn þeirra, sem eru fimm talsins og hafa verið handteknir, eru úr sömu fjölskyldunni. Kona gaf sig fram við lögreglu og veitti upplýsingar um glæpina sem áttu sér stað á árunum 1988 til 1995.

Mennirnir hafa verið kærðir fyrir fjölda kynferðisglæpa og fyrir að neyða börn til að ganga í hjónaband og gangast undir fóstureyðingar. Fórnarlömb þeirra voru öll yngri en tólf ára. Lögregla útilokar ekki að lík muni finnast á landareigninni. - shá

### VESTMANNAEYJAR

**Áætlun að ganga eftir**

Fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2009 gengur að mestu eftir. Bæjarráð þakkar starfsmönnum og stjórnendum bæjarins þennan árangur. Áframhaldandi samstillt átak getur komið í veg fyrir auknar álögur og þjónustuskerðingu, segir í bókun ráðsins.

### LEIÐRÉTTING

Í frétt á síðu átta í Fréttablaðinu í gær var sagt að frestur til kröfulýsingar í þrotabú Glitnis rynni út 29. nóvember. Það er rangt. Hið rétta er að fresturinn rennur út 26. nóvember.

# Skatthlutfall yrði hæst um 41 prósent

**Verði hugmyndir um þrepaskiptan skatt að veruleika verður hæsta skatthlutfall rúm 41 prósent. Skattar á tekjur undir 330 þúsund krónum munu lækka. Verið er að útfæra skattatillögur sem verða lagðar fyrir ríkisstjórnarfund á þriðjudag.**

**FJÁRMÁL** Samkvæmt hugmyndum um þrepaskiptan tekjuskatt, sem hafa verið ræddar í fjármálaráðuneytinu, yrði skatthlutfall hæst rúmlega 41 prósent. Það mundi gilda fyrir þá sem væru með 1,6 milljónir á mánuði eða meira. Tekið skal fram að aðeins er um hugmyndir á viðræðustigi að ræða; ekkert hefur verið ákveðið.

Þetta sést ef rýnt er í tölur fyrirtækisins Datamarket, sem sett hefur tillögurnar upp á myndrænan hátt. Þar sést að þeir sem eru með 330 þúsund eða minna í mánaðarlaun munu greiða minna í skatt en þeir gera nú. Það mun gagnast um 11.200 hjónum.

Verði þrepatillögurnar að veruleika fer skattheimtan hækkandi í samræmi við launin. Þeir sem eru með 1,6 milljónir á mánuði greiða, samkvæmt tillögunum, þá rúmlega tveimur prósentum meira í skatt en samkvæmt núverandi kerfi.

Í þessum tölum er gert ráð fyrir að skatthlutfall af meðaltekjum nú sé 28 prósent, að teknu tilliti til persónuafsláttar. Þar við bætist útsvar, sem er mismunandi eftir sveitarfélögum.

Eiginlegt skatthlutfall þeirra sem eru með 400 þúsund á mánuði yrði 27,424 prósent, en er nú 26,649 prósent. Þeir sem eru með 500 þúsund krónur greiða nú 28,8 prósenta skatt, svo dæmi séu tekin.

Rétt er að taka fram að þær tillögur sem verið hafa í umræðunni eru aðeins hugmyndir á viðræðustigi. Ljóst er að ekki ríkir um þær sátt og er verið að semja á milli stjórnarflokkanna þar um. Stefnt er að því að klára þær um helgina. Þá verða þær lagðar fyrir Alþingi til umræðu. Í dag fer fram utandagskrárumræða á þingi að beiðni Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins.

Samkvæmt núverandi skattkerfi greiða þeir sem eru með yfir 730 þúsund á mánuði átta prósent aukalega í skatt á hverjar umfram 100 þúsund krónur. Það mun breytast eins og annað í kerfinu, þegar nýja kerfið tekur við; hvernig sem það verður.

kolbeinn@frettabladid.is




**SKATTÞREP Í ÝMSUM OECD-RÍKJUM 2006**

| | |
|---|---|
| Lúxemborg | 16 |
| Sviss | 14 |
| Portúgal | 7 |
| Frakkland | 6 |
| Bandaríkin | 6 |
| Finnland | 5 |
| Holland | 4 |
| Kanada | 4 |
| Bretland | 3 |
| Danmörk | 3 |
| Svíþjóð | 2 |
| Ísland | 2 |


**DMITRÍ MEDVEDEV** Hvetur þjóð sína til dáða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stefnuræða Medvedevs:

## Rússland þarf nútímavæðingu

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti segir að Rússland verði að nútímavæðast. Efnahagslífið megi ekki vera jafn háð hráefnisútflutningi og verið hefur heldur þurfi að tileinka sér nútíma hátækni.

„Virðing og velferð landsins getur ekki til eilífðar verið byggð á fortíðarafrekum,“ sagði hann í stefnuræðu sinni, sem hann las í gær. „Við getum ekki beðið lengur. Við verðum að hefja nútímavæðingu alls undirstöðuiðnaðar. Afkoma þjóðarinnar í heimi nútímans er undir því komin.“ - gb

Sjaldgæf sjón vísindamanna:

## Sáu ísjaka nálægt Ástralíu

**ÁSTRALÍA, AP Stór ísjaki sást frá Macquarie-eyju, sem er mitt á milli Nýja-Sjálands og Suðurskautslandsins í gær.**

**Vísindamenn voru að störfum á eyjunni þegar þeir sáu ísjakann. Mjög sjaldgæft er að ísjakar sjáist á þessum slóðum, þeir eru yfirleitt nær Suðurskautslandinu.**

**Vísindamennirnir telja að ísjakinn sé brot úr stórum ísjaka sem brotnaði frá Suðurskautslandinu á árunum 2000 til 2002. Talið er að hann muni bráðna hratt eftir því sem hann fer norðar, en þangað til getur skipum á svæðinu stafað hætta af honum. - þeb**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**HELGARHORFUR**
Það verður áfram heldur vindasamt hjá okkur um helgina. Á laugardaginn verður áttin norðaustlægari með slyddu norðantil og rigningu eystra. Á sunnudaginn verður nokkuð stíf og svöl norðanátt með éljum norðantil. Það verður einna bjartast suðvestanlands.




**Á MORGUN**
8-15 m/s, hvassast með ströndum landsins.

**SUNNUDAGUR**
Stíf norðanátt með norðurströndinni.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 11° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | 1° |
| París | 16° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# PÍTA MEÐ KALKÚNABOLLUM OG EPLA RAITA fyrir 4-6

*að hætti Rikku*

1 tsk Pottagaldra cumin
1 tsk Pottagaldra kóríanderduft
1/2 tsk kanill
1/2 tsk Pottagaldra allrahanda pimiento
1/4 tsk cayenne pipar
Salt og pipar
1 brauðsneið
1/2 rauðlaukur
1 hvítlauksrif
3 msk tómatmauk
Handfylli steinselja
1 egg
500 g Hvíti kalkúninn kalkúnastrimlar
Safi af ½ sítrónu
250 g spínat
1/2 rauðlaukur, sneiddur
8 litlir kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
8 pítubrauð

EPLA RAITA
200 g grískt jógurt
1/4 tsk kanill
1/4 tsk cayenne pipar
1/2 tsk salt
1/2 grænt epli, afhýtt og saxað
1 msk söxuð fersk mynta

Hitið ofninn í 180° C. Setjið kryddin, brauðið, hvítlaukinn, rauðlaukinn, tómatmaukið, steinseljuna og eggið í matvinnsluvél, blandið saman og setjið í stóra skál. Setjið kalkúnastrimlana í matvinnsluvélina og vinnið vel saman. Blandið saman kryddmaukinu og kalkúnakjötinu, mótið litlar bollur og raðið á pappírsklædda ofnplötu. Bakið í 25 mínútur. Blandið saman spínatinu, sítrónusafanum og ólífuolíunni.

Hrærið grísku jógúrtinu saman við kryddin og bætið eplabitunum og myntunni út í. Ristið pítubrauðin og fyllið þau með spínatinu, tómötum, rauðlauk, kalkúnabollunum og epla raita.

Kkal: 407/ 20% RDA
Prótín: 47 g / 94% RDA
Fita: 9.1 g / 14 % RDA
Kolvetni: 35 g / 12% RDA
A-vítamín: 2777 IU/ 56% RDA
B6-Vítamín: 1.1 mg/ 54% RDA
C-vítamín: 29 mg / 48% RDA
Járn: 4.6 mg / 25% RDA
* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Kjúklingabringur**
ferskar




**Nautafile**
Nautaat




**Hamborgarar með brauði**
4 stk. x 80 g




**Cajp´s lambalundir**

## NÝTT

Örbylgjukartöflur frá Frakklandi. Tilbúnar á 4-7 mín. Tilvaldar í forréttinn og sem meðlæti.




KYNNINGAR VERÐ 299 kr/pk.



JÓLABRAUÐ NÝBAKAÐ 239 kr/stk.




DR. MARTINS KÓKOSVATN 499 kr/stk.




JÓI FEL KÖKUDEIG 499 kr/pk.




EUROSHOPPPER VASAKLÚTAR 249 kr/pk.



HVÍTLAUKS BRAUÐ 149 kr/pk.



EUROSHOPPPER HVEITI 99 kr/pk.

**OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 15. nóvember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Formaður Matvís með yfirlýsingu vegna ummæla um svarta veitingastarfsemi:

# Gengst við óvönduðu orðalagi

**FÉLAGSMÁL** „Það var ekki meiningin hjá mér að setja alla veitingamenn undir sama hatt,“ segir Níels Sigurður Olgeirsson, formaður Matvæla- og veitingafélags Íslands, í yfirlýsingu vegna greinar um siðferði í fréttabréfi MATVÍS og ummæla í Fréttablaðinu.

Í Fréttablaðinu var meðal annars haft eftir Níelsi að „Reykjanesið sé svolítið sérstakt því það virðist vera eins og það sé regla hjá þeim að vera með mikið af svartri starfsemi í veitingabransanum“. Í kjölfar þessara ummæla og fleiri í sama dúr áttu Samtök ferðaþjónustunnar og veitingamenn á Suðurnesjum fund með Níelsi þar sem




FRÉTT BLAÐSINS FRÁ 13. OKTÓBER

óskað var eftir skýringum hans og kallað eftir afsökunarbeiðni.

Í yfirlýsingunni segist Níels hafa sett það sem skilyrði fyrir fundinum að tilgreint yrði fyrir hvaða veitingastaði fundarmenn væru fulltrúar, hver væri kennitala rekstraraðilans, sætafjöldi staðarins og lagður fram starfsmannalisti þar sem fram kæmi í hvaða stéttarfélag er borgað. Hluti hafi sent umbeðin gögn en önnur ekki.

„Þetta er að sjálfsögðu ekki alhæfing. Þar af leiðandi tel ég mig ekki skulda afsökunarbeiðni fyrir þessi orð,“ segir Níels um fyrrgreind ummæli í Fréttablaðinu. „Það að það finnist ekki veitingamenn á Reykjanesi sem séu með allt í lagi hjá sér er hins vegar villandi orðalag. Þeir eru að sjálfsögðu til, en erfiðlega gengur oft að finna þá því það er ekki alltaf gott að átta sig á því hvaða firma rekur veitingastarfsemina á hverjum tíma í viðkomandi veitingahúsi. Hafi þetta orðalag farið fyrir brjóstið á eftirtöldum fyrirtækjum biðst ég afsökunar á óvönduðu orðalagi af minni hálfu.“ - gar

Ungur drengur á Ísafirði:

## Brotnaði á skólalóðinni

**LÖGREGLUMÁL** **Tíu ára gamall drengur slasaðist talsvert á skólalóð Grunnskólans á Ísafirði á miðvikudag.**

**Drengurinn var í frímínútum þegar atvikið varð. Hann hafði verið að klifra upp á vegg sem er á milli Tónlistarskóla Ísafjarðar og íbúðarhúss við skólalóðina þegar hann datt og lenti illa. Hann handleggsbrotnaði við fallið.**

**Drengurinn var fluttur með sjúkrabíl á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Líðan drengsins er sögð góð miðað við aðstæður.** - þeb

KJÖRKASSINN



*Á fjármálastjóri KSÍ að segja af sér?*

| | |
|---|---|
| Já | 70,4% |
| Nei | 29,6% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að banna unglingum að nota ljósabekki?*

Segðu skoðun þína á visir.is — vísir

Nauðgunarmál:

## Tvö prósent enda með sakfellingu

**DÓMSMÁL** **Aðeins tvö prósent þeirra nauðgunarmála sem koma inn á borð Stígamóta og Neyðarmóttökunnar enda með sakfellingu. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.**

**Á árunum 2002 til 2006 leituðu um 1250 konur til Stígamóta eða neyðarmóttöku eftir að hafa verið nauðgað. 468 mál fóru til lögreglu og 156 þeirra komust inn á borð ríkissaksóknara. Af þeim 156 málum voru 105 látin niður falla. Því komust aðeins 51 mál fyrir héraðsdóm, og í 24 var sakfellt. Það þýðir að sakfellt var í einu af hverjum 52 nauðgunarmálum á þessum árum.** - þeb

MENNING

**Ljóð í þjóðgarði**

Í tilefni af degi íslenskrar tungu verða í dag afhjúpuð ljóð í þjóðgarðinum Snæfellsjökli og Vör Sjávarrannsóknarsetri í Ólafsvík við Breiðafjörð. Verkefnið kallast „Ljóð í náttúru“ og er samstarfsverkefni Varar, Þjóðgarðsins og Skógræktar ríkisins að Hreðavatni og er verkefnið styrkt af Menningarráði Vesturlands.

SJÁVARÚTVEGUR

**Fiskverð aldrei hærra**

Meðalverð á íslensku fiskmörkuðunum í október var 278 krónur kílóið sem er hið hæsta í einum mánuði frá upphafi starfsemi markaðanna. Næsthæst var mánaðarverðið í september síðastliðnum eða 237 krónur að meðaltali. Þetta er hækkun um sautján prósent. Meðalverð í október 2008 var 197 krónur. Hækkunin milli ára í október er 41 prósent.

# Fréttablaðinu dreift hringinn um landið

**Sala Fréttablaðsins á kostnaðarverði hefst í dag á stöðum þar sem blaðið hefur ekki verið fáanlegt undanfarið. Frídreifingin nær áfram til 85 prósenta landsmanna.**

Þau tímamót verða í dag að Fréttablaðið verður aðgengilegt mun víðar en verið hefur. Blaðið verður selt á kostnaðarverði hringinn í kringum landið, meðal annars á sölustöðum N1, Olís og Shell.

Að sögn Hannesar Hannessonar, framkvæmdastjóra Pósthússins, dreifingarfyrirtækis Fréttablaðsins, er að auki verið að vinna úr fjölmörgum fyrirspurnum frá verslunum sem hafa áhuga á að taka að sér dreifingu blaðsins.

„Við finnum líka fyrir miklum áhuga hjá einstaklingum og íþróttafélögum sem vilja taka að sér að safna áskriftum í sinni heimabyggð og bera út blaðið. Þeir sem vilja vita hvort slík þjónusta sé í deiglunni í sínum bæ geta kannað málið hjá Pósthúsinu í síma 585 8300.“

Fréttablaðinu verður áfram dreift frítt á helstu þéttbýlisstöðum suðvesturhornsins: á Reykjanesi, Akranesi, í Borgarnesi og Árborg, og áfram borið í hús á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Miðað við núverandi upplagstölur verður samdráttur í frídreifingu blaðsins um þrjú prósent af upplaginu en undirtektir við hugmyndir um lausasöluna á kostnaðarverði benda til að heildaráhrifin verði þau að upplagið aukist nokkuð frá því sem nú er. Frídreifing blaðsins nær til 85 prósenta landsmanna.

Að sögn Ara Edwald, útgáfustjóra Fréttablaðsins, eru breytingarnar á dreifingu blaðsins gerðar vegna efnahagsþrenginganna sem nú ganga yfir.

**Fréttablaðið á kostnaðarverði, sölustaðir**




- Fréttablaðið verður aðgengilegt um land allt.
- Blaðinu verður dreift frítt á svæði þar sem 85 prósent landsmanna búa.
- Um 97 prósentum af upplagi blaðsins verður dreift frítt.

Ari bendir á að auglýsingamarkaðurinn hafi dregist það mikið saman að hann standi ekki undir jafn stóru upplagi og jafn víðtækri dreifingu og áður, auk þess sem staða krónunnar hafi aukið pappírskostnað til muna.

„Hugsunin er að auglýsingamarkaðurinn standi undir föstum kostnaði blaðsins og dreifingu á kjarnasvæði sem er nógu stórt til að halda nægjanlegum auglýsingatekjum til að reka blaðið. En að bjóða blaðið á kostnaðarverði utan kjarnasvæðisins er valkostur við það að hætta dreifingunni,“ segir Ari.

Áfram verður hægt að fá Fréttablaðið í fullri áskrift utan hefðbundins dreifingarsvæðis. Það kostar 2.890 krónur á mánuði. Blaðið fæst frítt í rafrænni áskrift í tölvupósti, auk þess sem það er aðgengilegt ókeypis á visir.is.

Nýir sölustaðir á landsbyggðinni verða kynntir jafnóðum í blaðinu.




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

Tryggðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA – fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is


Eigandi sólbaðsstofu fagnar aldurstakmarki í ljósabekki en bendir á fleiri hættur:

# Sólarlönd skaðlegri en bekkir

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér líst mjög vel á þetta en það mætti kannski hafa þetta sextán ára,“ segir Ómar Ómarsson, eigandi Sólbaðsstofunnar Smart á Grensásvegi.

Í Fréttablaðinu í gær sagði frá því að heilbrigðisráðuneytið ætlaði að ráði Geislavarna ríkisins að koma á banni við því að ungmenni innan átján ára notuðu ljósabekki. Jafnvel ætti að takmarka notkun fullorðinna á ljósabekkjum.

Á Smart er þegar fimmtán ára aldurstakmark að sögn Ómars „Það bað okkur enginn um það heldur eru það einfaldlega okkar eigin reglur,“ segir Ómar. Aðspurður kveðst hann hins vegar telja „fullkomna vitleysu“ að takmarka aðgang fullorðins fólks að ljósabekkjum. „Fullorðinn einstaklingur á að geta valið sjálfur hvort hann fari í ljós eða ekki.“

Um hættuna sem stafar af ljósabekkjum segir Ómar að allt sé gott í hófi. „Menn ættu þá kannski að skoða takmarkanir á sólarlandaferðum. Við Íslendingar sjáum varla sólina í níu mánuði á ári en förum svo út í tvær vikur til þrjár og grillum okkur gjörsamlega. Það fer ekki ofboðslega vel með okkur og ljósabekkirnir eru ekki eins skaðlegir og það. Það mætti skoða hversu mikið sólarlandaferðir hafa aukist síðustu fimmtán árin ef menn eru svona hræddir við þessa útfjólubláu geisla. Þetta hafa Geislavarnir ekki þorað að ræða.“ - gar



**ÓMAR ÓMARSSON** Menn ættu að skoða sólarlandaferðir ef þeir eru hræddir við útfjólubláa geisla, segir eigandi Sólbaðsstofunnar Smart. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


15% afsláttur af 204 stk. NICOTINELL pakkningum



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Lyfjaval APÓTEK

Bílaapótek Hæðasmára Mjódd • Álftamýri

Lyfjaval.is • sími 577 1160




**1. SÆTI**
METSÖLULISTA BÓKABÚÐAR MÁLS OG MENNINGAR
**ALLAR BÆKUR**
6. NÓVEMBER

„Skemmtileg [...] Afar vel skrifuð [...] Ég mæli hiklaust með þessari bók.“
– www.pressan.is

– pressan.is

**Ævisaga séra Hjálmars Jónssonar** er full af gleði og húmor en hann hefur heldur ekki farið varhluta af myrkari hliðum tilverunnar, bæði í lífi og starfi. Hér segir hann frá æsku sinni í Tungunum og á Akureyri, prestskap í Húnavatnssýslu, Skagafirði og í Reykjavík og eftirminnilegum árum á Alþingi. Og að sjálfsögðu fylgir með landsfrægur kveðskapur hans!

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað telur Margrét Tryggvadóttir trufla störf þingsins öðru fremur?

2. Hve mikið fækkaði umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu á milli áranna 2007 og 2009?

3. Hvers lenskt er liðið sem handboltamennirnir Jóhann Gunnar Einarsson og Daníel Berg Grétarsson leika með nú um stundir?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 54

Beinta í Jákupsstovu fjallaði um breytta stöðu Færeyja í samfélagi þjóðanna:

# Færeysk utanríkismál í endurskoðun

**UTANRÍKISMÁL** Færeyingar þurfa að taka til endurskoðunar samskipti sín við erlend ríki og ríkjasambönd. Færeyska heimastjórnin hefur í þessum tilgangi sett á stofn nefnd sem horfir sérstaklega til sambandsins við Evrópusambandið, EFTA og önnur ríki Norður-Evrópu.

Þetta kom fram á fyrirlestri færeysku fræðikonunnar Beintu í Jákupsstovu í Norræna húsinu í hádeginu í gær. Beinta er dósent í stjórnmálafræði við Fróðskaparsetur Færeyja og Molde háskóla í Noregi. Nær húsfyllir var á fyrirlestrinum sem var á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskólans, Norræna hússins og ræðismannsskrifstofu Færeyja á Íslandi.



**FLYTUR ERINDI** Beinta hefur fjallað ítarlega um föðurland sitt Færeyjar í störfum sínum í háskólasamfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Beinta segir stöðu Færeyja svolítið sérstaka sem svæðis með takmarkaða sjálfstjórn en um leið eigin utanríkisstefnu. Utanríkisráðuneyti Færeyja var fyrst stofnað á síðasta ári. „Við komumst kannski í sömu veislurnar, en ekki endilega á sömu fundina,“ sagði hún um stöðu Færeyja í valdaskipulagi alþjóðlegrar utanríkisþjónustu.

Færeyjar standa fyrir utan alþjóðasamstarf, en Beinta segir ljóst að það gangi ekki lengur. „Við vorum svo smá að við fengum að fljóta með án þess að nokkur tæki eftir, en núna gætu önnur smáríki, eða sjálfstjórnarsvæði, farið að benda á fordæmi Færeyja og spyrja spurninga,“ segir hún. - óká

Átta mánaða fangelsi:

# Réðist á fyrrum konu og börn

**DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær mann í átta mánaða fangelsi, þar af sex skilorðsbundna, fyrir fjórar líkamsárásir gegn fyrrum sambýliskonu sinni og börnum hennar. Í eitt skipti réðst hann á hana á meðan hún hélt á ungum syni þeirra. Maðurinn neitaði sök í málinu.**

**Þá lengdi Hæstiréttur skilorð mannsins um helming, úr tveimur árum í fjögur ár. Honum er einnig gert að greiða konunni 300 þúsund krónur í bætur, syni hennar 120 þúsund og dóttur hennar 75 þúsund. Hann þarf einnig að greiða allan sakarkostnað.** - þeb

Þriðja stærsta borg Mexíkó:

# Ráku fjórðung lögreglumanna

**MEXÍKÓ, AP** Tæplega fjórðungur allra umferðarlögreglumanna í borginni Monterrey í Mexíkó hefur verið rekinn. Aðgerðirnar eru liður í því að útrýma spillingu í lögregluliði landsins.

Hinir brottreknu lögreglumenn stóðust ekki próf sem lögð voru fyrir þá. Prófin könnuðu líkamlegt og andlegt atgervi mannanna. Þeir þurftu einnig að gangast undir lyfjapróf.

276 lögreglumenn voru reknir eftir prófin og 526 var gert að bæta ráð sitt verulega. 340 lögreglumenn voru dæmdir hæfir til starfa.

Rúmlega eitt hundrað lögreglumenn í borginni hafa verið reknir vegna gruns um að tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. - þeb

Árshlutauppgjör í Bolungarvík:

# Hagnaðurinn 123 milljónir

**SVEITASTJÓRNARMÁL Bolungarvíkurkaupstaður var rekinn með 123 milljóna króna hagnaði fyrstu níu mánuði ársins. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri Bolungarvíkur, sem hefur verið lagt fyrir bæjarráð bæjarins.**

**Tekjur bæjarins á tímabilinu eru tólf milljónum meiri en gert var ráð fyrir, rekstrarkostnaður er á áætlun og fjármagnsgjöld 18 milljónum lægri en áætlað var.**

**Nettóskuldir bæjarins hafa minnkað um rúmar 100 milljónir og eru nú 970 milljónir króna.** - þeb

# Landssamtök lífeyrissjóða hafna fjármagnstekjuskatti

**Landssamtök lífeyrissjóða taka illa hugmyndum um fjármagnstekjuskatt. Framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins segir það illskárri kost en að breyta kerfinu með skatti á iðgjöld.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við tökum þessari hugmynd illa. Það myndi leiða til þess að lækka þyrfti lífeyri,“ segir Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, inntur eftir viðbrögðum við hugmyndum um að leggja á lífeyrissjóði tímabundinn fjármagnstekjuskatt.

Hugmyndinni hefur verið lýst sem valkosti við að skattleggja inngreiðslur iðgjalda í sjóðina í stað þess að skattleggja lífeyrisgreiðslurnar sjálfar, en sú leið hefur verið sögð erfið í framkvæmd og kalla á mikla uppstokkun á lífeyrissjóðakerfinu. Í nýjasta tölublaði efnahagsritsins Vísbendingar er reiknað út að tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti á lífeyrissjóðina gætu á næsta ári numið 25 milljörðum króna.

„Fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna mynda með öðru grunninn undir lífeyrisréttindi,“ áréttar Arnar og telur að jafnvel þótt fjármagnsskattur yrði tímabundinn þyrfti að skerða réttindi vegna hans, að minnsta kosti hvað varðaði lífeyrissjóði á almennum markaði, þótt öðru máli gætti um opinbera starfsmenn vegna samninga þeirra. „Við gerum okkur grein fyrir því að ríkið vantar tekjur, en í þessari leið felst mikil mismunun.“



ARNAR SIGURMUNDSSON



BENEDIKT JÓHANNESSON



GUNNAR BALDVINSSON

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, segir að það veiki lífeyrissjóðina að leggja á þá fjármagnstekjuskatt og dragi úr getu þeirra til að greiða lífeyri. Hann segir því eðlilegt að menn reyni að verja stöðu lífeyrissjóðanna eins og kostur sé.

„Auðvitað líst mér ekki vel á að fara að skattleggja lífeyrissjóðina. Af tvennu illu, frekar en að fara að breyta kerfinu, er þetta þó kannski illskárri kostur, svo lengi sem það er tímabundið.“ Gunnar setur þó fyrirvara við hugmyndir um að leggja fjármagnstekjuskatt á lífeyrissjóðina enda vanti alla útfærslu. Þannig sé hluti hagnaðar við uppgjör lífeyrissjóðanna oft óinnleystur, svo sem vegna veikingar krónunnar á þessu ári eða hækkunar á erlendum verðbréfum.

Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar, segir ljóst að allir skattar á lífeyrissjóði séu slæmir; kerfið hafi verið til mikilla heilla fyrir Íslendinga og það eigi að umgangast af virðingu. „En almenningur í landinu stendur nú frammi fyrir því að boðaðar hafa verið geysimiklar skattahækkanir og því er spáð að kaupmáttur minnki þess vegna um 16,5 prósent næsta ár. Með því dregur úr neyslu, atvinnuleysi eykst og endurreisnin tefst. Hætta er á að fólksflótti verði mjög mikill. Því leita menn leiða til þess að komast hjá þessu,“ segir hann og bendir á að þótt skattlagning á lífeyrissparnað sé ekki töfralausn sem búi til peninga úr engu sé kosturinn við fjármagnstekjuskattinn sá að hann komi jafnt við alla eigendur lífeyrissjóðanna.

„Ekki þarf að skerða réttindi, og utanumhald er tiltölulega einfalt. Og þótt bent hafi verið á að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna séu með ábyrgð eigenda er það annað mál og óháð þeim vanda sem þjóðin á í núna.“ olikr@frettabladid.is


FERSKAR KJÖTVÖRUR

**Skrifstofustarf**

Óskum eftir starfsmanni til almennra skrifstofustarfa starfið felst í símsvörun,reikningsgerð o.f.l.

Um er að ræða 100% starf.

Vinnutími frá kl. 8-16 virka daga

**Umsóknum skal skilað á netfang leifur@ ferskar.is eða á skrifstofu félagsins milli kl. 8-16 virka daga**

Umsóknarfrestur er til 16. nóv.

Æskilegur byrjunartími 1. des.

FERSKAR KJÖTVÖRUR


NLE skrifar undir samning við REVA um sölu og markaðssetningu rafbíla:

# Fyrsti rafbíllinn pantaður um 20 mínútum eftir undirskrift

**VIÐSKIPTI** Northern Lights Energy (NLE) og indverski rafbílaframleiðandinn REVA hafa skrifað undir samkomulag um sölu og markaðssetningu REVA-bíla hér og í Færeyjum. Undirritunin fór fram í sendiráði Indlands í gær.

„Í dag eru ellefu rafbílar á landinu. Við vorum að panta 100 í viðbót, sem við vonum að verði tekið vel þegar þeir koma undir lok næsta árs,“ segir Sturla Sighvatsson, framkvæmdastjóri NLE. Hann segist vongóður um að vel gangi, enda hafi fyrsta pöntunin borist um tuttugu mínútum eftir að tilkynnt var um samninginn við REVA í gær.

Gengisþróun ræður nokkru um á hvaða verði bílarnir verða þegar þeir berast, en Sturla segir það vera vel samkeppnishæft. „Þessir bílar verða á svipuðu verði og aðrir af sambærilegri stærð, svo sem Yaris-bílarnir frá Toyota.“

Þá áréttar hann að lítið sé að marka þær hugmyndir sem fólk hafi gert sér um rafmagnsbíla til þessa, að þeir séu pínulitlir og litnir hornauga í umferðinni. „Þetta eru alvörubílar, með loftpúðum, krumpusvæði, leðursætum og öðru sem við á.“



**RAUÐ OG GRÆN REVA** Rafbílarnir verða á svipuðu verði og aðrir bílar af sambærilegri stærð, svo sem Yaris-bílarnir frá Toyota. Framkvæmdastjóri NLE segir bílana alvöru; þeir séu með loftpúðum, krumpusvæði, leðursætum og öðru sem við á.

Nýju REVA-bílarnir voru frumsýndir á bílasýningunni í Frankfurt í september. Þeir eru fjögurra sæta og þrennra dyra. „Hámarkshraði er 104 kílómetrar á klukkustund og hægt er að komast 160 kílómetra á einni hleðslu.“ - óká

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*




LAMBALÆRI
FROSIÐ
**1.198** kr/kg

## *Frábær verð!*

GRÍSA MÍNÚTUSTEIK


**985** kr/kg
áður 1.698 kr/kg

GRILLBORGARAR
4 stk. M/BRAUÐI


**395** kr/pk.
áður 659 kr/pk.

LAMBALÆRISSNEIÐAR
FROSNAR


**1.998** kr/kg

LAMBAFILLET
M/FITU


**2.998** kr/kg

LONDONLAMB


**1.259** kr/kg
áður 2.099 kr/kg

BACON


**1.154** kr/kg
áður 1.649 kr/kg

ÝSA Í RASPI
EKTAFISKUR


**898** kr/kg
áður 1.137 kr/kg

CHICAGO TOWN PIZZUR
EDGE TO EDGE, ÝMSAR TEG.


**396** kr/stk.
áður 489 kr/stk.

KARTÖFLUR
2kg


**179** kr/pk.

GULRÆTUR
FERSKAR MINI, 453g

**198** kr/pk.
áður 395 kr/pk.

APPELSÍNUÞYKKNI
COOP, 2l


**197** kr/stk.
áður 298 kr/stk.

TELJÓS CAROLINA
30 stk.


**148** kr/pk.
áður 259 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Tilboðin gilda 13. - 15. nóvember eða meðan birgðir endast

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær


www.markhonnun.is
Birt með fyrirvara um prentvillur



**SKRAUTLEGIR LAMPAR** Þessa dagana stendur yfir í Suður-Kóreu ljósahátíð mikil, og hafa lampagerðarmenn keppst við að útbúa sem skrautlegust ljósfæri af því tilefni. NORDICPHOTOS/AFP

Maður á þrítugsaldri ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni:

# Gekk berserksgang gegn lögreglu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann á þrítugsaldri fyrir að ganga berserksgang gegn lögreglu.

Manninum er gefið að sök að hafa á Hellissandi í september valdið óspektum á almannafæri sökum ölvunar. Hann hafi opnað og reynt að opna hurðir á lögreglubifreiðum, barið með höndunum á ytra byrði lögreglubifreiðar og stuttu síðar hrifsað einkennishúfu af höfði lögreglumanns.

Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa skömmu síðar ráðist með ofbeldi að öðrum lögreglumanni, sem var við skyldustörf, með því að skalla hann í andlitið svo hann hlaut sár á neðri vör vinstra megin og bólgnaði mikið.

Loks er manninum gefið að sök að hafa eftir þetta, í lögreglubifreið á leið frá Útnesvegi að lögregluvarðstofunni í Ólafsvík, ráðist með ofbeldi og hótunum að lögreglumanni og ítrekað reynt að skalla hann. Lögreglumaðurinn náði að víkja sér undan höggunum. Þá hafði maðurinn í frammi hótanir um að valda lögreglumanninum líkamstjóni síðar og fá til þess aðra menn til liðs við sig.

Maðurinn játaði fyrsta lið ákærunnar þegar málið var þingfest, en neitaði sök í hinum tveim. **- jss**



**LÖGREGLAN** Manninum er gefið að sök að hafa ráðist bæði á lögreglubíla og lögreglumenn.

Kosningar í Kaupmannahöfn:

# Íslensk kona í framboði

**FÓLK Íslensk kona, Iðunn Haraldsdóttir, er í framboði fyrir Einingarlistann í Kaupmannahöfn í dönsku sveitarstjórnarkosningunum.**

**Iðunn, sem er 26 ára gömul, hefur sent út kosningabækling á Netinu þar sem hún hvetur Íslendinga með kosningarétt í Kaupmannahöfn til þess að nýta atkvæðisrétt sinn.**

**Enhedslistinn er rauð-grænt framboð og er í ætt við Vinstrihreyfinguna – grænt framboð hér á landi.**

**Kosningarnar fara fram hinn 17. nóvember næstkomandi.**

Innherjamál í rannsókn:

# Vildi stöðva skoðun FME á tölvupósti

**KÆRUMÁL** Persónuvernd hefur hafnað kæru manns sem vildi banna Fjármálaeftirlitinu (FME) að skoða tölvupóst sinn.

Kærandinn starfar hjá fyrirtæki, sem FME hefur til rannsóknar vegna gruns um brot á ákvæðum laga um birtingu innherjaupplýsinga. Kærandinn vildi að Persónuvernd stöðvaði FME í að skoða póstinn þar sem honum hefði sjálfum verið neitað um að vera viðstaddur skoðunina.

Í niðurstöðu Persónuverndar kemur fram að skoðun póstsins hafi verið liður í rannsókn FME á lögbroti sem getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Vegna þessa hafi Persónuvernd ekki valdheimildir til þess að stöðva skoðun FME á póstinum. **- pg**

Geðlæknirinn í Fort Hood:

# Ákærður fyrir þrettán morð

**BANDARÍKIN Nidal Hasan, sem gekk berserksgang í herstöð í Fort Hood í Texas í síðustu viku, hefur verið ákærður fyrir þrettán morð. Frá þessu var greint í gær.**

**Rannsókn málsins stendur enn yfir og er líklegt að fleiri ákærur bætist við. Hasan er enn á sjúkrahúsi með skotsár. Hann er sagður hafa skotið þrettán manns til bana; tólf hermenn og einn óbreyttan borgara. Tugir til viðbótar særðust og eru tólf enn á sjúkrahúsi.**

**Hasan starfaði sem geðlæknir í hernum. Alríkislögreglan telur að hann hafi verið einn að verki og sé ekki hluti af stærra hryðjuverkaneti. - þeb**

# Samfélagið krufið og skilgreint upp á nýtt

**1.500 manns er stefnt til þjóðfundar í Laugardalshöll á morgun. Spurt verður um lífsgildin og meginstoðir samfélagsins endurmótaðar. Færa á þjóðfélagsumræðuna úr þröngum farvegi stjórnmála og hagsmuna og horfa fram á veginn.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Hvaða lífsgildi eiga að vera okkur leiðarljós í þróun samfélagsins?“

Þannig verður spurt á þjóðfundinum í Laugardalshöll á morgun. Í framhaldinu verður rætt um meginstoðir samfélagsins, eins og velferðar- og menntakerfi, atvinnuskapandi umhverfi, regluverk og fleira og með hvaða hætti hægt er að endurmóta þær í samræmi við lífsgildin sem lögð hafa verið til grundvallar.

Mat aðstandenda þjóðfundarins er að í endurreisnarstörfum síðustu mánaða hafi – hugsanlega óhjákvæmilega – verið horft þröngt á aðkallandi verkefni og unnið innan þröngs tímaramma. Þjóðfundurinn gefi hins vegar færi á að lyfta umræðunni upp úr einstökum viðfangsefnum, horfa lengra fram og hlusta á visku þjóðarinnar án þess að hún komi í gegnum síu stjórnmálaflokka eða hagsmunasamtaka. Standa vonir þeirra til að út úr fundinum komi sameiginlegt gildismat og framtíðarsýn, auk ótal hugmynda um endurreisn Íslands.

Undirbúningur hefur staðið þrotlaust síðustu vikur og mánuði og hefur fjöldi fólks komið að verkinu. Allir utan einn vinna í sjálfboðavinnu en verkefnið nýtur stuðnings margra, einkaðila og opinberra.

Fundinum er ætlað að ná athyglinni af smáatriðum og skammtímalausnum og yfir á framtíðarsýn þjóðarinnar. Horfa á hærra og lengra og búa til raunverulega umræðu um framtíð Íslands – eins og segir í upplýsingum.



**MAURAÞÚFAN** Fólk hefur varið degi og nótt í undirbúning þjóðfundarins sem fram fer í Laugardalshöll á morgun. Framkvæmdastjórnin hittist á fundi í hádeginu í gær og fór yfir stöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRAMKVÆMD ÞJÓÐFUNDARINS

- 1.200 fundarmenn voru valdir handahófskennt úr þjóðskrá og 300 fulltrúum stofnana og samtaka er boðið til fundarins.
- Fundarmönnum verður raðað á níu manna borð. Borðin verða 162.
- Rætt verður um lífsgildi og endurmótun meginstoða samfélagsins með kerfisbundnum hætti.
- Úr á að verða framtíðarsýn byggð á skýrum grunngildum. Skilgreina á nauðsynlegar áherslur, markmið og verkefni til að tryggja skilvirkan farveg fyrir breytingar og aðgerðir sem ráðast þarf í.
- Gengið er út frá því að þátttakendur skuldbindi sig til þess að taka mark á niðurstöðum og fylgja þeim eftir.
- Áætlaður kostnaður við þjóðfundinn er 27 milljónir. Fjölmargir aðilar; ríkisstjórn, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og einstaklingar, hafa lagt sitt af mörkum. Ríkisstjórnin lagði verkefninu til sjö milljónir króna.

*Hópurinn sem stendur að baki fundinum kallar sig Mauraþúfuna. Í honum eru Þorgils Völundarson, Guðjón Már Guðjónsson, Halla Tómasdóttir, María Ellingsen, Lárus Ýmir Óskarsson, Bjarni Snæbjörn Jónsson, Svandís Svavarsdóttir, Gunnar Jónatansson, Haukur Ingi Jónasson, Sigrún Þorgeirsdóttir, Ólafur Stephensen, Benjamín Axel Árnason, Guðfinna Bjarnadóttir og fleiri.*

Vonir standa til að niðurstöður þjóðfundarins liggi fyrir strax annað kvöld eða snemma á sunnudaginn og getur fólk kynnt sér þær á thjodfundur2009.is.

**bjorn@frettabladid.is**



**ALLT KLÁRT** Jón Gerald Sullenberger verður með um fjörutíu starfsmenn í nýju versluninni. FRÉTTABLAÐIÐ STEFÁN

Ný verslun í Kópavogi:

# Jón Gerald opnar Kost

**VERSLUN** „Þetta er pallabúð,“ segir Jón Gerald Sullenberger, sem opnar á morgun nýja verslun, sem heitir Kostur, á Dalvegi 4 í Kópavogi.

„Við verðum með fullt af nýjum vörum; kjöt, ávexti, grænmeti, bækur og alls konar spennandi vörur á góðu verði,“ segir Jón Gerald.

Hann kveðst gera sitt besta til að verða samkeppnishæfur við stóru verslanirnar á markaðnum. „Við erum bara með eina búð og það er erfitt að keppa við risana en við reynum okkar besta.“

Um fjörutíu manns starfa í versluninni og verður opið alla daga frá 11 til 18.30. **- pg**

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Fjórir á gjörgæslu

28 manns eru nú á Landspítalanum með svínaflensuna, þar af eru fjórir á gjörgæslu. Þrír sjúklingar voru útskrifaðir í gær. Þetta kom fram í tilkynningu frá farsóttanefnd spítalans í gær.

**GRINDAVÍK**

### Síðasti fundur bæjarstjóra

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir er hætt sem bæjarstjóri í Grindavík. Hún tekur við sem sóknarprestur í Kolfreyjustaðarprestakalli um næstu mánaðamót.






Palestínustjórn íhugar að hætta við forsetakosningar:

# Abbas gæti setið áfram

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, gæti hæglega setið áfram í embætti ótímabundið þrátt fyrir að hafa lýst því yfir að hann ætli ekki að bjóða sig fram í kosningunum í janúar.

Kjörstjórn Palestínustjórnar lagði nefnilega til í gær að hætt yrði við kosningarnar. Abbas þarf þó að gefa samþykki sitt til þess, en þarf þá heldur ekki að hætta við að hætta við framboð til að geta setið áfram.

Engin von virðist til þess að friðarviðræður við Ísraela geti haldið áfram á næstunni. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti reyndi þó í gær að hvetja Abbas til að hefja friðarviðræður á ný.

Abbas hefur ítrekað sagt að ekki komi til greina að halda áfram friðarviðræðum meðan Ísraelar haldi áfram uppbyggingu og framkvæmdum á landtökusvæðum. Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hefur sömuleiðis ítrekað neitað að fallast á að stöðva þær framkvæmdir.

„Við gerðum það sem ætlast var af okkur,“ sagði Abbas í gær, þegar Palestínumenn minntust þess að fimm ár eru liðin frá því að Jasser Arafat, forveri Abbasar, lést. „En við horfum upp á Ísraela taka frá okkur land og reisa þar byggðir.“ **- gb**



**SAEB EREKAT** Aðalsamningafulltrúi Palestínustjórnar á fundi með utanríkisráðherrum arabaríkjanna í Kaíró. NORDICPHOTOS/AFP

# lifum

HÚSGÖGN & GJAFAVARA

# Full búð af nýjum vörum
# Bjóðum 30% afslátt til jóla!



HEIMA HÚSIÐ

heima mood lifum

OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16, SUNNUDAGA (TIL JÓLA) 13-16

SÍÐUMÚLA 30 - 108 REYKJAVÍK - 562 4242



**HEIMSMET** Tufiq Daher fær þarna viðurkenningu frá Heimsmetabók Guinness fyrir að hafa búið til stærsta Eiffel-turn heims úr eldspýtum. NORDICPHOTOS/AFP

Skortur á verkjalyfjum hjá framleiðendum:

# Íbúfen ófáanlegt án lyfseðils

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er mest selda verkjalyfið og það er frekar óheppilegt að það vanti,“ segir Magnús Steinþórsson, rekstrarstjóri Lyfjavers, en Íbúfen, mest selda verkjalyf landsins hefur verið ófáanlegt án lyfseðils undanfarið frá báðum framleiðendum.

Magnús segir að þær umbúðir af verkjalyfinu, sem algengast er að fólk kaupi, 400 mg styrkleiki í 30 stykkja umbúðum hafi verið ófáanlegar, bæði frá Actavis og frá Portfarma, sem selur samheitalyfið Íbúprófen. Hann segir að eitthvað sé nú til af 600 mg styrkleika, en það er ekki selt án lyfseðils. „Menn hafa getað bjargað sér, það eru til önnur lyf eins og Voltaren og Nabroxen,“ segir Magnús.




**VERKJALYF** Íbúfen í 400 mg styrkleika hefur verið illfáanlega í apótekum undanfarið.

Hann segir ekki hægt að tengja þennan skort við flensufaraldurinn enda noti flensusjúklingar frekar hitalækkandi lyf eins og Paracetamol.

Hjördís Árnadóttir, hjá Actavis, segir að tafir hafi orðið á afhendingu lyfjanna frá birgjum. Þess vegna hafi vantað ákveðnar stærðir af pakkningum, sem seldar eru án lyfseðils. Málið sé þó að leysast, verið er að dreifa litlum skömmtum til apóteka og framboðið verður komið í eðlilegt horf eftir nokkrar vikur.

Paracetamol-verkjastílar fyrir börn hafa verið ófáanlegir um tíma í 125 mg styrkleika, að sögn Magnúsar. Hjördís segir að sá skortur sé úr sögunni því lyfið er komið til landsins og í dreifingu. - pg

Hreinsun gekk vel:

## Jarðsprengjur í sjötíu löndum

**GENF, AP Jarðsprengjur kostuðu meira en 1.260 manns lífið á síðasta ári, að því er fram kemur í ársskýrslu samtaka sem nefnast International Campaign to Ban Land Mines.**

**Samtökin segja vinnu við að hreinsa jarðsprengjur úr jarðveginum hafa gengið vel á síðasta ári. Undanfarin tíu ár hafi tekist að hreinsa samtals 3.200 ferkílómetra svæði í 90 löndum af jarðsprengjum. Þetta er fjórum sinnum stærra svæði en Vatnajökull.**

**Enn er þó eftir að hreinsa álíka stórt svæði í 70 löndum með jarðsprengjum.** - gb

Týndir eða stolnir minnislyklar:

## Hlýða boði um sjálfseyðingu

**UPPLÝSINGATÆKNI** Hægt er að senda stolnum eða týndum USB-minnislyklum skipun yfir internetið um að eyðileggjast, með nýrri tækni sem fyrirtækið Cryptzone kynnti í gær.



**MINNISLYKILL**

Tæknin nefnist Secured eUSB og segir í tilkynningu fyrirtækisins að líkja megi þessu við að senda tækjunum „drápspillu“.

Notandi eða tæknistjóri getur þá ýmist læst eða eytt gögnum af minnislykli þótt honum hafi verið stolið eða hann týnst, hvar sem hann er síðar settur í samband við nettengda tölvu. Með þessu kveðst fyrirtækið svara kröfum margra fyrirtækja og stofnana um aukið gagnaöryggi. - óká

# Þverpólitísk sátt um aukin framlög til dómskerfisins

**Þingmenn allra flokka eru sammála um að niðurskurður til dómstóla sé ótækur. Hæstiréttur og dómstólaráð segja mikið álag fram undan. Þingmaður Sjálfstæðisflokks undrast forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.**

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka eru sammála um að ótækt sé að skera niður fjárframlög til dómstólanna. Fyrirséð er að álag á þá mun aukast stórum vegna bankahrunsins og ógjörningur fyrir þá að anna verkefnum við knappari kost en nú er.

Rætt var um fjárhagsstöðu dómstólanna utan dagskrár á þingi í gær.

Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, upplýsti að sér hefðu borist bréf frá Hæstarétti og dómstólaráði þar sem áhyggjum af niðurskurði væri lýst. Á báðum vígstöðvum hefði málum fjölgað mjög á síðustu árum og stórfelld fjölgun blasti við í ljósi bankahrunsins og tengdra mála.

Sagðist hún hafa lagt til að fjárveitingar til dómstólanna yrðu auknar frá því sem áður var ákveðið.

Ólöf Nordal, Sjálfstæðisflokki, sem hóf umræðuna, sagði skjóta skökku við að auka framlög til rannsókna, til dæmis til sérstaks saksóknara og saksóknara bankamála, og skera á sama tíma niður fjárveitingar til dómstóla. Furðaði hún sig jafnframt á þeirri forgangsröðun ríkisstjórnarinnar að veita 400 milljónir til stjórnlagaþings á meðan staða dómstólanna er bág.



**SAMMÁLA** Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra og Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, eru sammála um að veita beri aukið fé til dómstóla svo þeir geti sinnt þeim fjölda mála sem fyrirséð er að þeim berist næstu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Samfylkingunni, sagði tíu prósenta hagræðingarkröfu ríkisstjórnarinnar í málaflokkum fangelsa, löggæslu og dómstóla mistök og kvaðst vonast til að breyting yrði á við meðferð fjárlaga í þinginu.

Fjölmargir þingmenn lýstu sig sammála þessu sjónarmiði; Vigdís Hauksdóttir Framsóknarflokki sagði arfavitlaust að skera niður í dómskerfinu, Atli Gíslason VG sagði ekki hjá því komist að efla dómstólana og Birgitta Jónsdóttir Hreyfingunni sagðist styðja aukin framlög til þeirra.

Birgir Ármannsson Sjálfstæðisflokki kallaði bréf dómstólanna til dómsmálaráðherra neyðarkall sem þyrfti að bregðast við. Róbert Marshall Samfylkingunni spurði á hinn bóginn hvert sjálfstæðismenn ætluðu að sækja peninga til að svara því neyðarkalli. Sagði hann um leið að undarlegt væri að sjálfstæðismenn hefðu nú áhyggjur af málinu þar sem þeir hefðu um árabil farið með málefni dómstólanna. Ólöf Nordal svaraði því til að holskefla mála hefði komið öllum í opna skjöldu, enginn vegur hefði verið að búa sig undir það.

bjorn@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL**

### Ný efnahagsspá OECD

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) birtir á fimmtudagsmorgunn 19. nóvember nýjustu efnahagsspá sína fyrir helstu hagkerfi heims. Jørgen Elmeskov, starfandi aðalhagfræðingur OECD, kynnir spána á blaðamannafundi í París.


Húsfélagaþjónusta Kaupþings
sparar þér tíma og fyrirhöfn

- Ekkert mánaðargjald
- Öflugur netbanki
- Fullkomið rekstraryfirlit
- Einföld innheimta
- Þinn þjónusturáðgjafi
- Félagatal og greiðslustaða

Nánar á www.kaupthing.is/husfelag

Komdu í viðskipti með húsfélagið þitt. Sendu fyrirspurn á husfelag@kaupthing.com - hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibú. Starfsfólk Kaupþings tekur vel á móti þér og veitir allar nánari upplýsingar.

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 47733 11/09






**AFHENDING** Fulltrúar Breytenda afhentu umhverfisráðherra undirskriftir á íspinnaprikum í líki hvirfilbyls.

Táknræn afhending:

## Undirskriftir á íspinnaprikum

**MÓTMÆLI** Fulltrúar Breytenda, ungliðahreyfingar Hjálparstarfs kirkjunnar, afhentu Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra undirskriftir sem safnað hafði verið á íspinnaprik. Tilgangurinn var að vekja athygli á því að hlýnun jarðar væri mannréttindamál.

Prikunum hafði verið raðað upp í skúlptúr í líki hvirfilbyls, sem tákn um þann vanda sem að jörðinni steðjar sé ekkert að gert. Breytendur krefjast þess að stjórnvöld skilgreini stöðu flóttamanna undan hlýnun jarðar og viðbrögð Íslands við þeim sem hér kunna að leita hælis. - kóp

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### 78 keyrðu of hratt

Tæp 30 prósent ökumanna sem óku um Borgarveg í Reykjavík á miðvikudag fóru of hratt. Lögreglan mældi hraða í eina klukkustund og keyrðu 78 af 267 ökumönnum of hratt.




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM

**ALLUR** barnafatnaður
og **ÖLL LEGO** leikföng



# TAX FREE DAGAR

*Allur barnafatnaður og Lego leikföng*

**ÖLL LEGO LEIKFÖNG!**
Öll Lego leikföng án virðisaukaskatts 12.-15. nóvember.

**ALLUR BARNA FATNAÐUR!**
Þú færð allan barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og nátttföt án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# TAX FREE DAGAR



NÝTT KORTA TÍMABIL

Dagana 12.-15. nóvember afnemum við VSK af ÖLLUM BARNAFATNAÐI OG LEGO LEIKFÖNGUM.

Þú færð allan barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur, nátttföt og Lego leikföng án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. nóvember 2009.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafi samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi ehf | **Neskaupstaður** | Olís |
| **Baula** | Verslun | **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Blönduós** | N1 | **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| | Potturinn og pannan | **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Dalvík** | N1 – Olís | **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Egilsstaðir** | N1 | **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| **Eskifjörður** | Shell skáli | **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli |
| | Kría veitingastaður | **Siglufjörður** | Olís |
| **Fellabær** | Olís | **Skagaströnd** | Olís |
| **Hella** | Olís | **Staðarskáli** | N1 |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1 | **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli | **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Hvolsvöllur** | N1 | **Vestm.eyjar** | N1 |
| **Höfn** | N1 – Olís | **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Ísafjörður** | N1 | **Vík** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker | **Vopnafjörður** | N1 |
| **Laugarvatn** | Tjaldmiðstöðin | **Þórshöfn** | N1 |

**Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.**




**Allt sem þú þarft...**


Vinnubrögð við rannsóknir á stærð og ástandi síldarstofnsins tókust vel:

# Samstarf skilaði síldarkvóta

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Vilhjálmur Vilhjálmsson, deildarstjóri uppsjávarsviðs HB Granda, segir samstarf sjávarútvegsráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunar og fyrirtækja í rannsóknum á síldarstofninum í haust hafa tekist ákaflega vel. Hann telur samstarfið hafa lagt grunninn að því að gefinn var út byrjunarkvóti á dögunum.

„Það má fullyrða að samstarfið hafi leitt til þess að þó þetta aflamark var gefið út. Fimmtán þúsund tonna rannsóknarkvótinn, sem ráðuneytið gaf út, gerði útgerðarfyrirtækjunum og Hafrannsóknastofnun kleift að fara í útbreiðslukönnun og síðan í stofnmælingu sem staðfesti að stofninn var mun stærri en síðustu tvær mælingar bentu til,“ segir Vilhjálmur.

Samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðherra var gefinn út fjörutíu þúsund tonna byrjunarkvóti í íslensku sumargotssíldinni. Koma alls um 4.500 tonn í hlut skipa HB Granda. Að sögn Vilhjálms veiddu skip félagsins um 18.200 tonn á síðustu vertíð.

Vilhjálmur segir ástæðu til að hafa miklar áhyggjur af sýkingunni í síldinni og rannsóknum á henni, útbreiðslu og afleiðingum sé hvergi nærri lokið. Vilhjálmur vill ekki útiloka að hægt verði að auka við kvótann síðar í vetur. **- shá**



**SÍLD MOKAÐ UPP** Skipin voru við veiðar upp í harðalandi í fyrra og útsýnið á kvöldgöngunni óviðjafnanlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á LEIÐ TIL AFGANISTANS?** Bandarískir hermenn gengu fylktu liði í New York á miðvikudag, þegar minnst var loka fyrri heimsstyrjaldarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Bandaríkjastjórn hikar í Afganistan

**Sendiherra Bandaríkjanna í Afganistan varar við fjölgun í herliði Bandaríkjamanna í landinu. Obama hafnaði á miðvikudag öllum tillögum herforingja sinna um framhald hernaðar í Afganistan. Efasemdir um Karzai forseta.**

**AFGANISTAN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur enn ekki tekið ákvörðun um hvort fjölgað verði í herliði Bandaríkjamanna í Afganistan.

Í sumar sagði bandaríski hershöfðinginn Stanley McChrystal, sem er yfirmaður fjölþjóðaliðs NATO og Bandaríkjanna í Afganistan, nauðsynlegt að fá fjörutíu þúsund bandaríska hermenn til landsins í viðbót við þá sem fyrir eru. Að öðrum kosti væri engin von til þess að sigur næðist í baráttu við talibana og aðra uppreisnarhópa.

Nú stígur hins vegar Karl Eikenberry, sendiherra Bandaríkjanna í Kabúl, fram og segir mesta óráð að senda fleiri hermenn til Afganistans. Eikenberry er fyrrverandi herforingi og var um tíma yfirmaður fjölþjóðaliðs NATO og Bandaríkjanna í Kabúl. Hann hefur síðustu daga sent hvert bréfið á fætur öðru til stjórnvalda í Washington þar sem hann segir allt of mikla óvissu ríkja um stöðu og áform Hamids Karzais forseta til þess að verjandi sé að veita honum frekari stuðning. Karzai hafi engan veginn sýnt fram á getu sína til þess að ráðast gegn spillingu í stjórn sinni.

Eikenberry telur einnig að fjölgun bandarískra hermanna í Afganistan geri Afgana enn háðara Bandaríkjunum, sem væri í andstöðu við öll markmið um að hjálpa þjóðinni til sjálfstæðis.

Á miðvikudag átti Obama fund með hópi yfirmanna úr hernum, „stríðsráði“ sínu svonefndu, þar sem þeir kynntu fyrir honum fjórar tillögur að framhaldi aðgerðanna í Afganistan. Snerust þær allar um að fjölga hermönnum, en þó mismikið. Vonast hafði verið til að þetta yrði lokafundur Obamas með stríðsráðinu áður en hann tæki ákvörðun, en hann hafnaði öllum tillögunum.

Efasemdir Eikenberrys um Karzai eiga hljómgrunn meðal bandarískra ráðamanna. Í gær sagðist Hillary Clinton utanríkisráðherra hafa áhyggjur af „spillingu, skorti á gegnsæi, lélegu stjórnarfari og vanburða réttarríki“ í Afganistan.

Karzai tekur í næstu viku formlega við öðru kjörtímabili sínu sem forseti. Mótframbjóðandi hans, Abdullah Abdullah, dró framboð sitt til baka áður en önnur umferð kosninganna átti að fara fram, meðal annars vegna efasemda um réttmæti kosninganna. **gudsteinn@frettabladid.is**

Nýr listi tímaritsins Forbes yfir valdamesta fólk heims:

# Fíkniefnabarón er á listanum

**MEXÍKÓ, AP** Mexíkóski fíkniefnabaróninn Joaquin „El Chapo“ Guzman Loera er í 41. sæti á nýjum lista tímaritsins Forbes yfir 67 valdamestu einstaklinga veraldar.

Guzman hefur verið á flótta síðan hann strauk úr fangelsi í Mexíkó árið 2001 og er talinn í felum í fjalllendinu norðan til í Mexíkó. Hann er einnig eftirlýstur í Bandaríkjunum. Þetta er í fyrsta sinn sem áhrifamikill glæpamaður er settur á þennan lista.

Guzman er ofar á listanum en forsetar á borð við Dmitrí Medvedev í Rússlandi, Nicolas Sarkozy í Frakklandi og Hugo Chavez í Venesúela.

Í grein í tímaritinu segir að staðsetning Guzmans á listanum sé ekki hugsuð sem endanleg niðurstaða, heldur upphaf að umræðu: „Eiga fyrirlitlegir glæpamenn á borð við mexíkóska milljarðamæringinn og fíkniefnabaróninn Joaquin Guzman,“ spyr tímaritið, „yfirleitt heima á þessum lista?“

Í mars síðastliðnum setti tímaritið Guzman í 701. sætið á lista sínum yfir auðugustu menn veraldar. Auður hans er talinn nema um einum milljarði Bandaríkjadala.

Íbúar Mexíkó eru þó ekki allir undrandi: „Eiturlyfjasalar hafa alltaf verið áhrifamiklir,“ segir lesandi frá Mexíkó í athugasemd á vefsíðu Forbes. **- gb**



**JOAQUIN „EL CHAPO“ GUZMAN LOERA** Þrettán ára gömul mynd af milljarðamæringnum sem felur sig í fjöllum Mexíkó. NORDICPHOTOS/AFP


Jól 2009
Vorum að taka upp
dásamlegar jólavörur...
Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934
Dömuverzlun Laugavegi 7 sími 5526066
www.andersenlauth.com

**FRÉTTASKÝRING:** Bólusetning við svínaflensu

# Fimmtíu þúsund bólusettir við svínaflensu

**Nær fimmtíu þúsund einstaklingar hafa verið bólusettir við svínaflensu af þeim sjötíu þúsund sem voru í forgangshópi hér á landi. Landlæknir telur hátt í fimmtíu þúsund Íslendinga hafa fengið flensuna og miðað við það er þriðjungur þjóðarinnar kominn með vörn gegn svínaflensu.**



**BÓLUSETT Á LANDSPÍTALANUM** Frá og með næsta mánudegi getur almenningur pantað sér tíma í bólusetningu við svínaflensunni, sem hefst svo viku síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvö hundruð þúsund Íslendingar eru enn óvarðir fyrir svínaflensunni sem geisað hefur undanfarið og segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir stefnuna setta á að bólusetja alla Íslendinga eldri en sex mánaða. Frá og með næsta mánudegi stendur almenningi til boða að panta tíma í bólusetningu og ráðleggur Haraldur fólki eindregið að gera það. „Svínaflensan virðist að sönnu hafa náð hámarki sínu hér á landi í bili en heimsfaraldur inflúensu gengur í bylgjum og það er öruggt að hún kemur aftur,“ segir Haraldur, sem vonast eindregið til þess að þegar flensan komi aftur til Íslands verði menn hennar ekki varir vegna þess að þjóðin verði búin að láta bólusetja sig við henni.

Í fyrsta markhópi bólusetningar á Íslandi var annars vegar fólk í áhættuhópi flensunnar, það er að segja þeir sem eru líklegri en aðrir til þess að veikjast alvarlega fái þeir flensu. Það er fólk með undirliggjandi sjúkdóma, barnshafandi konur og offitusjúklingar. Hins vegar voru í þessum fyrsta markhópi heilbrigðisstarfsfólk, lögregla, björgunarsveitir, slökkviliðsmenn og sjúkraflutningamenn.

Þessi hópur telur um sjötíu þúsund manns hér á landi og hafa um sjötíu prósent hans, um fimmtíu þúsund manns, verið bólusett frá því að bólusetningin hófst hér á landi í október. Ekki hefur verið haldið utan um það hvernig einstaka hópar í þessum fyrsta markhópi skila sér í bólusetningu; til þess hefur ekki verið mannafli hjá landlæknisembættinu, sem heldur utan um skráningu tilfella og upplýsingar um svínaflensufaraldurinn hér á landi.

### Óléttar konur verði bólusettar

Þannig er til að mynda ekki hægt að fá yfirlit yfir hlutfall óléttra kvenna sem hefur skilað sér í bólusetningu en mælt er eindregið með því að þær láti bólusetja sig við svínaflensu. Fréttablaðinu er kunnugt um að skilaboð Mæðraverndar til óléttra kvenna séu misvísandi; sumar ljósmæður benda óléttum konum ekki á að fara í bólusetningu, það er að segja minnast ekki á bólusetningu, á meðan annars staðar er þeim eindregið ráðlagt að gera það.

Ástæða þess að óléttum konum er ráðlagt að fara í bólusetningu er sú að þær eru líklegri til þess að veikjast alvarlega en konur sem ekki eru óléttar. Landlæknir mælir eindregið með því að óléttar konur fari í bólusetningu og segir ekki skipta máli hvenær á meðgöngunni það sé gert. Hins vegar sé meiri hætta fyrir fóstrið ef móðir veikist alvarlega á síðasta hluta meðgöngunnar, sem geri bólusetningu á þeim hluta meðgöngunnar ef til vill brýnasta.

Eldri borgarar, sem hafa verið skilgreindir í áhættuhópi árstíðabundnu inflúensunnar undanfarin ár, eru ekki skilgreindur áhættuhópur svínaflensunnar. Uppi hafa verið vísbendingar og kenningar um að hluti þess hóps búi að mótefni frá heimsfaraldri sem geisaði árið 1957. Haraldur Briem segir að þó að eitthvað kunni að vera til í því borgi það sig fyrir eldri borgara að láta bólusetja sig eins og aðra, ekki síst í ljósi þess að þeir séu veikari fyrir ef þeir veikist alvarlega.

### Fjöldi veikra byggir á líkum

Fyrir utan þá tæplega fimmtíu þúsund sem hafa verið bólusettir er talið að um fimmtíu þúsund Íslendingar hafi veikst af flensunni. Þessi tala er ónákvæm enda byggð á líkum sem reiknaðar eru út frá svokölluðum inflúensulíkum einkennum. Alls hafa um níu þúsund manns verið greindir með þau af læknum og þar sem sextíu prósent þeirra sýna sem send eru inn til greiningar vegna flensunnar hafa reynst vera flensa er talið að í raun séu sextíu prósent þeirra sem eru með inflúensulík einkenni með svínaflensu, eða um 5.400 manns. Það er svo mat landlæknisembættisins að tíu sinnum fleiri en hringja inn séu veikir og þannig er dregin sú ályktun að um fimmtíu þúsund manns hafi veikst.

Þess má geta að um 170 hafa verið lagðir inn á spítala vegna gruns um svínaflensu hér á landi og einn hefur látist vegna hennar, átján ára fjölfötluð stúlka.

Bóluefnið við svínaflensunni hefur verið talsvert í umræðunni og vöngum verið velt yfir mögulegum aukaverkunum þess. Að því er fram kemur hjá Evrópsku sóttvarnarstofnuninni og á vef landlæknisembættisins fylgja bóluefninu engar þekktar aukaverkanir, aðrar en væg einkenni eins og hiti, roði og þroti á stungustað eins og eftir allar bólusetningar.

Þrátt fyrir þetta hefur blossað upp mikil umræða í sumum löndum um aukaverkanir bólusetningar og skaðleg áhrif efna í bóluefnunum. „Við fáum tölvupóst á hverjum degi þar sem verið er að spyrja okkur út í aukaverkanir og innihald bóluefnisins. Við reynum að svara öllum þessum póstum um leið,“ segir Haraldur og bætir við að sumir þeirra sem sendi inn fyrirspurnir hafi látið hræðast af tilbúningi á Youtube og af óáreiðanlegum netfréttum.

### Óráðlegt að sleppa bólusetningu

Enginn vísindalegur fótur sé fyrir hræðslu við inflúensubóluefni, enda hafi milljónir manns verið bólusettir við inflúensuveirum undanfarna áratugi með góðum árangri. Á fundi sem blaðamaður sat hjá Evrópsku sóttvarnarstofnuninni kom fram að eitt af því sem hefði komið sérfræðingum hennar á óvart í tengslum við svínaflensuna væri einmitt ýmiss konar misskilningur í tengslum við bólusetningu við henni sem brýnt væri að leiðrétta.

Haraldur Briem segist vonast til þess að allir eldri en sex mánaða verði bólusettir hér á landi, nema þeir sem viti fyrir víst að þeir hafi fengið flensuna. Hann segir að foreldrar muni fá bréf frá heilsugæslu sinni á næstu vikum þar sem bólusetning barna verði kynnt. „Ég legg áherslu á að þó að sjötíu til áttatíu prósent þeirra sem hafa veikst alvarlega séu í áhættuhópum eru tuttugu til þrjátíu prósent þeirra sem hafa veikst alvarlega ekki í áhættuhópi. Þess vegna ættu allir að fara í bólusetningu,“ segir Haraldur, sem ræður fólki frá þeirri áhættu sem tekin er með því að sleppa bólusetningu.

„Þó að flestir sem fá flensuna veikist lítið er alltaf einhver hluti sem veikist alvarlega.“



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR
sigridur@frettabladid.is

## BÓLUEFNIÐ

- Íslendingar hafa tryggt sér kaup á 300.000 skömmtum af bóluefni gegn inflúensu A(H1N1) sem dugar til að fullbólusetja svo til alla þjóðina. Bóluefnið heitir Pandemrix® og er framleitt af GlaxoSmithKline (GSK).
- Þar sem inflúensa A(H1N1) er ný veira kemur árleg inflúensubólusetning ekki í veg fyrir sýkingu af völdum þessarar veiru.
- Sams konar bóluefni gegn fuglainflúensu (H5N1) hefur verið rannsakað hjá nokkur þúsund einstaklingum og engar alvarlegar aukaverkanir hafa komið í ljós. Það bóluefni og Pandemrix hafa verið samþykkt af Lyfjastofnun Evrópu (EMEA) en rannsóknir á Pandemrix standa nú yfir. Einnig hefur verið sýnt fram á að árleg inflúensubóluefni eru örugg og ekki er ástæða til að ætla að hið nýja bóluefni verði frábrugðið þeim.
- Inflúensubóluefnið frá GSK inniheldur hluta inflúensuveirunnar, AS03 ónæmisglæði og thiomersal sem kemur í veg fyrir mengun bóluefnisins af völdum sýkla og eykur þannig endingu þess. Ónæmisglæðir eykur verkun bóluefnisins og tryggir víðtækari og betri vörn gegn sýkingu.
- Bóluefnið er framleitt í eggjum. Því geta einstaklingar með alvarlegt eggjaofnæmi eins og lostviðbrögð fengið alvarlega aukaverkun af bóluefninu. Ekki er ráðlagt að bólusetja einstaklinga með sögu um slíkt ofnæmi. Bóluefni kemur í glösum með gúmmíhettu og er fólki með alvarlegt latex-ofnæmi ráðið frá bólusetningu.
- Frá og með mánudeginum næsta, 16. nóvember, gefst almenningi kostur á að hringja í sína heilsugæslustöð og panta tíma í bólusetningu gegn svínaflensu A(H1N1). Stefnt er svo að því að hefja bólusetningu almennings viku síðar, hinn 23. nóvember. Landlæknir mælir með því að allir láti bólusetja sig, nema staðfest sé að viðkomandi hafi fengið flensuna. Mælt er með bólusetningu fyrir öll börn eldri en sex mánaða og munu foreldrar barna fá bréf frá heilsugæslustöðvum þar sem þeim er bent á að panta tíma í bólusetningu.
- Í nóvemberlok gera áætlanir ráð fyrir að 100.000 skammtar af bóluefni hafi borist til landsins, 100.000 til viðbótar berist í desember og 100.000 í janúar.

WWW.LANDLAEKNIR.IS



Á Skrúði er indælt að setjast niður með góðum vinum og njóta ljúffengra jólakræsinga í hádeginu eða að kvöldi. Jólahlaðborð alla daga vikunnar frá 20. nóvember.

Jólabrunch er notaleg og kærkomin tilbreyting í jólaundirbúningnum. Við bjóðum upp á jólabrunch kl. 11:30–14:00 dagana 22. og 29. nóvember og alla sunnudaga í desember.

*Skrúður er vinalegur staður á aðventunni. Bókaðu núna.*

**Borðapantanir á hotelsaga@hotelsaga.is og í síma 525 9900.**

Skrúður bistro • restaurant • bar

Skrúður / Radisson SAS Hótel Saga / Sími: 525 9900 / www.skrudur.is

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42C10**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 2000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




## UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ 72.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




## UNITED

**United LTV9732**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




## Panasonic

**Panasonic TXL32C10**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine, IPS Alpha, 24p Playback, 15.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, stafrþ. DVB-T mótt., SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI & Component tengi ofl.

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990




## PHILIPS

**Philips 32PFL7404H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p Full-HD upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 80.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 4 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




## Panasonic

**Panasonic TXP37C10**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024 x 768p uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, dýnamískri 2000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




## UNITED

**United LTV9742**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




## Panasonic

**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3 x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




## Panasonic

**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920 x 1080p uppl., Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 20.000:1 skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1598 kr.kg.
BÓNUS
539
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 539 kr.kg.
KJÖTBANKINN
974
K.B FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 35% AFSLÁTTUR 974 kr.kg.
698
MÓA GRILLAÐUR HEILL KJÚKLINGUR
ca 1250g 698 kr stk. (EKKI SELDUR HEITUR)
General Mills
Cocoa Puffs
great Chocolate taste
335g
298
COCOA PUFFS 335g 298 kr.
Grænmetisbuff
- Forsteikt -
998
NF GRÆMETIS-BUFF
Forsteikt - þarf aðeins að hita
1 kg 998 kr.
KOFAREYKT
449
K.F KOFAREYKT SVEITABJÚGU
449 kr.kg.
Vanillu ÍS
JARÐARBERJA ÍS 2
Súkkulaði ÍS 2 lítrar
BÓNUS
BRAGÐAREFUR
VANILLUÍS MEÐ KARAMELLUSÓSU OG SÆLGÆTI
2 LÍTRAR
BÓNUS
298
BÓNUS ÍS 2 LTR.
Súkkulaði-Vanillu-Jarðarberja 298 kr.
398
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR
2 LTR. 398 kr.
SÆLGÆTISBARINN
ALLA DAGA:
50%
AFSLÁTTUR
100g = 90 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDS LAMB
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Lambalæri
HANGILÆRI
Diletto kaffi
1298
ÍSLANDSLAMB LAMBALÆRI KRYDDAÐ
1298 kr.
1598
K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI
1598 kr.kg.
998
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI 2008 SLÁTRUN
998 kr.kg.
298
DILETTO KAFFI BAUNIR & MALAÐ
400g 298 kr. ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
Rækjusalat
Laxasalat
Túnfisksalat
198
SH BRAUÐSALAT 200g
Rækju-Túnfisk eða Laxasalat 198 kr.
BÓNUS SNAKK
Beikon
Hringir
Skrúfur
198
BÓNUS SNAKK PAPRIKU OG SALT OG PIPAR
160g 198 kr. ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
798
K.F KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR M.BEINI
MERKT VERÐ 998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 798 kr.kg.
268
K.S FROSIN LAMBASVIÐ 268 kr.kg.
Gestgjafinn
Kökublaðið
300
KRÓNA AFSLÁTTUR
198
K.S FROSINN INNMATUR HJÖRTU OG LIFUR 198 kr.kg.
298
SÆNSKAR PIPARKÖKUR 400g 298 kr.
KÖKUBLAÐ GESTGJAFANS
300 kr. afsláttur í Bónus
frá fimmtud.-sunnud. 995 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Velta:** 47,5 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
808 **+0,86%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| BAKKAV. GROUP | 36,36% | EIK BANKI | 6,67% |
| ICELANDA. GROUP | 10,94% | ÖSSUR | 0,37% |
| MAREL | 1,66% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 177,00 +0,00% ... Bakkavör 1,50 +36,36% ... Føroya Banki 135,50 +0,00% ... Icelandair Group 3,55 +10,94% ... Marel 67,30 +1,66% ... Össur 136,00 -0,37%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Risablað fjallar um Ísland

**Tölvutímaritið Edge birtir viðamikla úttekt um íslensku leikjafyrirtækin í jólaheftinu í enda mánaðar.**

Fjörutíu einstaklingar eru skráðir í samkeppni um besta tölvuleikinn sem hófst fyrir viku. Þetta kom fram í máli Erlu Bjarneyjar Árnadóttur, hjá Samtökum tölvuleikjaframleiðenda (IGI), sem standa að keppninni, á ráðstefnu Skýrslutæknifélags Íslands um hugbúnaðargerð.

Keppnin er öllum opin, þátttaka ókeypis og þurfa keppendur ekki að skrá sig til leiks fyrr en þeir skila framlagi sínu. Lokafrestur rennur út í mars á næsta ári.

Erla sagði fyrirtækjum í tölvuleikjageiranum hér fjölga hratt og því erfitt að henda reiður á hversu mörg þau séu. Hún telur þau tíu hér á landi með 625 starfsmenn. Áætlað sé að starfsmönnum í geiranum fjölgi um 150 til 200 á næstu tólf til átján mánuðum.

Þá kom fram í máli Erlu að augu heimsins hefðu í auknum mæli beinst að íslenskum tölvuleikjafyrirtækjum. Til marks um það muni um þriðjungur af jólablaði breska tölvuleikjatímaritsins Edge, einu af stærstu tölvuleikjablöðum heims og kemur út í enda mánaðar, verða tileinkað íslenskum leikjafyrirtækjum. Þar af er stór umfjöllun um CCP og nýjasta leik fyrirtækisins, Dust 514.

Á forsíðu blaðsins er skjáskot úr leik CCP í þrívídd en þetta mun vera fyrsta slíka forsíða blaðsins. **- jab**

## Marel selur hollenska deild

**Marel hefur undirritað viljayfirlýsingu við hollenska fjárfestingarsjóðinn Nimbus um sölu á hollensku einingunni Stork Food and Dairy Systems, sem nú er hluti af Stork Food Systems.**

**Áætlað er að viðskiptum ljúki fyrir árslok, eins og segir í tilkynningu.**

**Stefnt hefur verið að því að selja deildina frá því Marel lauk kaupum ásamt fleirum á hollensku iðnsamsteypunni Stork Food Systems í maí í fyrra. Deildin framleiðir átöppunarbúnað fyrir mjólkurvörur og safa og er innan við tíu prósent af heildarveltu Marels. - jab**


# JÓLABLAÐIÐ
# 132 SÍÐUR




:: Ásta Kristjánsdóttir í einlægu og opinskáu viðtali

:: Elfa Gísladóttir leikkona ræðir um Jón Óttar, Völu Matt, sorgina og söfnuðinn

:: Yfir 90 hugmyndir að jólafatnaði fjölskyldunnar

:: Yfir 70 hugmyndir að flottum jólagjöfum

Jólakjólar, hátíðarförðun, jóladekur sælkeranna, kökur, karamellur, kakó og margt fleira

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG




**FORSTJÓRI ACTAVIS** Sigurður Óli Ólafsson vildi ekkert tjá sig um meint tilboð fyrirtækisins í samheitalyfjafyrirtækið Ratiopharm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Actavis sagt í baráttu um þýskan lyfjarisa

**Þýska Merckle-fjölskyldan vonast til að sala á lyfjafyrirtækinu Ratiopharm leysi það úr skuldaviðjum. Tíu fyrirtæki eru sögð hafa lagt fram tilboð í það, þar á meðal Actavis. Forstjórinn hvorki játar né neitar.**

Actavis er sagt vera á meðal tíu fyrirtækja sem lögðu fram tilboð í fyrsta útboði í þýska samheitalyfjafyrirtækið Ratiopharm fyrir viku. Kaupverð er í kringum tveir milljarðar evra, jafnvirði rúmra 370 milljarða íslenskra króna á gengi krónunnar í gær.

Þýski bankinn Commerzbank og Royal Bank of Scotland í Bretlandi sjá um tilboðsferlið en búist er við að salan gangi í gegn á fyrsta fjórðungi næsta árs. Blásið verður til annarrar tilboðslotu í næsta mánuði.

Bloomberg-fréttastofan segir að á meðal bjóðenda séu nokkur af umsvifamestu fjárfestingafélögum og einkaframtakssjóðum heims á borð við TPG, KKR, Permira, Advent International og fjárfestingarbankann Goldman Sachs. Þeir tveir síðasttöldu eru sagðir bjóða saman í lyfjarisann.

Þá eru nokkur lyfjafyrirtæki sögð bera víurnar í þýska keppinautinn. Þar á meðal eru franska fyrirtækið Sanofi-Aventis, Teva Pharmaceutical frá Ísrael, Mylan frá Bandaríkjunum, kínverska lyfjafyrirtækið Sinopharm Group og Actavis.

Ekkert lyfjafyrirtækjanna vildi staðfesta fréttina, að sögn Bloomberg. Sigurður Óli Ólafsson, forstjóri Actavis, segir í samtali við Fréttablaðið að fyrirtækið tjái sig ekki um málið. Slíkt sé venja.

Ratiopharm er nánast jafnstórt Actavis. Breska dagblaðið Financial Times sagði í gær rekstrarhagnað þess í fyrra hafa numið 190 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins, sem sé óbreytt staða á milli ára. Þá sé búist við að tekjur muni nema 1,6 milljörðum evra í ár.

Til samanburðar nam rekstrarhagnaður Actavis 267,8 milljónum evra í fyrra og skiluðu tekjurnar 1,5 milljörðum evra.

Actavis hefur verið orðað við kaup á nokkrum fyrirtækjum frá því að Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, tók það yfir fyrir rúmum tveimur árum. Af þeim varð ekki en um tvö ár eru síðan Actavis keypti síðast fyrirtæki. **jonab@frettabladid.is**

### VANDRÆÐI MERCKLE-FJÖLSKYLDUNNAR

Salan á þýska samheitalyfjafyrirtækinu Ratiopharm er tilkomin vegna gríðarlegra skulda sem eigandi þess, hin þýska Merckle-fjölskylda, situr upp með eftir misheppnaða skortstöðu fjölskyldufóðurins með hlutabréf í Volkswagen fyrir rétt rúmu ári.



**ADOLF MERCKLE**

Adolf Merckle er af auðugu fólki kominn og var í 99. sæti yfir ríkasta fólk heims á lista Forbes í fyrra. Hann byggði upp umsvifamikla fyrirtækjasamstæðu á arfi sínum sem teygir anga sína vítt og breitt um Þýskaland.

Í fyrra taldi Merckle líkur á að hlutabréf bílaframleiðandans Volkswagen myndu lækka á seinni hluta ársins eftir nær viðstöðulausa hækkun. Ástæðan fyrir því var sú að bílaframleiðandinn Porsche hafði smám saman verið að sanka að sér hlutabréfum keppinautarins. Þegar verðið var komið í hæstu hæðir töldu margir að frekari kaup myndu verða sett á salt. Fleiri voru á sama máli, þar á meðal vogunarsjóðir. Þeir fengu lánuð hlutabréf í Volkswagen og seldu á markaði seint í október með það fyrir augum að þrýsta verðinu niður. Það stóð í tæpum 400 evrum á hlut 16. október 2008 en féll niður í 210 viku síðar.

En Porsche kom markaðnum á óvart og keypti bréfin sem sjóðirnir og aðrir skortsalar seldu. Við það rauk verðið í tæpar þúsund evrur á hlut á tveimur dögum.

Aðgerðirnar skiluðu sér í gríðarlegu tapi skortsala, sem höfðu stefnt að því að kaupa hlutabréfin aftur á mun lægra verði en þeir seldu þau á.

Merckle tapaði sjö hundruð milljónum evra, jafnvirði 130 milljarða króna, á viðskiptunum. Hann lenti í miklum vandræðum vegna þessa auk þess sem einu fyrirtæki í veldi fjölskyldunnar tókst ekki að endurgreiða lán sín. Þrýst var á fjölskylduna að selja eignir til að greiða skuldir sínar. Þær hljóða upp á þrjá milljarða evra, jafnvirði 560 milljarða króna og stýra kröfuhafar því að nær öllu leyti í dag.

Adolf Merckle framdi sjálfsmorð skömmu eftir síðustu áramót. Hann var á 75. aldursári.


MESTA
ÚRVALIÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
UPPFÆRSLA
14.900
TIL AFGREIÐSLU STRAX
40%
AFSLÁTTUR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
512MB
VIFTULAUST GIGABYTE 9600GT SKJÁRKORT
14.940
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990
4
BLAÐSÍÐUR
STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
VERÐ VÖRN
Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju þetta tregðulögmál?

## Ofvöxtur og bruðl

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR

Komandi fjárlög verða gríðarlega erfið enda stefnir aðlögunarþörf ríkissjóðs á árunum 2009-2011 í rúma 140 milljarða króna – 140 þúsund milljónir. Til að ná þessum halla niður hefur ríkisstjórnin ekki nema um tvennt að velja: að grípa til skattahækkana til að auka tekjur og niðurskurðar til að draga úr útgjöldum. Með Stöðugleikasáttmálanum náðist samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um hvernig skiptingu þessarar miklu byrðar skyldi háttað – en til að ná niður hallanum eiga skattahækkanir að standa undir 45 prósentum af heildarpakkanum en niðurskurður ríkisútgjalda undir 55 prósentum. Til að loka gati upp á 140 milljarða þurfa auknar tekjur því að vera rúmir 60 milljarðar á móti tæplega 80 milljörðum í niðurskurði.

Ljóst er að störf Alþingis verða undirlögð af þessu verkefni á komandi vikum enda munu þessar skattahækkanir og niðurskurðurinn láta fáa landsmenn ósnortna. Þótt fjárlögin séu enn ómótuð er þegar farið að bera á óánægjuröddum – hvort sem þær eru á skattahækkana- eða niðurskurðarhliðinni – og þeim mun bara fjölga og verða háværari á komandi vikum. Enda er það skoðun margra að erfitt sé að auka álögur á heimili og fyrirtæki landsins við núverandi aðstæður og þeir sem verða fyrir niðurskurðarhnífnum telja margir að þeir séu nú þegar við sársaukamörk.

Hins vegar er það alveg ljóst að það næst aldrei sátt um skattahækkanir nema heimilin og fyrirtækin fái sönnun fyrir því að ríkisstjórnin ætli fyrst að taka til í rekstri hins opinbera. Frá hruninu síðastliðið haust hafa heimilin og fyrirtækin í landinu langflest staðið frammi fyrir minni tekjum og hærri útgjöldum og hafa fyrir löngu þurft að hagræða eins og kostur er til að koma sér í gegnum erfiða tíma. Það er því mat æði marga að niðurskurður hins opinbera þurfi að vera mun meiri en fyrirhugað er til að hægt verði að halda skattahækkunum í algjöru lágmarki, enda beri heimilin og fyrirtækin vart meiri álögur. Hafa heimilin og fyrirtækin enda horft upp á ríkisbáknið þenjast út á ótrúlegum hraða undanfarinn áratug. Óheilbrigður ofvöxtur og bruðl hefur herjað á ríkisbáknið – ofvöxtur og bruðl af mannavöldum.

Það virðist hins vegar gæta mikils tregðulögmáls þegar kemur að því að snúa þróun ríkisútgjalda við – að skera niður það sem einu sinni hefur verið komið á. Margar ríkisstofnanir virðast komast upp með það árum saman að keyra fram úr fjárlögum – aga og eftirliti virðist áfátt og pólitískan vilja og þor til niðurskurðar virðist oft skorta. En heimilin og fyrirtækin í landinu munu hvorki sýna umburðarlyndi né sætta sig við slík vinnubrögð áfram – enda vita þessir aðilar að tregða í niðurskurði ríkisútgjalda mun einungis koma fram í hærri sköttum á þá sjálfa.

Ríkisstjórnin, stjórnmálamenn, starfsmenn ráðuneyta, forstjórar ríkisstofnana og aðrir opinberir starfsmenn sem fara með opinbert fé verða að sýna fram á að þeir ráði við það verkefni sem felst í niðurskurði ríkisútgjalda. Niðurskurður á ríkisstjórnarheimilinu er ekkert merkilegri eða vandmeðfarnari en niðurskurður í rekstri heimila eða fyrirtækja. Það þarf að skoða hvern einasta útgjaldalið, henda út öllum óþarfa, leggja niður gæluverkefni og draga með öllum ráðum úr gjöldum sem ekki verður komist hjá. Þetta hafa heimilin og fyrirtækin þurft að gera – nú er komið að rekstri hins opinbera.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað með hina?

Fjöldi þeirra sem ráðnir hafa verið í ráðuneytin án auglýsinga hefur verið mjög í umræðunni. Skyldi engan undra, enda rímar þetta illa við yfirlýsingar um opna stjórnsýslu. Hrannar Björn Arnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, er þó ekki sáttur við umfjöllunina. Hann vill meina að í langflestum tilfellum sé verið að ráða í afleysingar og óhægt sé um vik að auglýsa slíkt. Eftir stendur þó spurningin af hverju hinar stöðurnar voru ekki auglýstar.



### Föstudagurinn þrettándi

Í dag er föstudagurinn þrettándi. Alþingismenn láta það þó ekki trufla sig, þingstörf fara fram eins og aðra daga. Það er væntanlega vísbending um að þingmenn séu ekki hjátrúarfullir. Og þó. í hugum sjálfstæðismanna gætu utandagskrárumræðurnar klukkan ellefu í dag þvert á móti staðfest að á deginum hvíli bölvun. Þá á að ræða áform ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

### Á heimavelli

Breyting á lánshæfismati ríkissjóðs hafði þær afleiðingar í för með sér að mat á lánshæfi Orkuveitu Reykjavíkur lækkaði einnig. Fyrirtækið er flokki fyrir neðan ríkið, í svokölluðum ruslbréfaflokki. Þau bréf sem þar eru þykja, líkt og nafnið bendir til, rusl. Guðlaugur Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, starfar hjá Úrvinnslusjóði og þykir standa sig vel þar. Svo vel að hann er, af gárungum að sjálfsögðu, nefndur Gulli í ruslinu. Hann ætti því að vera á heimavelli í nýja matsflokknum.



bergsteinn@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

## Kona deyr á hverri mínútu



STEFÁN JÓN HAFSTEIN
**Í DAG** | Þróunarmál

Hverja mínútu deyr kona af barnsförum í heiminum. Langflestar í sunnanverðri Afríku. Hægt væri að koma í veg fyrir að 500.000 konur deyi með þessum hætti árlega með því að þær njóti almennrar grunnþjónustu í heilbrigðiskerfi heimalandsins. Grunnþjónustu eins og til dæmis Íslendingar hafa komið upp í einu fátæku héraði Malaví þar sem rís ný fæðingardeild fyrir þróunarfé.

Heilbrigðisráðherrar fjölmargra ríkja komu saman á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Addis Ababa í lok október til að ræða brýnasta heilbrigðisvandamál heimsins: Dauða kvenna af barnsförum. Fyrir utan þær sem deyja búa margar konur við örkuml eftir að hafa alið barn vegna þess að þær hafa ekki aðgang að sjúkrahúsum með menntuðu starfsliði til að fá nauðsynlegar aðgerðir.

Hvað veldur því að konur deyja miklu frekar af barnsförum í þróunarlöndum en í ríku löndunum? Fyrst og fremst skortur á grunnþjónustu. Vanfærar konur fá ekki greiningu á vanda sem kann að skapast á meðgöngu. Þegar kemur að fæðingu er oft óravegur á næsta sjúkrahús eða heilsugæslu þar sem þjálfað starfsfólk getur aðstoðað við erfiða fæðingu. Afleiðingin er að konur í Malaví og öðrum þróunarlöndum láta lífið miklu oftar en þar sem heilsugæsla er góð. Í Malaví er mæðradauði tíðari en í nokkru öðru landi – að þeim löndum slepptum þar sem ríkir stríðsástand. Í landinu deyja 16 konur daglega af barnsförum. Talið er að fjórtánda hver fæðing endi með dauða móður í Malaví. Þegar haft er í huga að hver kona í landinu fæðir að meðaltali sex börn sést hve ógnin er skelfileg.

Hægt er að koma í veg fyrir langflest þessara dauðsfalla með aðferðum sem eru vel þekktar. Samt deyr hálf milljón kvenna árlega. Eitt af þúsaldarmarkmiðum SÞ er að minnka þessa dánartíðni um ¾ fyrir árið 2015. Satt að segja virðist ekki miða hratt í þessa átt.

Heilsugæsluverkefni íslensku Þróunarsamvinnustofnunarinnar í Mangochi ræðst beint að þessum vanda. Sjúkrahúsið við Apaflóa hefur verið byggt upp til að efla grunnþjónustu. Nú rís á spítalalóðinni glæný fæðingardeild sem mun bæta þjónustuna með byltingarkenndum hætti. Í fyrra var tekin í notkun skurðstofa þar sem keisaraskurðir og aðgerðir á konum eru meginþáttur starfsemi. Enginn vafi er á að þessi þjónusta hefur bjargað mannslífum, og gerir áfram, í hverjum mánuði. Núverandi aðstaða þótti góð þegar spítalinn reis fyrir tilstuðlan Íslendinga. Þar er fæðingardeild með tveimur rúmum löngu sprungin, oft kemur fyrir að þrjár eða fjórar konur fæði samtímis, tvær á gólfinu ef ekki vill betur til. Litla legudeildin er alltaf útúrfull. Ný fæðingardeild mun bæta stórlega úr.

Þróunarsamvinnustofnun reisti einnig heilsugæslustöð í Nankumba, sem er jaðarbyggð í héraðinu, þar sem fæðingardeildin er stöðugt í notkun. Í nærliggjandi byggð, enn lengra frá alfaraleið, er ætlunin að byggja upp litla fæðingardeild fyrir þá sveit, enda eiga konur langan veg að sækja þegar kemur að fæðingu. Sjúkrabílarnir sem ÞSSÍ gaf og rekur komast ekki um héraðið yfir regntímann og oft hamla vegleysur því að hægt sé að sækja konur í barnsnauð.

Svonefndar „yfirsetukonur" (traditional birth attendants) eru í hverju þorpi. Þótt ÞSSÍ hafi staðið fyrir námskeiðum fyrir þær dugar það skammt. Þetta eru oftast konur sem læra af sér eldri hvernig á að bera sig að, skilja á milli og svo framvegis, en þær geta ekki greint aðsteðjandi vanda eða veitt hjálp eins og fagfólk. Því hafa stjórnvöld nýlega bannað þeim að taka á móti börnum á hefðbundnum bastmottum í leirkofa í heimaþorpi, og krafist að þær vísi konum til heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Vandinn við þá ráðstöfun er ljós: Ekki er til nægt starfsfólk né aðstaða til að allar konur í Malaví geti fætt undir eftirliti. Helmingur kvenna í landinu fæðir börn utan heilbrigðiskerfisins. Jafn æskilegt og það er að konur fæði við kjöraðstæður með aðstoð fagfólks er það óraunhæft á næstu árum. Þess vegna beinist verkefni Þróunarsamvinnustofnunar að þessu stóra vandamáli með beinskeyttum hætti. Í byrjun næsta árs verður opnuð stór og rúmgóð fæðingardeild, og dugi framlög næstu tvö ár er ætlunin að styðja litla heilsugæslustöð í fjarlægri sveit til að koma upp fæðingarrúmum. ÞSSÍ útvegaði vatnsból við þessa stöð í síðasta mánuði og þjálfað starfsfólk er þegar til reiðu. Trúlegt er að konum í Mangochi finnist þessu fé vel varið. Því hver mínúta telur.

*Höfundur er umdæmisstjóri ÞSSÍ í Malaví.*

## Ráðningarstofa ríkisins

**UMRÆÐAN**
Gunnar Haugen skrifar um ráðningar í stjórnsýslunni



GUNNAR HAUGEN

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur skrifar áhugaverða grein um pólitískar vinaráðningar í Fréttablaðið 11. nóvember. Vandinn sem Sigurbjörg bendir á er vissulega til staðar. Sú lausn sem hún leggur til er hins vegar varhugaverð.

Inntak greinarinnar er að það sé nauðsynlegt að tryggja að allir umsækjendur sitji við sama borð í ráðningarferlinu og draga þannig úr líkunum á pólitískum vinaráðningum. Besta leiðin að því markmiði er að auglýsa störf með sýnilegum hætti og fá þannig umsóknir frá öllum þeim sem hafa áhuga á starfinu – og telja sig uppfylla allar hæfniskröfur. Næsta skref er að velja þann hæfasta í starfið úr hópi umsækjenda. Í þeirri vinnu er stuðst við samansafn af þekktum aðferðum; starfsferill umsækjenda og menntun er rýnd og borin við aðra, framsetning upplýsinga er skoðuð, frammistaða í viðtölum er metin og svo framvegis. Þessi aðferðafræði er notuð um allan heim og er talin tryggja faglega niðurstöðu.

Í niðurlagi greinar sinnar skrifar Sigurbjörg: „Setja þarf á laggirnar ráðningarstofu stjórnsýslunnar sem starfi undir eftirliti þingskipaðrar nefndar og hafi það hlutverk að ráða í öll embætti og áhrifastöður innan stjórnsýslunnar."

Þetta tel ég að yrði ófarsæl niðurstaða. Sem fagmaður á sviði ráðninga fæ ég ekki séð hvernig stofnun, sem er í eðli sínu ríkisstofnun, verði óháð stjórnsýslunni og Alþingi, ekki síst vegna þess að Sigurbjörg leggur jafnframt til að ráðningastofa stjórnsýslunnar „starfi undir eftirliti þingskipaðrar nefndar". Hvernig getur þingskipuð nefnd verið hlutlaus? Er þá ekki einmitt verið að tryggja pólitíska aðkomu að ferlinu?

Rétt er að benda á að á Íslandi eru til fjölmörg fyrirtæki sem hafa sérhæft sig í að aðstoða við ráðningar, t.a.m. Strá, Hagvangur og Capacent Ráðningar. Það er ríkinu ekki til framdráttar að stofnanavæða þjónustu sem þegar er til og ágætlega rekin utan stjórnsýslunnar – nær væri að leita til sjálfstæðra fyrirtækja í auknum mæli og nýta sér þjónustu þeirra í stað þess að grafa undan sjálfstæðri atvinnustarfsemi.

Þar með væri sá vandi sem Sigurbjörg bendir réttilega á úr sögunni.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Capacent Ráðninga.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Tilkynning frá greiðsluverkfallsstjórn Hagsmunasamtaka heimilanna

# Greiðsluverkfall!

15.nóv - 10.des

## Af hverju greiðsluverkfall?

Fyrsta greiðsluverkfallið sem stóð í tvær vikur leiddi af sér "greiðslujöfnunarúrræðið" sem er **engin** lausn heldur **flókin fjármálaafurð** sem **þyngir greiðslubyrgð lána** þegar til lengdar lætur.

Þess vegna blásum við nú til þriggja vikna greiðsluverkfalls til þess að knýja stjórnvöld og lánastofnanir til að koma með **sanngjarna lausn** sem **leiðréttir stökkbreytta höfuðstóla lána.**



## Svona getur þú tekið þátt!

- Með því að greiða ekki af íbúðar- og bílalánum frá 15. nóvember til 10. desember.
- Með því að taka út innistæður úr bönkum. Kaupþingi, Íslandsbanka, Landsbanka.

---

## Samtökin eru þverpólitísk og opin öllum. Skráðu þig strax í dag!

Helstu kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna eru:

1. Leiðrétting höfuðstóla lána.
2. Afnám verðtryggingar.
3. Að veð takmarkist við veðandlag.
4. Að skuldir fyrnist á 5 árum eftir gjaldþrot.

**Hagsmunasamtök Heimilanna**

**Stöndum saman sem heild**
**Tökum stöðu með heimilunum**

**Láttu þína rödd heyrast!**
**Skráðu þig strax í dag**
**í hagsmunsamtökin!**
**www.heimilin.is**

**www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is**

# Ellilífeyrir

**UMRÆÐAN**
Helgi K. Hjálmsson skrifar um kjör eldri borgara


HELGI K. HJÁLMSSON

Ellilífeyrisþegar munu lengi minnast 1. júlí 2009. Þá vann núverandi ríkisstjórn eitt mesta óþurftarverk varðandi þann hóp borgara þessa lands, sem með hörðum höndum og ósérhlífni byggði það upp. Þann dag tóku gildi lög, sem tekjutengdu svokallaðan grunnlífeyri ásamt ýmsum öðrum skerðingum á áunnum kjarabótum til handa ellilífeyrisþegum.

Landssamband eldri borgara mótmælti harðlega væntanlegum skerðingum og síðan eftir að skerðingarnar tóku gildi var enn og aftur mótmælt og þess krafist að þessar aðgerðir yrðu tafarlaust dregnar til baka. Meðal annars í opnu bréfi til félagsmálaráðherra, Árna Páls Árnasonar. Ellilaun mikils þorra eldri borgara voru þarna skert nánast fyrirvaralaust. Með þessum aðgerðum er verið að taka til baka (stela) réttmætum ellilífeyri, sem lagður hafði verið til hliðar til elliáranna.

Kominn er tími til að líta frekar á ellilífeyrisþega sem launþega en eftirlaunaþega og í mörgum tilfellum nánast sem ölmusufólk. Við erum launþegar í þeim skilningi að ellilífeyrir, hvort sem hann kemur frá hinum frjálsu lífeyrissjóðum eða hinu opinbera, er laun sem hafa verið lögð til hliðar með greiðslu í lífeyrissjóði, sömuleiðis til TR (Tryggingastofnun ríkisins), til endurgreiðslu við starfslok. Grunnlífeyrir sem TR ber að greiða er ekkert annað en endurgreiðsla á atvinnutekjum.

Með þetta í huga má það kallast hreinn þjófnaður af hálfu hins opinbera að tekjutengja þennan grunnlífeyri, svo sem nú er gert. Svo og að skerða hann sem hlutfall af launum frá því sem var í maí 1969, þegar allsherjar samkomulag var gert milli samningsaðila vinnumarkaðarins með aðkomu og stuðningi ríkisvaldsins, um að koma á lífeyrissjóðakerfi fyrir allt launafólk. Það er leitt til þess að vita að verk þeirra mætu manna, sem að þessu verki unnu, þeirra Bjarna Benediktssonar, ráðherra, Edvarðs Sigurðssonar, formanns ASÍ og Björgvins Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, skulu að engu höfð í einhverri örvæntingarfullri aðgerð til að bjarga ríkissjóði. Þarna finnst mér að ríkisvaldið leggist æði lágt. Það hefur aldrei þótt stórmannlegt að leggjast á lítilmagnann. Það er alveg ljóst að þegar þetta samkomulag var gert þá stóð aldrei til að hinir frjálsu lífeyrissjóðir myndu í tímans rás yfirtaka skuldbindingu TR á greiðslu grunnlífeyris eins og ýmsir eru núna farnir að halda fram.

Einróma samkomulag þessara aðila var, að forsenda þessa væri, að upphæð grunnlífeyris almannatrygginga þyrfti að haldast í um það bil 20 prósentum af launum verkafólks. Þá yrði grunnlífeyririnn og greiðslur frá lífeyrissjóðum, þegar þeir hefðu náð fullum þroska, þ.e. eftir að fólk hefði greitt til þeirra iðgjald heila starfsævi, 75-80% af samtímalaunum viðkomandi starfsstéttar. Þetta má meðal annars mjög vel sjá á samningi þeim sem einnig var undirritaður þá um tekjutryggingu til handa því fólki sem aldurs vegna hafði ekki möguleika til þess að afla sér fullra réttinda frá lífeyrissjóðum.

Samtök opinberra starfsmanna hafa vandlega gætt þess að þeirra viðsemjendur hafa staðið við sitt að því er varðar lífeyrisréttindi og njóta nær 80% launa sinna við starfslok, sem er ágætt svo langt sem það nær. ASÍ og VSÍ hafa því miður ekki gætt þess sem skyldi að gæta hagsmuna sinna umbjóðenda gagnvart ríkinu að þessu leyti. Það nær auðvitað engri átt að láta ríkið komast upp með það að brjóta svona freklega rétt eftirlaunafólks með því bæði að tekjutengja hinn svokallaða grunnlífeyri svo og að hann skuli ekki hafa fylgt eðlilegri launaþróun.

Verst er þó, að með því að svipta ellilífeyrisþega ellilífeyri sínum, eru virðuleg stjórnvöld í raun að stela. Þjófnaður, hverju nafni sem hann nefnist, þó svo að hann eigi að heita lögvarinn, er engum stjórnvöldum eða virðulegum alþingismönnum til sóma. Ég skora á þá alþingismenn, sem hugsanlega hafa einhverja sómatilfinningu, að fella úr gildi þennan „lögvarða þjófnað“ án tafar.

*Höfundur er formaður Landssambands eldri borgara.*






# 15 fulltrúar í 110 ár

**UMRÆÐAN**
Örn Sigurðsson skrifar um sveitarstjórnarmál


ÖRN SIGURÐSSON

Við Íslendingar erum eftirbátar granna okkar í lýðræðismálum. Oftar en ekki bera stjórnmál og stjórnsýsla hér fremur keim af einræði en lýðræði.

Fram er komið á Alþingi frumvarp til laga um fjölgun í sveitarstjórnum til samræmis við ákvæði í lögum á öðrum Norðurlöndum. Fyrsti flutningsmaður er Þór Saari.

Samkvæmt íslenskum lögum er hámarks fjöldi fulltrúa 27, en í norrænum lögum er hins vegar kveðið á um lágmarks fjölda í samræmi við íbúatölu sveitarfélags. Að sænskum lögum ættu fulltrúar í Reykjavík t.d. að vera 61 að lágmarki, 41 í Kópavogi og 31 á Akureyri.

Í flestum norrænum sveitarfélögum er tala fulltrúa enn hærri, svona rétt til að styrkja lýðræðið. Í Þrándheimi eru fulltrúar t.d. 85 eða 30% fleiri en krafist er.

Fjölgun fulltrúa eflir lýðræðið, bætir tengsl íbúa og sveitarstjórna og leiðir til aukinnar skilvirkni og gagnsæis.

Í janúar 1908 var fulltrúum í Reykjavík fjölgað úr 11 í 15. Í október 2009 eru þeir enn 15 þó á röskri öld hafi íbúatala Reykjavíkur fimmtánfaldast, landsframleiðsla á hvern íbúa fimmtánfaldast, þjónustu- og lýðræðiskrafa margfaldast og umfang stjórnsýslu því a.m.k. tvöhundruðfaldast.

Frambjóðandi til borgarstjórnar Reykjavíkur þarf nú að fá um 7% atkvæða og eru engin fordæmi um svo lága tölu fulltrúa og háan lýðræðisþröskuld í jafnstórum sveitarfélögum hjá grannþjóðunum. Nær útilokað er fyrir einstaklinga og samtök utan landsmálaflokka að komast til áhrifa.

Lýðræðisskerðingin stríðir gegn alþjóðasáttmálum og er andstæð viðhorfum og venjum í lýðræðisríkjum þar sem meginmarkmiðið er ekki að torvelda heldur að auðvelda almenna þátttöku borgaranna.

Í ráðhúsi Reykjavíkur ríkir fáræði (e. oligarchy), næsti bær við einræði. Þar er jafnan við völd naumur meirihluti með minni hluta kjósenda að baki, sem sópar til sín völdum og vegtyllum á meðan 6 eða 7 fulltrúar minnihluta sitja aðgerðalitlir á hliðarlínunum.

Í áratugi hefur borgarstjórnin ekki valdið hlutverki sínu sökum fámennis. Nægir að nefna hæpnar stjórnkerfisbreytingar og fjölmörg stórmál á sviði borgarskipulags, samgöngumála og nú síðast REI-málið.

Helstu mótbárur gegn fjölgun í sveitarstjórnum eru að stjórnun verði þunglamalegri og að kostnaður aukist en því er til að svara að það er á valdi rétt kjörinna sveitarstjórna að ákvarða greiðslur, verklag og verkaskiptingu. Með fjölgun taka kjörnir fulltrúar í Reykjavík t.d. við störfum í borgarkerfinu, sem nú eru mönnuð af umboðslausum einstaklingum neðarlega af framboðslistum fjórflokksins.

Gagnsæi, jöfnuður, ábyrgð og skilvirkni aukast og þar með minnka spilling og sóun. Valdaeinokun fjórflokksins hverfur. Neikvæð áhrif landsbyggðarafla og atkvæðamisvægis minnka eða hverfa og sjálfstæði borgarstjórnar gagnvart ríkisvaldinu vex. Þörf fyrir ráðandi meirihluta og öfluga leiðtoga minnkar eða hverfur.

Hingað til hefur fjórflokkurinn í Reykjavík skammtað fulltrúum sínum rífleg laun án þess að um fulla vinnu hafi verið að ræða enda hafa margir stundað önnur störf, m.a á Alþingi og í ríkisstjórn.

Almennur ábati af fjölgun kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum er aukið lýðræði og réttlæti, sem seint verða of dýru verði keypt.

*Höfundur er arkitekt og stjórnarmaður í Samtökum um betri byggð.*

# Framþróun háskóla

**UMRÆÐAN**
Sunna Magnúsdóttir, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Kristján Valgeir Þórarinsson skrifa um háskóla


KRISTÍN TRYGGVADÓTTIR


KRISTJÁN VALGEIR ÞÓRARINSSON


SUNNA MAGNÚSDÓTTIR

Hvernig komum við okkur út úr kreppunni? Eitt er víst að það er ekki með því að draga úr menntun þjóðarinnar. Íslendingar leggja nú þegar hlutfallslega minna af þjóðarframleiðslu sinni til menntunar en helstu nágrannaþjóðir okkar og hlutfall háskólamenntaðs fólks er lægra en á meðal þessara sömu þjóða. Það er skýrt í huga okkar að sameining tveggja stærstu háskóla landsins er ekki sá valkostur sem kemur okkur út úr kreppunni.

**Af hverju ekki?**

Nemendur vilja hafa val um hvað þeir læra og hvar þeir læra það. Íslenskir háskólar eru ólíkir innbyrðis, þeir leggja mismunandi miklar áherslur á hina ýmsu þætti háskólanáms og þeir henta fólki þ.a.l. misvel. Í HR er t.d. lögð áhersla á að kenna í smærri hópum og mikið er um hópavinnu. Nemendur vinna raunhæf verkefni fyrir stofnanir og atvinnulífið sem er dýrmætur grunnur fyrir framtíðarstörf okkar. Áhersla er á nýsköpun í náminu og þeir sem vilja einbeita sér að rannsóknum geta unnið þær í samstarfi við fræðimenn á heimsmælikvarða. Þetta val og þessi sérstaða var ekki í boði í íslensku háskólasamfélagi þegar HR var stofnaður fyrir 11 árum. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og þetta er framþróun sem má ekki stöðva og útrýma með því að hverfa aftur til fortíðar. Góð menntun er lykillinn að fjölbreyttu og farsælu þjóðfélagi. Háskólinn í Reykjavík hefur þar að auki skapað sér sess í alþjóðlegu háskólasamfélagi á ýmsum sviðum og verður leiðandi afl í að koma Íslandi út úr kreppunni.

**Sameining eða samvinna?**

Stór hluti nemenda allra háskóla landsins kemur til með að verja næstu árum í uppbyggingarstarf þjóðarinnar og menntunin okkar er eldsneytið. Samkeppni er af hinu góða og bætir nám skólanna, hefur hvetjandi áhrif á fræðimenn, kennara og nemendur skólanna. Skólarnir veita hver öðrum aðhald og verða fyrir vikið samkeppnishæfari á alþjóðlegan mælikvarða. Sjálfsagt er að háskólarnir vinni saman á ýmsum sviðum í hagræðingarskyni, en mikilvægt er að það feli ekki í sér neikvæð áhrif á sérstöðu skólanna og samkeppnina.

**Vilji nemenda**

Gæði menntunar á Íslandi er hagsmunamál allrar þjóðarinnar. Ef tryggja á gæði og fjölbreytni í háskólamenntun á Íslandi er sameining ekki lausnin.

*Höfundar sitja í stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík.*

Þjóðfundur
stefnumót við framtíðina

Lífsgildi

Laugardaginn 14. nóvember verður einstakur viðburður í Laugardalshöll. Þangað er stefnt marktæku úrtaki þjóðarinnar, fimmtán hundruð manns, til að leita nýrra lausna og nýrrar samstöðu. Markmiðið er að virkja sameiginlegt innsæi og vitund almennings, hlusta eftir visku þjóðarinnar. Afurð fundarins verður ný framtíðarsýn og nýtt gildismat, óháð slagsíðu stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka.

# Þjóðfundurinn er á morgun!



Fyrri hluti fundarins er helgaður spurningunni: "Hvaða lífsgildi viljum við hafa að leiðarljósi við þróun samfélagsins og hvernig viljum við hafa Ísland framtíðarinnar?" Síðari hlutinn fjallar um á hvaða meginstoðum þessi framtíðarsýn á að hvíla.

Framtíðarsýn

Fundurinn er ekki hefðbundinn umræðufundur í ætt við pólitíska fundi eða borgarafundi. Þess í stað verður þátttakendum skipt niður í hópa sem starfa saman. Umræðustjórar tryggja jafnræði í umræðum. Á þjóðfundinn hafa valist 1200 manns með slembiúrtaki og 300 fulltrúar fjölmargra stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka til að tryggja að anda og niðurstöðum fundarins verði fylgt eftir.

Þjóðareign

Viska

**Bein útsending verður frá Þjóðfundinum á vefsíðunni www. thjodfundur2009.is Nánari upplýsingar í síma 773-6399**

Þjóðfundurinn er:

- vettvangur til að ná samstöðu um það sem er þjóðinni til heilla
- framtak þjóðarinnar sjálfrar og sameign hennar
- einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða

Húsið opnar kl. 9.00 og Þjóðfundurinn hefst kl.9.45. Þátttakendur eru hvattir til að mæta vel og tímanlega!

# Tíu hollráð fyrir þig sem hyggur á þátttöku í stjórnmálum

**UMRÆÐAN**
Drífa Hjartardóttir, Drífa Snædal, Kolbrún Stefánsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Þórey A. Matthíasdóttir skrifa um konur í stjórnmálaum


DRÍFA HJARTARDÓTTIR


KOLBRÚN STEFÁNSDÓTTIR


ÞÓREY A. MATTHÍASDÓTTIR


DRÍFA SNÆDAL


STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Það er á ábyrgð okkar allra að kjörnir fulltrúar endurspegli þjóðina og fjölbreytileika hennar. Í marga áratugi hefur verið háð barátta fyrir jöfnum kynjahlutföllum í stjórnmálum sem annars staðar og hefur takmarkinu ekki enn verið náð þrátt fyrir að flestir séu sammála um mikilvægi þess. Okkur greinir á um leiðir og hvar ábyrgðin liggur. Stjórnmálaflokkarnir hafa allir gert eitthvað til að leiðrétta kynjamisréttið þó þeir hafi valið mismunandi aðferðir. Öll getum við þó verið sammála um að við viljum jafnrétti, að við verðum að hvetja konur til þess að það náist og leggja okkar af mörkum. Ein leið er til dæmis að hvetja konur til að taka þátt í stjórnmálum og komandi sveitarstjórnarkosningum. Frændur okkar Danir fóru í átak á þessu ári til að hvetja konur til þátttöku og gáfu út handbók með góðum ráðum til handa konum sem hyggja á þátttöku í sveitarstjórnum. Okkur þykir full ástæða til að miðla þessum góðu ráðum áfram til íslenskra kvenna og hvetja þær um leið til að hafa áhrif á umhverfi sitt með þátttöku í komandi kosningum.

1. Láttu vaða – ekki draga úr kjarkinum með afsökunum eins og reynsluleysi eða þekkingarskorti. Reynslan og þekkingin kemur með tímanum.
2. Skráðu þig í stjórnmálaflokk – taktu þátt í grasrótarstarfinu í flokknum, þar er tækifærið til að hafa áhrif á stefnuna og koma áhuga sínum á framfæri.
3. Láttu í þér heyra – æfðu þig í því að taka til máls, skrifaðu greinar og taktu þátt í fundum.
4. Lærðu af reynslu annarra – taktu eftir því hverjir hafa áhrif og hvernig.
5. Vertu raunsæ – skoðaðu hvernig má samþætta vinnu, fjölskyldulíf og pólitíkina. Ekki ætla þér að vera fullkomin á öllum sviðum heldur gerðu þitt besta.
6. Tryggðu þér stuðning fjölskyldunnar – þátttaka í stjórnmálum krefst tíma og þá er mikilvægt að hafa traust bakland og að skyldum heimilisins sé jafnt skipt.
7. Styrktu tengslanetið – vertu dugleg að sækja fundi og taka þátt í félagsstarfi hjá hinum ýmsu þrýstihópum, það veitir reynslu og styrkir tengsl.
8. Forgangsraðaðu – nýttu kraftana þar sem áhugasvið þitt liggur og reynsla þín nýtist best. Það gerir vinnuna skemmtilegri og árangursríkari.
9. Vertu þú sjálf – stattu við sannfæringu þína og hafðu umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra.
10. Mundu að staðan veitir tækifæri – með þátttöku í sveitarstjórnarmálum getur þú haft áhrif á nærumhverfið og færð rödd til að láta í þér heyra í stjórnmálum og fjölmiðlum.

Nýttu fagþekkinguna innan kerfisins.

Að auki má bæta því við að konur innan stjórnmála eru flestar meðvitaðar um mikilvægi þess að styðja og styrkja hver aðra á þeim vettvangi sem karlar hafa verið ráðandi. Nýttu þér reynslu annarra kvenna hvar í flokki sem þær standa og leitaðu ráða.

Sjáumst í baráttunni!

*Drífa Hjartardóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna.*

*Drífa Snædal, framkvæmdastýra Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.*

*Kolbrún Stefánsdóttir, varaformaður Frjálslynda flokksins.*

*Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar.*

*Þórey A. Matthíasdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna.*

# Bylting í ættfræði- og átthagarannsóknum

**UMRÆÐAN**
Eiríkur G. Guðmundsson skrifar um norræna skjaladaginn


EIRÍKUR G. GUÐMUNDSSON

Á morgun verður norræni skjaladagurinn haldinn á Norðurlöndum. Verða Þjóðskjalasafn Íslands, Borgarskjalasafn og Héraðsskjalasafn Kópavogs með sérstaka dagskrá í húsakynnum ÞÍ við Laugaveg 162 frá kl. 11. Þema dagsins verður „konur og kvenfélög“. Við sama tækifæri tekur menntamálaráðherra nýjan manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands formlega í notkun.

Árið 2001 hóf Þjóðskjalasafn vinnu við að tölvuskrá manntöl sem safnið varðveitir og birta þau leitarhæf á netinu. Verkið gekk hægt þar til sérstök fjárveiting fékkst árið 2007 til þess að gera tíu manntöl stafræn og aðgengileg fyrir vefinn á tveimur til þremur árum. Um stærsta verkefni safnsins á sviði miðlunar til þessa er að ræða. Fyrir almenning og fræðimenn er þetta bylting í aðgengi að þessum mikilvægu heimildum.

Frá því að Þjóðskjalasafn setti stafræna gerð manntalsins 1703 á vefinn haustið 2001 hefur það verið eitt helsta forgangsverkefni safnsins á sviði rafrænnar miðlunar að tölvusetja manntöl sem það varðveitir og gera þessar lykilheimildir um persónusögu og staðfræði aðgengilegar á netinu. Rafræn gerð manntalanna er forsenda allrar alvöru talningar og vinnslu og skapar fjölmarga nýja möguleika til rannsókna.

Norðurlandaþjóðirnar eru einna ríkastar þjóða af manntölum. Í þeim hópi eru Íslendingar hvað lánsamastir, en tvö elstu heildarmanntöl á Norðurlöndum voru tekin á Íslandi, 1703 og 1762.

Áhugi á ættfræði hér á landi hefur alltaf verið mikill og er augljóslega enn. Án efa hafði tilkoma Íslendingabókar mikil áhrif enda geysilegt hagræði að geta á augabragði leitað yfir netið að ættmennum sínum og prófað skyldleika sinn við aðra. Manntölin gefa þó mun ítarlegri upplýsingar en Íslendingabók, þar sem þau eru svipmyndir af heimilum í landinu á hverjum tíma, flokkaðar eftir sóknum og sýslum og ömtum. Þannig eru manntöl, auk þess að sýna fjölskyldur, lykilheimildir um heimilin, húsbændur, börn og hjú, kynskiptingu og atvinnuskiptingu og fjölmargt annað sem varpar ljósi á aðstæður fyrri alda. Þau eru grunnheimildir um héraðssögu og aðstæður í byggðum landsins áður en þéttbýlismyndun gjörbylti því landslagi. Þannig má ætla að þeim sem hafa áhuga á ættfræði finnist áhugavert að kynnast aðstæðum forfeðranna í því ljósi sem manntölin varpa á íslenskt samfélag áður fyrr. Manntölin eru, auk þess að vera skrár yfir fólk, skrár yfir býli, sóknir og byggðir í landinu á hverjum tíma. Aðgengi að þeim á netinu mun gjörbreyta aðstöðu almennings til ættfræði- og átthagarannsókna. Slóð manntalsvefjarins er manntal.is.

*Höfundur er sviðsstjóri upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns Íslands.*

# Líf með sykursýki

**UMRÆÐAN**
Elín Þuríður Samúelsdóttir skrifar um sykursýki


ELÍN ÞURÍÐUR SAMÚELSDÓTTIR

Alþjóðadagur sykursjúkra er 14. nóvember. Deginum er ætlað að vekja athygli fólks á sjúkdómnum sem talinn er vera ein mesta heilsufarsógn 21. aldarinnar.

Sameinuðu þjóðirnar hafa viðurkennt þennan dag, á sama hátt og alnæmisdaginn, og er sykursýki fyrsti sjúkdómurinn sem ekki er smitandi sem fær þá stöðu. Deginum er ætlað að vekja athygli á sjúkdómnum og taka Samtök sykursjúkra á Íslandi virkan þátt í honum með því að bjóða upp á blóðsykursmælingar fyrir almenning þeim að kostnaðarlausu. Líf með sykursýki er ákveðinn lífsstíll sem fólk þarf að temja sér ætli það sér að lifa sem eðlilegustu lífi. Talið er að mjög margir sykursjúkir einstaklingar á Íslandi hafi ekki verið greindir.

12. mars 1991 greindist ég með sykursýki tegund 1, mánuði fyrir fermingu. Á þessum tíma hafði ég grennst töluvert sem mér fannst nú ekki leiðinlegt en vissi ekki að það var eitt af einkennum óméðhöndlaðrar sykursýki. Ég var stöðugt þyrst og þurfti mjög oft að fara á salernið. Ég man að kennslustundirnar í grunnskóla voru 40 mínútur og síðustu 10 mínútur tímans voru kvöl og pína fyrir mig þar sem ég taldi mjög grunsamlegt að biðja um að fara á salerni oft í kennslustund. Það var ekki fyrr en ég fór að ræða málið við mömmu og segja henni frá því óheyrilega magni af vökva sem ég hafði drukkið að hún áttaði sig á hvað var í gangi. Hún fór strax með mig til læknis og tjáði honum að ég væri með sykursýki. Það reyndist rétt og síðan hef ég notað insúlínsprautur og nú insúlíndælu.

Það tók mig töluvert mörg ár að komast úr minni afneitun og fara að virða sjúkdóminn eins og mér bar. Ég hef aldrei látið sykursýkina stoppa mig í neinu sem ég hef viljað gera. Ég hef verið mjög opin með hana og hef talið mér lífsnauðsynlegt að fræða fólk í kringum mig á því að ég sé sykursjúk ef eitthvað kemur upp á en að öðru leyti hugsaði ég lítið um sjúkdóminn. Nú síðustu árin hef ég tekið mig á varðandi stjórnun á blóðsykri. Ekki síst er það að þakka insúlíndælumeðferðinni sem ég er á í dag. Með tilkomu dælunnar jókst þekking mín á sykursýkinni. Ég geri mér meðal annars betur grein fyrir hversu mikið insúlín ég nota á mismunandi tímum dagsins. Dælan gerir mér auðveldara fyrir að halda blóðsykrinum innan marka en hún er engin töfralausn nema ég sé sjálf tilbúin að mæla blóðsykurinn og velta fyrir mér kolvetnainnihaldi fæðunnar.

Sykursýkin hefur ekki hamlandi áhrif á líf mitt. Ég hef gengið með eitt barn og ég stunda þau áhugamál sem höfða til mín. Í sumar gekk ég á fjöll og synti út í Viðey svo eitthvað sé nefnt. En til þess að ég ætli að lifa eðlilegu lífi, án þess að láta sykursýkina stjórna mér, þarf ég að bera mikla virðingu fyrir henni og veita henni ákveðinn tíma af lífi mínu daglega. Ég mæli blóðsykurinn allt að sex sinnum á dag, einfaldlega til að vita hvernig staðan er hverju sinni. Suma daga gef ég mér oft insúlín og aðra ekki. Það þýðir ekki að ég sé slæm af sykursýkinni heldur það að ég er að lifa eðlilegu lífi sem felur í sér að borða og hreyfa sig misimikið milli daga.

Samtök sykursjúkra á íslandi hafa starfað frá árinu 1971 og er hlutverk þeirra meðal annars að veita fræðslu um sykursýki og bæta félagslega aðstöðu sykursjúkra. Samtökin standa fyrir nokkrum fræðslufundum á ári og gönguferðir eru fastur liður í starfinu svo eitthvað sé nefnt.

Á morgun verður alþjóðadagur sykursjúkra og af því tilefni standa samtökin fyrir blóðsykursmælingum í Smáralind frá 12.00-16.00. Öllum er velkomið að láta mæla sig. Sjúkdómurinn getur verið til staðar í fólki í töluvert langan tíma áður en fólk áttar sig á einkennum en það er mjög mikilvægt fyrir heilsu fólks að greina sjúkdóminn sem fyrst.

*Höfundur er sykursjúkur og meðlimur í stjórn Samtaka sykursjúkra.*


Aðeins eitt verð
1.190,- kr/kg
Ath! Sama hvað það er.
Allur ferskur fiskur, allir fiskréttir ....allur fiskur í fiskborði.
Tilboðið gildir alla vikuna.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


# Innlit í heim unglinga

**UMRÆÐAN**
Eygló Rúnarsdóttir skrifar um unglingastarf


EYGLÓ RÚNARSDÓTTIR

Vöffluilmur og glaðværar raddir mættu gestum félagsmiðstöðvarinnar Frosta við Frostaskjól miðvikudaginn 4. nóvember síðastliðinn. Þá var Félagsmiðstöðvadagurinn í Reykjavík 2009 og unglingar buðu systkini, foreldra, afa, ömmur og aðra áhugasama velkomna í félagsmiðstöðina sína þetta kvöld. Svipað var uppi á teningnum í flestum þeim 23 félagsmiðstöðvum í Reykjavík þar sem unglingar og starfsfólk tóku höndum saman þetta kvöld. Víða notuðu unglingarnir tækifærið og stóðu fyrir fjáröflun vegna ýmissa verkefna og seldu veitingar og vörur. Sums staðar skoruðu unglingar á foreldra sína og aðra gesti í spurningakeppni, tölvuleiki, borðtennis, billiard og fótboltaspil. Annars staðar voru leiksýningar, myndasýningar, tónlistarflutningur og aðrar uppákomur. Eitt var þó sammerkt með félagsmiðstöðvunum þetta kvöld. Þar skemmtu sér allir hið besta.

Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eiga sér áratuga sögu þótt starfsemin hafi breyst í takt við tíðarandann frá því Fellahellir hóf starfsemi sína í Breiðholti 9. nóvember 1974. Viðfangsefnin hafa alla jafna tekið mið af áhuga unglinganna á hverjum tíma, þörfum þeirra og væntingum til starfseminnar en blómlegt félagsstarf og stuðningur við menningu ungs fólks hefur ávallt verið rauður þráður í starfsemi félagsmiðstöðvanna.

Félagsmiðstöðvadagurinn í Reykjavík var fyrst haldinn í nóvember 2005. Markmiðið var að kynna það starf sem þar fór fram fyrir foreldrum og öðrum áhugasömum. Hugmyndin kviknaði upphaflega hjá framsýnum frístundaráðgjafa og hafði legið í dvala nokkur misseri. Tilefnið var m.a. umræða um félagsmiðstöðvarnar sem vígi unglinganna þar sem margir foreldrar höfðu sjaldan eða aldrei komið, jafnvel þótt unglingarnir eyddu þar lunganum af sínum frítíma. Fyrsti félagsmiðstöðvadagurinn mæltist vel fyrir og nokkrir foreldrar kíktu í heimsókn þennan fyrsta félagsmiðstöðvadag. Síðan þá hefur gestum fjölgað jafnt og þétt og í ár var víða troðið út úr dyrum þegar leikar stóðu sem hæst.

Aðsókn á félagsmiðstöðvadaginn í ár helst í hendur við aukna aðsókn unglinga í starf félagsmiðstöðvanna það sem af er árinu. Starfið blómstrar og unglingarnir láta til sín taka í starfinu, ýmist sem virkir þátttakendur í því sem þar fer fram eða við skipulag og framkvæmd starfsins, enda unglingar dugmikið fólk.

Unglingar, frístundaráðgjafar, foreldrar og aðrir góðir gestir félagsmiðstöðvadagsins í Reykjavík 2009 – takk fyrir frábæra skemmtun og ánægjulega samveru og sjáumst á Félagsmiðstöðvadeginum að ári.

*Höfundur er verkefnastjóri unglingastarfs ÍTR og formaður Félags fagfólks í frítímaþjónustu.*

BLUE LAGOON
ICELAND

# BLUE LAGOON HÚÐVÖRUR

## DRAGÐU FRAM NÁTTÚRULEGA FEGURÐ HÚÐARINNAR




**BLUE LAGOON HÚÐVÖRURNAR ERU NÚ FÁANLEGAR Í HAGKAUP**
Kringlunni og Smáralind. Í tilefni þess bjóðum við glæsilega kaupauka að verðmæti 12.400 krónur - ef verslað er fyrir 7.500 krónur eða meira.

**KAUPAUKI SEM VEITIR ORKU OG VELLÍÐAN**
Boðskort fyrir tvo í Bláa Lónið & vikupassi í Hreyfingu heilsurækt

**SNYRTIFRÆÐINGAR** Bláa Lónsins munu veita ráðgjöf í verslunum Hagkaups dagana 13. og 14. nóvember.




50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Aðbúnaður á geðdeildum Landspítalans

**UMRÆÐAN**

Adda Guðrún Sigurjónsdóttir
skrifar um geðheilbrigðismál

Allt frá árinu 1994 hef ég legið reglulega inni á geðdeild LSP. Þá greindist ég með innlægt þunglyndi sem tekur sig upp aftur og aftur. Það má segja að að meðaltali hafi ég legið inni tvisvar á ári eða þar um bil. Ég hef því haft tækifæri til að bera saman starf geðdeildarinnar yfir öll þessi ár.

Þegar ég lá fyrst inni, febrúar til apríl árið 1994, var sjúkraþjálfun starfandi og iðjuþjálfun. Þá var gert ágætt plan fyrir sjúklingana á deildinni og fór ég niður á hverjum degi, ýmist í sjúkraþjálfun eða iðjuþjálfun.



ADDA SIGURJÓNSDÓTTIR

Í sjúkraþjálfuninni var boðið upp á göngubretti og hjól ásamt nokkrum tækjum. Einnig var boðið upp á leikfimitíma sem voru með ýmsu móti. Í iðjuþjálfuninni máluðum við á slæður, fléttuðum körfur og gerðum ýmislegt fallegt sem jók okkur sjálfstraust. Allt þetta, hreyfingin og athafnirnar sem við gerðum daglega, jók bata okkar verulega. Á hverjum morgni voru morgunfundir þar sem við söfnuðumst saman og fórum yfir daginn með lækni og hjúkrunarfræðingi.

Einhvern tíma á þessum áratug var síðan sjúkraþjálfunin og iðjuþjálfunin lagðar niður vegna sparnaðar og tekin var upp svokölluð deildariðja á deildum þar sem málað var á gifs. Í dag er það eina afþreyingin sem býðst á deildinni og oftar en ekki liggur sú vinna niðri vegna fjarveru/veikinda starfsmanneskju. Ekki er um skipulagðar gönguferðir eða nokkra aðra hreyfingu að ræða nema sjúklingur sæki það sérstaklega. Og það ætti að vera öllum ljóst að sjúklingur í djúpu þunglyndi sækir ekki sérstaklega að fara í gönguferðir með starfsfólki. Það þarf að örva sjúklingana til að fara og hafa reglubundna hreyfingu á dagskrá. Það er vísindalega sannað að hreyfing bætir geðheilsu og hefur sérstaklega góð áhrif á þunglyndi. Það, að liggja inni á geðdeild og fitna og stirðna vegna ónógrar hreyfingar er ekki að bæta sjálfsmatið fyrir nú utan að dagsbirtan hefur, eins og allir vita, ótrúlega góð áhrif á þunglyndi.

Ég lá þarna inni á deildinni um daginn í vikutíma vegna geðlægðar og get fullyrt að ef ég hefði ekki haft prjónana mína hefði ég orðið ennþá þunglyndari eftir dvölina þar, aðallega vegna aðgerðaleysis. Ekki var um að ræða neina skipulagða viðtalstíma nema við lækninn á morgnana, þá daga sem hann/hún mætti. Ég man eftir einni kyrrðarstund með presti og einum slökunartíma með hjúkrunarfræðingi. Það fór svo alveg eftir því hvaða starfsfólk var á vakt við hvern maður gæti talað.

Landspítalinn hefur þá reglu að hafa tvær heitar máltíðir á dag, sem er auðvitað fáránlega mikil fæða fyrir sjúklinga sem hreyfa sig ekki neitt. Svo eru auðvitað kaffitímar og fleira inni á milli. Hápunktar dagsins eru þessir matartímar og svo heimsóknir þær sem maður fær kannski, ef maður er heppinn. Það segir sig sjálft að svona mikill matur og lítil hreyfing bætir ekki geð sjúklinga, þvert á móti.

Ég er algjörlega meðvituð um að spara þarf í heilbrigðiskerfinu en er verið að spara þarna? Hversu mikill sparnaður er að því að fólki sé hleypt heim, ekki alveg nógu góðu, ekki með neina eftirmeðferð og algjörlega upp á sjálft sig komið? Ég útskrifaðist viku eftir innlögn, var ekki orðin nógu heilbrigð en nægilega mikið í bata til að fara af deildinni. Mér var lofað að ég fengi sálfræðihjálp sem ég er búin að biðja um síðan í fyrra… síðan er liðinn tæpur hálfur mánuður og enginn sálfræðingur búinn að hafa samband. Ég hringdi fyrir helgi og var tjáð að búið væri að leggja inn beiðni sem tæki svo tíma að fara yfir.

Ég lagðist inn á þessa deild þrisvar sinnum síðasta vetur. Í öll skiptin fór ég heim, án eftirmeðferðar og án þess að vera orðin nægilega góð. Geðdeildin er neyðarúrræði en væri ekki æskilegra að sjúklingar fengju eftirfylgd við sitt hæfi, heldur en að leggjast inn hvað eftir annað? Myndi ekki innlögnum fækka ef boðið væri upp á prógramm fyrir hvern og einn sjúkling sem samanstæði af líkamlegri hreyfingu og andlegum stuðningi? Ég er alveg viss um að það væri sparnaður til lengri tíma litið.

Ég er útskrifuð af spítalanum en er hálfhrædd um að ekki verði langt þangað til ég þarf á honum að halda aftur ef miða má við veturinn í fyrra, nema ég fái sálfræðilegan stuðning til að halda mér uppi í vetur. Ég hugsa að það verði ódýrara fyrir LSP að veita mér reglulega sálfræðiþjónustu en að taka við mér aftur og aftur. Á sama hátt tel ég að það borgi sig að endurhæfa sjúklingana inni á deildinni í stað þess að geyma þá þar bara.

Ég gæti alveg hugsað mér að boðið væri upp á viðtalsmeðferðir eftir þörfum sjúklinganna og ekki væri talað niður til þeirra á deildinni eins og því miður viðgengst í dag. Ég er alveg viss um að með þessum aðferðum væri hægt að minnka lyfjakostnaðinn og fækka innlögnum. Einnig þarf að fara yfir starfsmannaúrvalið og kanna hverjir eru ákjósanlegir að vinna með fólki og hverjir ekki. Og það fer alls ekki eftir menntun viðkomandi hvort hann/hún er hæfur til að vinna með fólki eða ekki. Það hlýtur að vera hægt að bæta geðheilbrigði landsmanna öðruvísi en með miklum tilkostnaði.

*Höfundur er leikskólakennari.*






**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**TÍSKUSÝNING** fataiðnaðardeildar Tækniskólans fer fram á laugardagskvöldið klukkan 20 í Skautahöllinni í Laugardal. Sýnd verða föt eftir 31 nemanda auk tveggja gesta. Sýningin er hluti af Unglist, listahátíð unga fólksins sem Hitt húsið stendur fyrir.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473






Villibráðar-
hlaðborð

22. október - 18. nóvember

Nú fer hver að verða síðastur
í villibráðarhlaðborð Perlunnar.

Verð 8.290 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*
*7.290 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember
*Tilboð mán.-þri. 6.890 kr. — Verð: 7.890 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Gestir Láru hafa margir hverjir fengið að bragða á pitsunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eldar af fingrum fram

**Á kaffihúsi í Liverpool kynntist Lára Björk Hördal pitsu sem henni fannst svo góð að hún ákvað að reyna að búa hana til upp á eigin spýtur. Tilraunin heppnaðist vel og nú er pitsan eitt af hennar aðalsmerkjum.**

Lára Björk Hördal, nemi í kvikmyndafræði og ensku við Háskóla Íslands, hefur lengi haft gaman af eldamennsku og er orðin það sleip í matargerðarlistinni að hún getur sett saman uppskriftir eftir að hafa bragðað tiltekna rétti. Á það meðal annars við um pitsu sem hún kynntist á kaffihúsinu The Quarter í Liverpool þar sem hún bjó um skeið.

„Pitsan er með geitaosti og sultuðum lauk og þótti mér hún svo góð að ég ákvað að reyna að búa hana til upp á eigin spýtur. Ég notaði pitsubotn úr matreiðslubók Nönnu Rögnvaldardóttur og steikti laukinn upp úr smjöri og púðursykri. Pitsan hitti í mark og er nánast alveg eins og sú sem ég fékk á kaffihúsinu,“ segir Lára. Hún segir pitsuna eitt af sínum helstu trompum og býr hún hana ósjaldan til þegar gesti ber að garði.

Lára segir félaga sinn, snilldarkokkinn Hjálmar Sigmarsson, hafa smitað sig af matargerðaráhuganum. „Ég fékk oft að smakka góðan mat hjá honum og upp úr því fór ég að prófa mig áfram. Þessa dagana er ég hrifnust af mið-austurlenskum mat og geri hinar ýmsu tilraunir.“

*vera@frettabladid.is*

## PITSA MEÐ GEITAOSTI OG SULTUÐUM LAUK

**Pitsudeig (úr Matreiðslubók Nönnu)**
1/2 tsk. perluger
250 ml ylvolgt vatn
400 g hveiti eða eftir þörfum
2 msk. ólívuolía
1/2 tsk. salt

*Gerið leyst upp í volgu vatni. Þegar það freyðir er um helmingnum af hveitinu hrært saman við. Það er síðan látið lyfta sér við stofuhita í um eina klukkustund. Þá er olíu og salti hrært saman við og síðan meira hveiti þar til deigið er hnoðunarhæft en þó fremur lint.*

*Hnoðað vel þar til deigið er slétt og silkimjúkt. Þá er það sett í hveitistráða skál, breitt yfir hana og deigið láta standa þar til það hefur tvöfaldast. Það er síðan slegið niður, sett á hveitistráð borð og flatt út með lófum eða kökukefli.*

**Álegg**
1-2 rauðlaukar (eftir smekk)
púðursykur
geitaostur (hvítur, fæst í Búrinu og í Nóatúni)
pitsaostur
pitsusósa

*Laukurinn skorinn niður og steiktur í nokkrar mínútur á pönnu, eða þar til hann er orðinn mjúkur. Púðursykur settur á pönnuna. Lára setur slatta. Látið malla í smá stund á lágum hita eða þangað til laukurinn er orðinn karamellukenndur. Sósan sett á pitsubotninn og lauknum dreift yfir.*

*Osturinn skorinn niður í bita og honum raðað á pitsuna. Pitsaostinum stráð yfir. Bakað við 180-200 gráður í um það bil 20 mínútur.*




Nýtt

JAPANSKT
Wakame
SALAT

Brakandi fersk og holl nýjung á Nings

Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.



*Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.*

NINGS

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • **Sími: 588 9899**
**www.nings.is**



Kynningarverð
995
krónur

# JÓLIN KOMA

**JÓLAKORTALISTI** er þarfaþing og ágætt að vera búinn að fínpússa hann áður en líður að jólakortatíðinni.




## Handverksmarkaður RAUÐA KROSSINS 14. nóvember

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur handverksmarkað **laugardaginn 14. nóvember kl. 11-16** í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð. Selt verður handverk sjálfboðaliða deildarinnar, sauma- og prjónavörur, kökur og annað föndur. **Einnig verður handverk frá Mósambík** til sölu, skartgripir, box, töskur, batik-myndir og fleira.

**Allur ágóði rennur til neyðaraðstoðar innanlands.**

Nemendur MK í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Tilvalið að setja í jólapakkana og styrkja gott málefni í leiðinni

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur


# Alltaf á sínum rétta stað

**Oft vill fatnaður smáfólks verða votur við hálsmálið fyrsta árið í lífi þess. Guðbjörg Ágústsdóttir djákni heklar smekki sem henta vel til hlífðar. Hún kallar þá slefusmekki.**

„Ég datt niður á uppskrift að hekluðum bómullarsmekk um það leyti sem næstyngsta barnabarnið mitt fæddist fyrir rúmum tveimur árum. Fjótlega kom í ljós að hann reyndist þarfaþing því hann dró svo vel í sig raka svo ég heklaði fleiri og enn fleiri, enda lögðu foreldrarnir öllum öðrum smekkjum.“ Þannig lýsir Guðbjörg tilurð smekkjanna sem hún er orðin þekkt fyrir að hekla og hafa dreifst víða. Bæði hefur hún gefið þá í allar áttir, meðal annars til barna og barnabarna samstarfskvenna og svo eru þeir til sölu á vefsíðunni http://smekkir.signal.is

Þetta eru ekki matarsmekkir heldur eru þeir hafðir til hlífðar, þess vegna allan daginn og það er sama hvernig þeir snúa. „Tengdasonur minn orðaði það skemmtilega þegar hann sagði að smekkirnir væru alltaf á réttum stað. Þeir eru nefnilega hringur. Ef þeir eru orðnir blautir að framan þá færir maður þann blett bara aðeins út á öxlina,“ segir Guðbjörg.

Þegar jólin 2007 nálguðust var umrætt barnabarn Guðbjargar að verða hálfs árs. „Þá fór ég að leita að jólalitunum í garninu, rauðum og grænum,“ rifjar hún upp og kveðst líka hafa svarað óskum og heklað í stíl við föt barna, einnig hafi hún verið beðin um skírnarsmekki.

„Þetta er eitthvað sem ég geri fyrir framan sjónvarpið eða ef ég sest inn á biðstofu. Ein heklunál og dokka passar svo vel í veskið og er þægilegt að láta fylgja sér. Ef ég fer í heimsókn til vinkonu minnar á elliheimili og dreg upp heklið þá segir hún gjarnan. „Ja, þú slærð nú ekki vindhöggin!“ Hún er svo ánægð með að ég sé með eitthvað milli handanna. En mér finnst gaman að gera þessa smekki og er líka búin að kenna það mörgum.“

*gun@frettabladid.is*



„Ja, þú slærð nú ekki vindhöggin," segir frænkan við Guðbjörgu Ágústsdóttur djákna þegar hún dregur upp heklið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Smekkirnir hennar Guðbjargar eru í öllum litum.


## HANSKADAGAR

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BRÚNUM HÖNSKUM

í 3 daga frá fimmtudegi til laugardags.



Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is


## Þegar Kastró frestaði jólunum

ENGIN JÓL VORU HALDIN Á KÚBU FRÁ ÁRINU 1969 OG ALLT TIL ÁRSINS 1997.



Heimsókn páfa til Kúbu varð til þess að aflétta banninu á því að halda jólin hátíðleg.

Kúba var opinberlega lýst trúlaust land árið 1962 að ákvörðun kommúnistastjórnar Kúbu. Árið 1969 ákvað Fidel Castro, forseti landsins, að stroka jólin út af dagatalinu þar í landi þar sem hann taldi þau trufla vinnu við sykurreyrsuppskeruna og hátíðahöld sem þeim fylgdu. Kúbustjórn bannaði jólatré á almannafæri svo og myndir eða uppsetningar á fæðingu Jesú nema á stöðum sem ferðamenn sóttu eins og til dæmis á hótelum. Árið 1997 tilkynnti Jóhannes Páll páfi II að hann ætlaði að heimsækja Kúbu í byrjun árs 1998. Honum til heiðurs ákvað Kúbustjórn að gefa landsmönnum frí til að geta haldið jólin hátíðleg áður en hann kæmi til landsins. Hún lét þess þó getið að þetta væri undantekning sem ekki væri víst að yrði endurtekin. Það varð þó úr og í dag fagna Kúbverjar jólunum líkt og stór hluti heimsbyggðarinnar. Að kvöldi aðfangadags mæta þúsundir Kúbubúa á uppreisnartorgið í Havana Risastórum sjónvarpsskjám er komið fyrir á torginu fyrir utan dómkirkju Havana þannig að fólkið getur fylgst með páfanum flytja messu í Péturskirkjunni í Róm. Samkomunni lýkur með því að kirkjuklukkurnar hringja á miðnætti á aðfangadegi og hringja þannig inn jólin.

Heimagerðar jólagjafir eru málið í ár. Kökur, sætindi og prjónaðir vettlingar eru klassískar gjafir en einnig er hægt að búa til aðra hluti á borð við líkamsskrúbb úr epsomsöltum, sykurreyr og olíum. Slíkar uppskriftir má finna víða á vefnum.

www.marthastewart.com


**Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is**

visir.is
„...ég sá það á vísi"
FRÉTTABLAÐIÐ

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330
FRÉTTABLAÐIÐ



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 13. nóvember 2009



Maggi Jóns og Vera Sölvadóttir eru BB & Blake

# BANDIÐ BYRJAÐI SEM SKIPTIDÍLL

+ EMAMI-UNDRIÐ FÆRIR ÚT KVÍARNAR + HELGA BJÖRNSSON FATAHÖNNUÐUR OG NÝ LAMBASKINNSLÍNA + FATASKÁPUR SVÖLU LINDAR Í ROKKI OG RÓSUM





MARGMIÐLUNARSPILARI

UNITED
MEDIA SPILARI
720/1080i

United HD MMP 9530
720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með 640GB WD Greenpower hörðum diski, HDMI, Optical og Composite tengjum, innbyggðum SD/MMC kortalesara ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

Kr. 26.950

WD
640GB DISKUR

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ fylgist vel með




## STEINGRÍMUR GAUTI INGÓLFSSON, NEMI OG BARÞJÓNN Á KAFFIBARNUM

Ég er að spá í að vera menningarlegur og fara í leikhús á laugardaginn. Annars verður oft lítið úr helgunum mínum því ég læt alltaf plata mig í eitthvert svínarí sem endar undir morgun. Svo er reyndar Kaffibarinn sextán ára um helgina og það er eiginlega dónalegt að mæta ekki í afmælið.

### Þórunn Högna með nýjan þátt



Innanhússgaldrakonan og ofurskvísan Þórunn Högnadóttir sem áður var hluti af Innlits-Útlits þríeykinu á Skjá Einum ásamt Arnari Gauta og Nadíu Banine er að byrja með nýja þætti nú í desember. Þættirnir verða sýndir á sjónvarpsstöðinni ÍNN og munu, líkt og Innlit-Útlit, fjalla um heimili og húsbúnað. Munurinn er þó sá að í nýja þættinum fjallar Þórunn um ódýrar og sniðugar lausnir fyrir heimilið ásamt því sem hún fókuserar á íslenska hönnun og framleiðslu.



### Skírnarveisla á Boston

Þegar skíra á barn láta flestir sér duga að dekka borð með hvítum dúk, baka eina kransaköku og skella litlili dúkku í vöggu ofan á. En ekki tónlistarmaðurinn Gísli Galdur og Kristín Kristjánsdóttir, kona hans. Dóttur þeirra og frumburði verður gefið nafn á sunnudaginn. Í tilefni af því verður slegið upp veislu á skemmtistaðnum Boston, þangað sem fjölskyldu og vinum þeirra er boðið að koma að fagna nýju nafni. Tilefnið er reyndar tvöfalt en Kristín átti afmæli á fimmtudaginn og fagnar því þrítugsafmæli sínu samhliða nafngjöf dóttur sinnar.

### Teknódýr á NASA

Teknó goðsögnin Umek verður á NASA á laugardagskvöldið en þar verður til húsa árshátíð Techno.is.

Umek þessi er þekktasti plötusnúðurinn og vinsælasti tónlistarmaðurinn innan danstónlistarinnar í Slóveníu og byrjaði að þeyta skífum árið 1993.

Umek náði þá heimsfrægð í hinum stóra techno heimi þegar hann gaf út smáskífuna " Lanicor".

Lætin hefjast á miðnætti og miðar kosta 2000 krónur í forsölu.



**Nýja línan** Meðal fatnaðar er að finna toppa, buxur og yfirhafnir.



**Krefjandi verkefni** Steinunn Garðarsdóttir, yfirhönnuður Emami, og Bjarni Garðarsson eigandi ásamt verslunarstjóra nýju verslunarinnar.

Emami færir út kvíarnar

þetta HELST

# NÝ BÚÐ Á LAUGAVEGI

Sjaldan hefur sést vinsælli kjóll en Emami-kjóllinn sem gerði allt vitlaust fyrir um tveimur árum. Það sem er einstakt við kjólinn er að hann var hægt að nota á fjölmarga mismunandi vegu svo að í raun var hann margar flíkur í einni. „Vegna gífurlegra vinsælda kjólsins var ráðist í nýja línu sem er byggð á sömu hugmynd og kjóllinn, það er hægt að nota hana á marga vegu," útskýrir Brynjar Ingólfsson, framkvæmdastjóri Emami. Línan er hönnuð sem fyrr af Steinunni Garðarsdóttur í samstarfi við fatahönnuðina Lindu Árnadóttur og Ásmund Ásmundsson. „Það var krefjandi verkefni að hanna margar fjölnota flíkur en línan hefur vakið mikla athygli erlendis þar sem hún hefur verið sýnd undanfarið." Ný verslun undir nafninu Emami verður opnuð um helgina á Laugavegi 66 og í tilefni þess verður fimmtán prósenta afsláttur alla helgina. „Á föstudagskvöldið verður haldin vegleg tískusýning og opnunarteiti en svo verður búðin opin bæði laugardag og sunnudag." Brynjar bætir því við að Emami-fatnaðurinn henti vel tíðarandanum í dag. „Það er auðvitað hagkvæmt að geta keypt sér eina flík sem getur breyst í svo ótal margar útgáfur." *- amb*

Ný herradeild og afmælisveisla:

## Gyllti kötturinn bjargar strákunum

Tískufrík af karlkyni ættu ekki að láta sig vanta í fjögurra ára afmælisveislu Gyllta kattarins. Samhliða afmælisveislunni verður nefnilega ný herradeild vígð. Það, segir Viktoría Hermannsdóttir aðstoðarverslunarstjóri, er gert til að bregðast við bráðafataskorti karlmanna borgarinnar. „Það virðist ekki fást mikið af fötum fyrir stráka á almennilegu verði hérna. Við verðum með mikið úrval fyrir þá, bæði notaðar og nýjar vörur. Boli, peysur, gollur, skyrtur, jakka – allt sem herramenn vantar!"

Eftir sem áður verður kvenfataúrvalið gott og eru jólavörurnar teknar að streyma í hús. Afmælinu verður fagnað í versluninni á morgun, laugardag, á milli klukkan tvö og sex. Sigríður Thorlacius söngkona mætir og tekur nokkur lög af nýju plötunni sinni, Anna Rakel þeytir skífum og léttar veigar verða í boði. *- hhs*



**Í Gyllta kettinum** Aðstoðarverslunarstjórinn Viktoría Hermannsdóttir býst við mikilli gleði í fjögurra ára afmælisveislu kisa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

✻ augnablikið



**LEIKARAPARIÐ** Demi Moore og Ashton Kutcher voru ástfangin að sjá á góðgerðarballinu „Gentlemen's Ball" í New York í síðustu viku.

## Pop-up búð!

Níu hönnuðir ætla að selja vörur sínar á hagstæðu verði í svokallaðri PopUp Verzlun, sem skýtur upp kollinum í fjórða sinn á laugardaginn. Í þetta sinn er það að Bankastræti 14, á efri hæð, í sama húsnæði og Nakti apinn var til húsa. Meðal hönnuða má nefna: Sunnu Dögg Ásgeirsdóttur með barnaföt, Aaron Charles Bullion með herraskyrtur, Eygló Margréti Lárusardóttur með kvenföt, og Elvu Dögg Árnadóttur með hekluð hálsmen og kvenföt. Verslunin verður opin á laugardaginn frá klukkan 11 til 20. *- hhs*



**Peysa frá Sonju Bent** Sonja Bent og átta aðrir hönnuðir selja vörur sínar á hagstæðu verði í PopUp Verzlun í Bankastræti.




föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Ritstjóri** Anna M.Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Kerti
20%
afsláttur
4 saman
590,-
6 saman
1.590,-
6 saman
690,-
2 saman
990,-
590,-
1.990,-
3 saman
1.190,-
290,-
390,-
1.490,-
2.490,-
3.990,-
490,-
10 cm
490,-
öðruvísi
JÓL
í Pier
2.390,-
3.490,-
1.990,-
2.990,-
6.990,-
2.990,-
the
PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# BANDIÐ BYRJAÐI SEM SKIPTI

**Vera Sölvadóttir og Magnús Jónsson eru dúettinn BB & Blake. Dúettinn varð til árið 2006 en fyrsta platan, sem heitir einfaldlega BB & Blake, er þessa dagana að skríða á Netið og í búðir. Dúettinn ætlar sér að gera usla á dansgólfunum og segir að það sé miklu skemmtilegra að vera í hljómsveit í kreppu en í góðæri.**

*Texti:* Dr. Gunni
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason


**Vera Sölvadóttir og Magnús Jónsson eru BB & Blake. „Platan er miklu fjölbreyttari en það sem við höfum sýnt af okkur til þessa.“**

Platan er miklu fjölbreyttari en það sem við höfum sýnt af okkur til þessa,“ segir Magnús Jónsson. „Við erum ekkert endilega í þessu sama poppi og var það fyrsta sem fólk heyrði með okkur. Við förum aðeins yfir í eitís-sándið og trip hopp. Þarna er líka frönsk kaffihúsastemning í einu lagi. Það er alltaf verið spyrja mann hvernig tónlist maður er að gera en ég veit aldrei hvernig tónlist ég er að gera. Veit það nokkur? Ég fer alltaf bara út í horn. Vóó … ég er bara að gera einhverja músík.“

Vera: „Við samt byrjuðum á því að hugsa, til dæmis: Gerum hérna eitt diskólag. Og svo breyttist allt í ferlinu og varð eitthvað allt annað.“

Magnús: „Það var enginn útgangspunktur. Við ákváðum bara að gera lög saman. Við komum úr ólíkum áttum og erum með ólíkan bakgrunn. Hún hefur búið mikið í Frakklandi og hefur gert heimildarmyndir og ég er leikari. Þetta smitast inn í lögin.“

## GENGIÐ Á MEÐ HLÉUM

Vera: „Ég var að gera lokaverkefni í kvikmyndaskóla sem ég var í úti í Frakklandi. Einhver jólin kom ég heim og heyrði eitthvert diskólag með Magga sem mér leist vel á og vildi fá í myndina. Ég spurði hann bara og þannig byrjaði þetta. Það varð eiginlega skiptidíll út úr þessu. Ég fékk lagið en Maggi bað mig um að syngja inn á lag sem hann var að gera og vildi hafa á frönsku. Við förum svo bara að senda músík á milli í tölvupósti.“

Magnús: „Við sögðum aldrei: Nú stofnum við hljómsveit og förum inn í skúr og teljum í. Þetta hefur bara gengið á með hléum. Stundum hefur hún verið á fullu í sínu og ég í leiklistinni. Nú þegar platan er komin verður bandið áberandi um hríð. Við erum búin að fjölga í því. Árni Kristjánsson (gítarleikari Silfurtóna og Vonbrigða) og Dj Hlynur eru orðnir fastir meðlimir og við erum með fullt af fólki sem droppar inn á tónleika.“

Útgáfutónleikar plötunnar verða annað kvöld, laugardagskvöldið 14. nóvember, á Sódómu. „Við erum með tvö selebritís sem koma fram með okkur,“ segir Magnús. „Þá Barða Jóhannsson og Ingvar E. Sigurðsson. Ingvar er lunkinn á harmóníkunni og leynir á sér á hljómborðinu. Og svo eru þarna líka Jara og Unnur Birna Björnsdóttir – ekki alheimsdrottning, heldur rokkari.“

Vera: „Dóttir hans Magga, Hekla Magnúsdóttir, ætlar líka að koma fram með okkur. Hún spilar á teramín og er í hljómsveitinni Bárujárn. Mátti ég ekki segja þetta?“

Magnús: „Ha, jú jú! Ég viðurkenni það alveg að ég er orðinn 44 ára. Er rokkið alveg ónýtt núna?“

Vera: „Nei nei, Rod Stewart er miklu eldri en þú.“

## JÁRNIN Í ELDINUM

Meðlimir BB & Blake hafa mörg járn í eldinum. Það er íslenska aðferðin.

Vera: „Þetta er svolítið kaótískt, ég viðurkenni það. Maggi er að leika á fullu svo við æfum á kvöldin. Ég er að vinna heimildarmynd með Þorsteini Joð sem við tókum upp í Afríku. Hún er um hjón á Hvolsvelli sem eru komin á eftirlaunaaldur. Þau eru með skóla úti í Búrkína Fasó. Þegar kreppan skall á varð erfiðara að fjármagna skólann svo þau keyrðu tvo jeppa rúmlega níu þúsund kílómetra til að selja þá fyrir skólann. Við eltum þau og vonumst til að afraksturinn komi í sjónvarpið um jólin. Svo er ég að kenna í Kvikmyndaskóla Íslands. Og líka að búa til stuttmynd með vinum mínum.“

Magnús: „Ég er að æfa fyrir aðra syrpu af Rétti, sem fer í tökur eftir rúma viku. Ég er að koma mér í þann gírinn núna. Ég er svo líka í Brennuvörgunum í Þjóðleikhúsinu og svo fer ég norður og leik Frank-N-Furter í Rocky Horror eftir áramót.“

Vera: „Magnús hefur alltaf verið góður í sokkabuxum.“

## MAGGI GEIMVERA

Magnús er áhugamaður um geimverur og samsæriskenningar. Ég má til með að spyrja hann aðeins út í það. Vera varar mig við að það geti tekið langan tíma svo ég bið um stuttu útgáfuna.

„Aðalatriðið í geimverufræðum – exopolitics – er að sálin er eilíf. Við erum orka. Þetta er bara millibilsástand, stoppistöð,“ segir Magnús. „Það sem mér finnst merkilegast núna er að það er enginn að velta áhrifum bóluefnisins á svínaflensuna. Það er rosalega lítil umræða um það. Allir fjölmiðlar keyra á sömu fölsuninni. Svo þegar maður les aðra hlið á málinu eru margir sem segja: Ekki taka þetta! Bólusetningin er stórhættuleg! Það er kvikasilfur í þessu og ekki búið að prófa þetta á fólki. Hver segir svo að þessi svínaflensa sé eitthvað hættulegri en aðrar flensur? Það er bara búið að ljúga þessu í hausinn á okkur.“

Vera: „Af hverju förum við að tala um þetta?“

Magnús: „Nú, þetta er partur af exopolitics. Þetta er partur af „The new world order agenda“.

Exopolitics – hvað er nú það?

Magnús: „Það er orð sem rúmar margt, til dæmis geimverufræði og Illuminati. Sumir kalla þetta samsæriskenningar. Ég kalla þetta „alternative thinking“. Ég er stoltur af því að vera kallaður Maggi geimvera. Ég er alveg hundrað prósent viss um að við séum geimverur. Í alvöru! Þróunarsaga Darwins er bara eitthvað sem er búið




## * bak við tjöldin

**Uppáhaldsborgin mín:**
**Vera:** Í dag er það New York.
**Magnús:** Prag.

**Land sem langar að heimsækja:**
**Vera:** Japan.
**Magnús:** Argentína.

**Besti árstíminn á Íslandi:**
**Vera:** Sumarið.
**Magnús:** Veturinn.



**Uppáhaldshljómsveit eða tónlistarmaður:**
**Vera:** Madonna, Jara og David Bowie.
**Magnús:** Ég kem með klisjuna: David Bowie.

**Skemmtilegast að gera:**
**Vera:** Að vera til.
**Magnús:** Að leika tónlistarmann uppi í geimnum.

**En leiðinlegast:**
**Vera:** Bíða.
**Magnús:** Ég er of jákvæður til að vita það.

**Uppskrift að fullkomnum sunnudegi:**
**Vera:** Vakna, fara í sund, fara á hestbak, vera svo lengi á hestbaki að maður er að drepast úr hungri og þarf að borða rosalega mikið af kjötsúpu. Fara svo á Annie Hall hafandi aldrei séð hana.
**Magnús:** Vakna, horfa á Esjuna út um gluggann, fá sér morgunmat, fara í Koló, borða sushi og fara svo á Silence of the lambs hafandi aldrei séð hana.



# leikur í höndum

FÖSTUDAGUR 13. NÓVEMBER 2009



NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ




Íbúðalánasjóður

## Greiðslujöfnun íbúðalána

- Lán Íbúðalánasjóðs verða greiðslujöfnuð frá og með 1. desember 2009
- Áætluð lækkun á mánaðarlegri greiðslubyrði er allt að 17%
- Afþakka þarf greiðslujöfnun fyrir 20. nóvember
- Nánari upplýsingar ásamt tilkynningu um afþökkun er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs

**www.ils.is**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969




TVÆR GÓÐAR!

Einstakar lífsreynslusögur Erlu Jóhannsdóttur, sem missti stóran hluta fjölskyldu sinnar í snjóflóði fyrir hálfri öld, Skúla Lórenzsonar, miðils, Ragnars Axelssonar, ljósmyndara, Unnar Berglindar, strútabónda í Suður-Afríku og séra Hjartar Magna Jóhannssonar, sem sendir ríkiskirkjunni tóninn.

Skrautlegt og skemmtilegt jólaföndur. Aðventubókin í ár.

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
holabok.is

20% afsláttur á meðan birgðir endast!
100% náttúrulegt

Metasys er áhrifaríkt fæðubótaefni sem hefur hjálpað þúsundum Íslendinga við að létta sig. Að auki er Metasys mjög heilnæmt og þykir auka orku og úthald. Þeir sem hafa náð bestum árangri á Metasys hafa bætt inn hæfilegri hreyfingu og viðhaft skynsamlegt mataræði

Kíktu inn á www.metasys.is
Þú færð Metasys í heilsu- og lyfjaverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

metasys

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Ásta Heiðrún segist hafa lagt grunn að kunnáttu sinni í saumaskap í heimavistarskóla á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Smekklegar í sveitinni

**Ásta Heiðrún Stefánsdóttir hefur mikla ánægju af saumaskap og hefur haft síðan í grunnskóla. Um leið og hún saumar á sjálfa sig og alla fjölskylduna fær hún útrás fyrir sköpunargleðina.**



Eins og sjá má er saumakonunni ýmislegt til lista lagt.

„Ég fermdist árið 1975 og man vel eftir pilsinu. Það var sítt pils úr flöskugrænu fínflaueli, afskaplega fallegt," segir Ásta Heiðrún og brosir. „Ég var í heimavistarskóla á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði, þar sem handavinnukennslan var mjög góð. Okkur var meðal annars kennt að sauma, prjóna, hnýta, hekla og sauma út. Það var mjög almennur áhugi á þessum tíma, enda fataúrvalið á landinu ekki mikið og föt oft dýr. Þarna og hjá mömmu lagði ég grunn að minni kunnáttu í saumaskap."



Skemmtileg matrósaföt úr smiðju Ástu Heiðrúnar.

Ásta Heiðrún segir einnig að hefð sé fyrir handavinnu í bæði móðurfjölskyldu hennar og föður.

Eru þá ekki fjölmargir saumaklúbbar haldnir í fjölskyldunni? „Nei, það er nefnilega svo skrítið," segir Ásta Heiðrún hlæjandi. „Það eru ekki haldnir formlegir saumaklúbbar en við erum hins vegar oft með matar- og kökuklúbba."

Saumakonan fjölhæfa saumaði á dætur sínar og son frá fæðingu og hún er enn að sauma á dætur sínar sem eru 25 og 28 ára. „Þá er ég komin út í hönnun og það finnst mér afskaplega gaman. Það jafnast ekkert á við að hanna og sauma flottan árshátíðarkjól. Ég hef gert nokkra á mig sjálfa þegar þorrablót hafa verið í sveitinni," segir Ásta Heiðrún, sem býr í Reykárhverfi í Eyjafjarðarsveit. *- uhj*

# Fólk duglegt að sauma sjálft

„Skólastúlkur eru rosalega duglegar að sauma sjálfar," segir Guðlaug Ólafsdóttir í vefnaðarvöruversluninni Virku. Hún segir það hafa færst í aukana að fólk saumi sér föt og hefur fundið fyrir síaukinni sölu á fataefni síðastliðið eitt og hálft ár. „Það koma hingað konur sem segjast ekki hafa saumað í mörg ár en ætla að fara að taka út saumavélina. Skólastúlkur kaupa helst jersey-efnin sem þær nota meðal annars í kjóla, peysur og fleira. Svo eru efni í leggings-buxur sem glansa aðeins rosalega vinsæl og við erum með mikið úrval af þeim í gulli, silfri og svörtu," útskýrir Guðlaug.

„Soðna ullin og þunn prjónaefni í kjóla og peysur eru að koma mikið inn fyrir konur á öllum aldri. Einnig eru „memory taft"-efni tekin mikið í svona pokapils, því þau krumpast og hægt er að forma þau eins og fólk vill," útskýrir Guðlaug. „Það er mikið saumað úr jogging-efni, bæði buxur og gallar, og teygjusatín er mjög vinsælt í kjóla ásamt venjulegu satíni," bætir hún við.

Aðspurð segir hún sniðin einnig fáanleg í versluninni. „Við erum með bækur og blöð sem fólk getur flett. Fólk getur sest hérna og skoðað sniðin og við reynum að ráðleggja fólki eins og við getum," segir Guðlaug. *- ag*



Guðlaug segir jersey-efnin vera vinsæl í kjóla, peysur og fleira, auk þess sem glansandi efni í leggings-buxur seljist vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




● **ALFRÆÐIBÓK UM SAUMASKAP** Í bókinni The New Complete Guide to Sewing er að finna allar þær upplýsingar sem þú þarft á að halda varðandi saumaskap, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Í bókinni er farið skref fyrir skref í gegnum allt frá því að sníða yfir í hvernig skal festa rennilása. Leiðbeint er um val á efnum og hvaða aðferð hentar best hverju sinni. Þessi alfræðibók um saumaskap er fallega myndskreytt og inniheldur fjölda hagnýtra ráða. Í henni má finna tuttugu verkefni sem eru tilvalin til þjálfunar og gefa hugmyndir að fatnaði, gluggatjöldum og bútasaumsteppum svo eitthvað sé nefnt. Með The New Complete Guide to Sewing geturðu náð góðum tökum á saumaskapnum, en bókin er fáanleg í Pennanum. *- ag*


Margir bíða eftir að komast á saumanámskeiðin hjá Helgu Rún og Elínu Björk.

# Biðlistar á námskeið

„Ég auglýsti saumanámskeið fyrir þremur árum og þá svaraði enginn auglýsingunni, en núna síðan í september hefur allt verið fullt og endalausir biðlistar,“ segir Helga Rún Pálsdóttir sem heldur saumanámskeið ásamt Elínu Björk Ásbjörnsdóttur á vinnustofu þeirra á Suðurlandsbraut 52.

„Flestar konur mæta til að koma sér aftur af stað, en svo eru aðrar sem hafa aldrei verið að sauma og langar til að læra að breyta fötunum sínum eða sauma ný,“ útskýrir Helga Rún.

„Í dag getur verið mikill sparnaður að sauma sér frá grunni, geta lagað eigin föt eða keypt föt á hagstæðu verði og breytt þeim. Á saumanámskeiðunum okkar förum við í gegnum alla þessa þætti,“ bætir hún við.

Fjórar til átta konur komast á hvert námskeið sem er fjögur kvöld, einu sinni í viku í þrjár klukkustundir í senn.

„Konur þurfa ekki að koma með saumavélar frekar en þær vilja því við erum með góðan vélakost. Þær þurfa aðeins að kaupa efnið sem þarf í flíkina, allt hitt erum við með á staðnum,“ segir Helga, en nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á www.prem.is. *- ag*

● **EINFALT OG FLJÓTLEGT** Auðvelt er að sauma einfalt en flott pils til að skottast í við leggings eða utan yfir buxum. Það sem þarf er þunnt efni sem fellur vel, til dæmis viskós eða blúnda og hið þægilega stroffefni sem haft er tvöfalt í mittið.

Byrja þarf á að gæta þess að stroffið verði passlega vítt í mittið svo pilsið haldist nú uppi. Best er að sauma stroffið við þunna efnið með teygjuspori eða overlook-spori en stórt sikksakkspor gagnast líka. Fallegt er að búa til fellingar í þunna efnið efst og þræða þær niður áður en stroffið er lagt ofan á þær á réttunni og kantarnir eru saumaðir saman. Enn þá einfaldara er þó að rykkja pilsið með því að teygja á stroffinu um leið og það er saumað við þunna efnið. (Gæta þess að leggja stroffið ofan á réttuna.) Svo er pilsið einfaldlega saumað saman með einum saumi sem síðan er hafður að aftan. *- gun*



● **SAUMAVÉLAR SELJAST VEL** „Sala á saumavélum hefur aukist mikið síðustu tvö ár, sérstaklega núna á þessu ári,“ segir Selma Gísladóttir í saumvéladeild Pfaff. Hún segir Husqvarna Emerald-saumavélar vera vinsælastar, en Pfaff er umboðsaðili fyrir Husqvarna- og Singer-saumavélar á Íslandi.



„Husqvarna Emerald-saumavélarnar eru til í fjórum gerðum og á mismunandi verði, en vinsælasta vélin hjá okkur heitir Emerald 122. Hún er hefðbundin og með öllu þessu helsta sem maður þarf, overlook, hnappagötum, blindfaldi og teygjuspori. Það er vélin sem við seljum mest af og kostar 64.900 krónur,“ útskýrir Selma. „Við erum einnig með Husqvarna Emerald-vél sem er stafræn. Það er bæði hægt að nota hana í allan fatasaum og bútasaum. Þessar stafrænu vélar eru einfaldari í notkun og stilla sig að mesti leyti sjálfar, svo það eru auðveldustu vélarnar, sérstaklega fyrir þá sem eru að byrja,“ bætir hún við. *- ag*

Gífurlegt úrval af efnum!!

Allt til bútasaums, fullt af nýjum jólaefnum, batik og barnaefnum.

Tilbúnar teppapakkningar í falleg jólatrésteppi og margt fleira!

Einnig allt til fatasaums, jerseyefnin vinsælu í miklu úrvali og nýjustu tískuefnin, daglega nýjar sendingar!

Komið og skoðið úrvalið!



VIRKA
Opið mán-föst. 10-18. Laugardaga 11-15.
Mörkin 3, sími 5687477 www.virka.is




Álafossvegi 23, Mosfellsbæ
Sími: 566 6303
Opið:
Mánudaga til föstudaga: 9:00 - 18:00
og laugardaga 9:00 - 16:00
Síðan 1896
ÁLAFOSS
www.alafoss.is

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið








Bílskúrseigandinn á nokkrar borvélar enda á hann vini sem þurfa stundum á þeim að halda.



Pétur notar sérstaka verkfæraskápa undir verkfærin sín og skipuleggur þannig bílskúrinn sinn vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Félagsheimilið í vel skipulögðum bílskúrnum

**Pétur er enginn venjulegur maður. Hann rekur hálfgert félagsheimili í vel skipulögðum bílskúr sínum. Þar er alltaf líf og fjör hjá verklögnum körlunum sem oft fá svo kaffi hjá Veigu, eiginkonu Péturs.**



Pétur viðurkennir fúslega að vera svolítið verkfærasjúkur.

„Já, þeir koma oft hingað karlarnir í kaffi og svo kíkjum við í skúrinn. Það er alltaf eitthvað sem þarf að dytta að og laga,“ segir Pétur. Hann fékk bíladelluna ungur að árum.

„Við erum oft ekkert að gera sömu hluti, sumir eru að gera við bílana, aðrir að renna járn eða gera upp gamla hluti eins og mótorhjól. Þetta er bara svona hobbí og góður félagsskapur,“ segir Pétur og vill sem minnst úr þessu gera. Sannleikurinn er nefnilega sá að hvorki meira né minna en fjörutíu manns hafa lykil að bílskúrnum hans Péturs. „Já, ætli ég sé ekki bóngóður en ég á líka marga góða vini og kunningja. Ef þú gerir ekki neitt fyrir aðra gera aðrir ekki neitt fyrir þig. Við erum góðir félagar hér.“ Pétur vill varla gefa upp í hverju hann sé flinkur. Kunningi hans segir hann vera „altmuligtman“.



Bílskúrinn hans Péturs er vel skipulagður og ljóst að hann leggur sig fram við að hafa félagsheimilið fínt. Á veggjum eru skápar sem verkfærum er haganlega raðað í og á gólfum eru borð með skúffum þar sem sömuleiðis allt er vel niðurraðað. „Ég set alltaf verkfærin strax á sinn stað,“ segir Pétur sem getur samt ekki kastað tölu á öll skrúfjárnin í einum skápnum. „Kannski eru þau hundrað, nei ég veit það ekki, hundrað og fimmtíu,“ segir hann og lítur spyrjandi á blaðamann og saman samþykkjum við þá tölu.

Notarðu öll þessi verkfæri? „Já, en veistu að ég nota þau eiginlega alltaf þótt síðar sé. Ég lána þau líka stundum vinum og kunningjum.“

En ertu ef til vill stundum eins og konur sem kaupa föt þótt þær eigi fullt af þeim í fataskápnum? „Já, já, eflaust. Kannski er ég svolítið verkfærasjúkur. En það er gott að eiga þetta í handraðanum og aldrei að vita hvort þau komi að notum.“

Hvað myndirðu ráðleggja þeim sem eru að kaupa eða skipuleggja bílskúra? „Ég myndi ráðleggja þeim að hafa vítt til veggja í skúrunum og hátt til lofts svo hægt sé að setja bílalyftu í skúrinn. Þá er gott að flísaleggja gólfið og láta plast vera á gólfinu til að halda því vel og hafa svona skápa eins og ég er með. Það er ekkert gaman að vinna í skítugum skúr með verkfærin út um allt,“ segir hann. „Hjá mér er þetta eins og ég segi hobbí en þetta er nú líka svona miðstöð fyrir okkur karlana en það er besta mætingin á laugardögum. Þá er líka þessi ansans enski fótbolti og við erum fegnir að vera lausir við hann.“ *-uhj*








**● BLETTAÐU BÍLINN** Það getur verið dýrt að láta gera við lakkskemmdir og bletta bílinn. Best er að gera við litlar skemmdir jafnóðum áður en ryð fer að myndast, en það getur maður gert sjálfur og sparað sér pening.



„Ef ryð er komið þarf að slípa það úr fyrst, en svo lengi sem grunnurinn er heill undir getur fólk farið á sprautuverkstæði og látið blanda fyrir sig réttan lit og gert við litla punkta eftir grjóthögg," segir Árni Þór Árnason hjá Massi þrif ehf. „Umboðin eru líka að selja lakk í litlum staututm, en það endist mjög stutt og kostar mun meira en lakk á verkstæði," bætir hann við.

„Nýir bílar eru yfirleitt með verra lakk en eldri bílar vegna þess að hér áður fyrr var blý í lakkinu svo það var sterkara, en nú er vatnslakk út af umhverfissjónarmiðum. Ef verið er að bletta í svoleiðis verður eiginlega að setja glæru áður og á eftir, nema þetta séu litlir punktar," útskýrir Árni og segir það góða reglu að fara yfir bílinn einu sinni á ári. *- AG*




# Mikilvægt að bóna líka falsið á bílhurðunum

„Ég held bílnum mínum við með því að bóna hann á eins og hálfs til tveggja mánaða fresti, alltaf með sama bóninu," segir Arek Kújoth hjá bónstöðinni Bóni og þvotti í Vatnagörðum. Hann segir mikilvægt að bóna og þrífa bílinn reglulega til að halda honum í góðu ástandi.

„Ég byrja á því að taka gömlu bónhúðina af með bónleysi sem fæst í málningarvöruverslunum. Síðan er bíllinn þveginn að utan og þurrkaður vel áður en ég bóna vel yfir hann, en þá nota ég teflon-bónblöndu frá Concept," segir Arek. „Það er líka mikilvægt að bóna inn í falsið á hurðunum því þá festist síður drulla þar. Ég bóna bara allt sem hægt er því þá er minna að þrífa næst og minna viðhald á lakkinu," útskýrir Arek og segir bónið ekki aðeins gefa glans heldur verja lakkið gegn ryðblettum.

Aðspurður segir hann það misjafnlega tímafrekt að þrífa bílinn. „Þegar ég er að þrífa bílinn minn get ég þess vegna verið þrjá klukkutíma að því. Þá er ég að þrífa hann að utan og innan og felgurnar líka, svo það safnist ekki tjara og drulla á þær," segir Arek. *- ag*


**Arek segir mikilvægt að bóna og þrífa bílinn reglulega.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Gerðu betur við bílinn þinn

Nýttu þér sérfræðiþekkingu okkar og endalaust litaúrval á lakkbarnum.
Gott verð og úrval á stærsta vara- og aukahlutalager landsins.

**Ráð sérfræðinga N1 um meðhöndlun lakkskemmda**

Mikilvægt er að meðhöndla skemmdir í lakki vegna grjótkasts strax annars má búast við að viðgerðin verða stærri og kostnaðarsamari.

Slípið fyrst ryðið burt inn í bert járnið með ryðbólubursta. Ef ekki næst að slípa allt ryð í burtu skal pensla Plasti-Kote ryðbreytiefni þannig að flöturinn sé þakinn að fullu. Ryðbreytiefnið er látið þorna í 1-2 klst. og síðan er grunnað yfir með Zinc-182 grunni og látið þorna í 2-3 klst. miðað við stofuhita. Grunnurinn er síðan slípaður með sandpappír P320-P400 fyrir málningu.

Ef ryðskemmdir eru orðnar stærri en svo að hægt sé að lagfæra þær með ryðbólubursta er hægt að slípa ryðið í burtu með flókaskífu sem bæði er hægt að nota með slípirokk eða borvél. Ryðið er slípað úr og lakkbrúnir slípaðar út með sandpappír P150-P180. Svo er Isopon P38 fylliefni borið í sárið með spaða og látið þorna í um 30 mín. Fylliefnið er slípað með P120-P400 og flöturinn síðan grunnaður með Zinc-182 grunni sem fáanlegur er bæði til penslunar og einnig í úðabrúsum.

**ATH!** Í lakkdeild N1 er hægt að fá hvaða lakklit sem er, hvort sem er í dósum eða úðabrúsum. Góð ráð og allar nánari upplýsingar er að finna í lakkdeild N1 Bíldshöfða 9.



Ólafur Pétur Ásgeirsson, lakksérfræðingur

**Bón og hreinsivörur frá TurtleWax**




Tilboðin gilda út nóvember eða á meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA

**N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9**
**N1 verslanir:** Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

**WWW.N1.IS**
**Sími 440 1000**

**Meira í leiðinni**


# Bílaviðgerðir á internetinu

Ef hægt er að treysta á eitthvað í þessum heimi þá er það málið að það kostar peninga að eiga bíl. Sú staðreynd á einkum við hjá þeim sem láta fagmenn um að laga alla mögulega og ómögulega hluti, því verkstæðisreikningurinn er nánast alltaf hærri en búist hafði verið við.

Yfirlega á internetinu getur í þessum tilfellum, eins og svo mörgum öðrum, gert lífið léttara. Þar er nefnilega að finna ótal vefsíður sem geyma leiðbeiningar um það hvernig hægt er að gera sjálfur við bílinn sinn. Ef þú vilt spara með því að skipta sjálfur um olíu, bremsuklossa og allt þar á milli er næsta víst að ráðið finnst á Netinu.

Oftast nær nægir að slá inn lykilorð vandamálsins upp á engilsaxnesku í þar til gert leitarforrit. Til hægðarauka má þó benda á vefsíðurnar repair4car.org og 10w40.com sem eru hafsjór af fróðleik um bílaviðgerðir. *- kg*


**Fróðleik um bílaviðgerðir má finna víða á internetinu.** NORDICPHOTOS/GETTY


Hér er hugmynd að því hvernig hægt er að nýta lítil rými.

● **SKOTIN NÝTT** Í litlum barnaherbergjum má reyna að gera sem mest úr hornum og skotum með því að smíða inn í þau handhæg húsgögn. Smíðin þarf ekki að vera flókin til að þau komi að góðum notum og er jafnvel hægt að setja eitthvað saman úr viðarplötum og gömlum hillum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá húsgagn sem nýtist á margan veg. Með því að hafa bekkinn á miðjum vegg er hægt að hafa hirslur og annað smálegt fyrir neðan en á dýnunum getur eigandi herbergisins hvílt lúin bein og gluggað í bók. Séu þær hins vegar fjarlægðar kemur þetta fína skrifborð í ljós og þarf eigandinn varla að hreyfa sig úr stað enda með allt við höndina. *- VE*

## ● VELDU RÉTTAN LIT FYRIR RÉTTA ANDRÚMSLOFTIÐ

Vissir þú að litirnir inni á heimili þínu geta haft áhrif á skapið? Á heimasíðunni doityourself.com má lesa hvaða áhrif vissir litir geta haft á andrúmsloftið, en gott getur verið að hafa það í huga þegar verið er að skapa sér vinnuumhverfi.



Til dæmis er dökkblár tilvalinn þegar viðskipti eru annars vegar, karrýgulur eða gylltur hentar vel ef þú þarft að einbeita þér og afkasta miklu og dökkfjólublár kemur sér vel ef þú situr við skrif eða rannsóknarvinnu. Þá er límónugrænn og ljósrauður litur sagðir henta vel þegar sletta á úr klaufunum. *- ag*


Panduro HOBBY




Föndraðu flott jólaskraut
Settið inniheldur allt efni í 8 stk. Verð **2.225 kr.**


Föndraðu flotta jólasveina
Settið inniheldur allt efni í 6 stk. Verð **1.695 kr.**

A4 Skrifstofa og skóli

Smáratorgi 1, Kópavogi + Sími: 515 5100 + sala@a4.is + www.a4.is
Glerárgötu 34, Akureyri + Sími: 515 5160 + akureyri@a4.is + www.a4.is



Hér má sjá skemmtilegt tilbrigði.


Best er að byrja í horni og enda við dyr því annars á maður það á hættu að mála sig út í horn. NORDICPHOTOS/GETTY


Útkoman getur verið smart og breytt herberginu til hins betra.

# Gólfum gefið nýtt líf

**Hægt er að spara mikla fjármuni með því að mála gólf í stað þess að skipta um gólfefni.**

Þegar kreppir að leggja ekki allir í að skipta um gólfefni, þó að þess gerist þörf, og þá getur verið ráð að mála. Sá kostur hentar einnig þeim sem vilja breyta til með eins litlum tilkostnaði og hægt er en útkoman er oft smart auk þess sem litamöguleikarnir eru óteljandi.

Það fer að miklu leyti eftir gólfefni hvaða efni eru notuð og hvernig skal bera sig að en í grundvallaratriðum snýst málið um að gera gólfið hreint, slípa það, grunna og mála. Yfirleitt eru það kjallara-, geymslu- og bílskúrsgólf sem eru máluð en auk þess má hressa upp á slitin timburgólf með góðri málningarskvettu.

Áður en hafist er handa er gott að kanna hvort hætta sé á raka í gólfinu en þar eru kjallaragólf einkum í hættu. Þá þarf að passa upp á að hvorki séu leifar af olíu, fitu né sápu á gólfinu. Eins getur verið þunn sementshúð á nýjum steyptum gólfum sem þarf að fjarlægja. Mikilvægt er að leita ráða í málningarvöruverslunum ef þessar aðstæður eru fyrir hendi og fá þá réttu málninguna og hreinsiefnin. Eins getur starfsfólk málningarverslana gefið leiðbeiningar um hvaða efni henta á mismunandi gólfefni.


Allir regnbogans litir koma til greina og er um að gera að velja þann sem passar best við umhverfið.

Eins og fyrr segir þarf að byrja á því að þvo gólfið sem á að mála og fjarlægja alla bletti. Gólfið þarf síðan að fá að þorna. Næst er gömul málning og lakk slípað matt með sandpappír. Gólfið er síðan sópað og þvegið á ný og látið þorna vel og vandlega. Að því loknu er grunnurinn borinn á og er langbest að nota til þess rúllu með löngu skafti. Best er að byrja í horni og enda við dyr því annars á maður það á hættu að mála sig út í horn. Gólfið er síðan málað í tvígang og hafi allt gengið að óskum ætti herbergið að verða eins og nýtt. Ekki spillir fyrir að máluð gólf draga síður í sig óhreinindi en önnur gólf. *- ve*

# Kryddjurtir allt árið um kring

Margir taka sér ef til vill frí frá ræktun yfir vetrartímann, en kryddjurtir má auðveldlega rækta innanhúss allt árið um kring og utanhúss á sumrin. Ræktunin lífgar bæði upp á eldhúsgluggann og matreiðsluna og sparar peninga.

Á heimasíði Garðheima fá finna hagnýtar upplýsingar um ræktun kryddjurta og notkun þeirra til matargerðar. Ef þú ert að rækta kryddjurtir í fyrsta sinn getur verið gott að byrja á að rækta tegundir sem er frekar einfalt að eiga við, svo sem steinselju, graslauk eða oregano. Best er að velja stað þar sem jurtirnar fá sem mesta birtu, svo sem gluggakistu, en venjulegur stofuhiti er ákjósanlegur fyrir nánast allar kryddjurtir. Vökvun er mikilvæg, sérstaklega á spírunartímabilinu, en magnið getur farið eftir raka í loftinu og sólarstundum. Gott er að kanna reglulega rakastigið með því að stinga fingrinum ofan í moldina en mælt er með því að vökva vel og sjaldnar, frekar en oft og lítið. Vandamál með hitastig innanhúss geta skapast á veturna einkum nálægt miðstöðvarofnum sem eru hátt stilltir. Ef miðstöðvarofn er undir kryddhillunni er mælt með að botninn á kryddpottunum liggi ekki í bleytu, en til að koma í veg fyrir það má setja bakka með leirkúlum undir pottana.


Á heimasíðu Garðheima má finna hagnýtar upplýsingar um ræktun kryddjurta.

Góðar upplýsingar um sáningartíma og aðferðir er yfirleitt að finna aftan á fræpökkunum, en nánari upplýsingar má finna á gardheimar.is. *- ag*


Gott er að skipta um flíkur eftir árstíðum og setja þær óþörfu til hliðar.


Snagar henta vel undir belti, slæður, veski og annað smálegt.

# Fínt í fataskápnum

Fátt er eins ergjandi og að róta í fataskápnum á morgnana í leit að fötum og fylgihlutum. Að sama skapi er fátt jafn gott og að koma að öllu í röð og reglu, en með litlum tilkostnaði má koma skipulagi á fataskápinn og flýta fyrir sér svo um munar.


Í ýmsum húsgagnaverslunum má finna kassa og skilrúm sem passa í skúffur.

Kassar og körfur koma að góðum notum í þessum efnum en þær má nota undir nærföt, sokka og annað smálegt. Í ýmsum húsgagnaverslunum fást einnig kassar og skilrúm sem passa í flestar skúffur og gera það að verkum að hægt er að skipta þeim upp og skipuleggja innihaldið enn frekar. Þá er gott að skipta um flíkur eftir árstíðum og setja fyrirferðarmiklar vetrarflíkur í stóra kassa uppi á skáp á meðan sólin skín en skipta þeim svo út fyrir hlýraboli á veturna. Eins er ráð að hengja upp hanka og króka ýmist innan í fataskápinn, innan á hurðina eða á vegg til hliðar fyrir belti, slæður, bindi, veski og jafnvel hálsfestar og annað skraut.

Eins og flestir vita er síðan gott að stafla buxum, bolum og peysum í tilteknar hillur og hengja kjóla, skyrtur og pressaðar buxur á herðatré. *- ve*


Kassar og körfur henta vel undir sokka nærföt og annað smálegt.

# Hreinsaðu fúguna

Finnst þér gólfið vera skítugt sama hversu oft þú skúrar yfir flísarnar? Ástæðan getur einfaldlega verið óhreinindi í fúgunni á milli flísanna sem sitja eftir þegar búið er að skúra. Það er þó til einföld lausn. Úðaðu mildum hreinsivökva í fúguna þegar búið er að skúra og leyfðu honum að sitja í svolítinn tíma. Blandaðu vatni og mildu hreinsiefni í fötu, taktu naglabursta og bleyttu hann í vökvanum. Skrúbbaðu fúguna og sjáðu hvernig óhreinindin leysast upp. Að lokum skaltu skúra yfir gólfið með hreinu heitu vatni og flísarnar verða eins og nýjar.


Oft lítur gólfið út fyrir að vera skítugt ef óhreinindi sitja eftir í fúgunni á milli flísanna.

Önnur lausn er að nota svokallað fúgustrokleður, en þá er strokleðrinu strokið eftir fúguraufinni til að þurrhreinsa óhreinindi sem hafa safnast fyrir. Fúgustrokleður er fáanlegt í versluninni Vídd. *- ag*

**● FLOTAÐ GÓLF ER HAGKVÆM LAUSN** Flotað gólf er ekki bara fyrir vöruskemmur eða bílskúra, heldur getur það komið vel út í stofunni eða eldhúsinu. Því fylgja líka ýmsir kostir. Fyrir utan að vera tiltölulega ódýr lausn getur þú ráðið litnum á gólfinu og breytt honum að vild. Þú þarft heldur ekki að hafa áhyggjur af blettum því auðvelt er að þrífa það. Ef þú vilt forðast kulda er best að láta koma fyrir gólfhita áður en flotað er, annars er alltaf hægt að nota gólfteppi og mottur á veturna.












ALLT Í BAKSTURINN
VÖNDUÐ VARA Á FRÁBÆRU VERÐI
exido
Exido 246021
ELDHÚSVOG úr áli með sjálfvirkum slökkvara (1 mín.). Viktar allt að 2kg.
TILBOÐ
1.995
FULLT VERÐ 3.995
MELISSA
Melissa 646049
175w HANDÞEYTARI með 5 hraðastillingum og Turbo.
TILBOÐ
2.995
FULLT VERÐ 3.495
KENWOOD
Kenwood DS606
Rafræn ELDHÚSVOG með glerplötu,LCD skjá og aðgerðahnapp. Fínleiki vigtar er 1g. Slekkur sjálkrafa.
VERÐ
4.995
FRÁBÆRT VERÐ
KENWOOD
Kenwood KM260
Hljóðlát en öflug 900w HRÆRIVÉL með 4,3 lítra stálskál, þeytari, hnoðari og hrærari fylgja. Geisladiskur með 90 uppskriftum fylgir.
TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 44.995
Ariete
Ariete 891
300w TÖFRASPROTI með skál og 2 hröðum. Þeytir, hakkar og blandar. Ryðfrítt stál.
VERÐ
4.995
FRÁBÆRT VERÐ
Ariete
Ariete DC156510AR0
300w HANDÞEYTARI með 3ja lítra skál, 5 hröðum og túrbó takka. Standur og skál fylgja.
VERÐ
7.995
FRÁBÆRT VERÐ
KENWOOD
Kenwood FP110
300w MATVINNSLUVÉL með 13 notkunarmöguleikum, 1 hraða og púls, hágæða ryðfríum hnífum, öryggislás og gúmmífótum fyrir stöðuleika. Tekur allt að 800ml / 0,8kg.
TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 9.995
KENWOOD
Kenwood KM336
Vönduð 800w Kenwood Chef Classic HRÆRIVÉL með 4,6 lítra skál úr ryðfríu stáli, K-járni, brauðhnoðara og þeytara. Breytilegum hraðastillir. Heldur sama styrk þó bætist í skálina. Fjöldi aukahluta fáanlegur.
TILBOÐ
64.995
FULLT VERÐ 69.995
elna GÆÐA SAUMAVÉLAR
ELNA 2100
SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Ábreiða fylgir. Bútasaumsfótur fáanlegur.
TILBOÐ
34.995
FULLT VERÐ 37.995
ELNA 2300
SAUMAVÉL með 24 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Íslenskur leiðarvísir fylgir. Ábreiða fylgir. Bútasaumsfótur fáanlegur.
TILBOÐ
42.995
FULLT VERÐ 46.995
ELNA 2600
SAUMAVÉL með 19 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt að auka sporlengd, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða fylgir. Bútasaumsfótur fáanlegur.
TILBOÐ
46.995
FULLT VERÐ 49.995
ELNA 2800
SAUMAVÉL með 23 sporgerðir, innb. nálaþræðara, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt að auka sporlengd, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða fylgir .Bútasaumsfótur fáanlegur.
TILBOÐ
52.995
FULLT VERÐ 57.995
FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ
REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380
HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600
SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700
Heimilistæki
ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# DÍLL

að ljúga að okkur. Ef fólk skoðar þetta tímalega séð er ekki fræðilegur fótur fyrir þessari kenningu, að við séum komin úr einhverri örveru og höfum þróast í þessa hugsandi veru sem við erum í dag. Hvaða kjaftæði er þetta að við séum einhverjir hálfapar?! Fólk getur til dæmis lesið Voyager 1 og 2 eftir Ashayana Deane ef það vill fá sannleikann.“

Vera: „Ég sagði að þetta myndi taka tíma.“

### NETTUR STINGUR

Ég svissa því snögglega í eitthvað áþreifanlegra. Hvað er betra til að koma mönnum niður á jörðina en blessuð íslenska kreppan? Nú hefur BB & Blake bæði verið til í góðæri og kreppu. Er ekkert erfitt að vera í stuði í kreppunni?

Vera: „Alls ekki! Mér finnst meira stuð í kreppunni. Það er miklu skemmtilegra núna.“

Magnús; „Við ákváðum til dæmis ekki að gera þessa plötu fyrr en kreppan skall á.“

Vera. „Það kom kannski smá örvænting yfir okkur. Við tókum dag í að búa til kreppuplanið.“

Magnús: „Góðærið var þannig að maður var bara í einhverju dúlli dúll dúll, en svo kom kreppan og bara (smellir fingrum): Gerum eitthvað! Ég held að kreppan sé hvetjandi fyrir listafólk, en ég er ekki viss um að hún sé hvetjandi fyrir aðrar greinar. Ég tek mikið eftir þessu hjá listafólki. Það hefur vaknað.“

Fer þá fólk kannski bara að gera allt sem býðst – þú verður kominn í bangsabúning í Smáralind fyrir rest?

Magnús: „Ég er alltaf þar! Hefurðu ekki séð mig?“

Vera: „Nei, það getur verið að þetta hafi einmitt farið í hina áttina. Að maður hafi gert eitthvað sem mann langaði ekkert til að gera því maður var að fá einhver svakaleg gylliboð.“

Magnús: „Auðvitað fengu samt allir nettan sting þegar þetta skall á. Við erum ekkert undanskilin því. Það kom óvissa og maður óttast óvissuna. Samt hefur líf mitt alltaf verið þannig síðan ég útskrifaðist úr leiklistarskólanum. Þetta hefur samt alltaf náð að rúlla.“

Vera: „Fólk neyðist til að spinna sér nýjar hugmyndir. Maður hugsar að þær séu framkvæmanlegar. Maður þorir meiru því það hangir meira á spýtunni.“



Hárgreiðslustofa opnar í samstarfi við Bobbi Brown:

## Opnum samkæmt pöntunum



**Ný stofa í Mosó** Katrín Sif Jónsdóttir , Herdís sigurðardóttir og Svava Björk Gunnarsdóttir hár og snyrtifræðingar.

Hárgreiðslumeistarinn Herdís Sigurðardóttir opnar nýja og glæsilega hárgreiðslu- og snyrtistofu í Mosfellsbænum um helgina. Stofan verður sú eina hérlendis sem verður í samstarfi við snyrtivörufyrirtækið Bobbi Brown en snyrtivörur frá því merki njóta gífurlegrar hylli erlendis. „Ég hef verið að vinna sem kennari og fræðslufulltrúi fyrir Vidal Sassoon hérlendis en er nú í fyrsta sinn að opna eigin stofu,“ útskýrir Herdís. „Þar bjóðum við bæði upp á förðun og hármeðferðir og það sem er sérstakt hjá okkur er að við opnum samkvæmt pöntunum. Þetta getur verið mjög hentug í kringum hátíðarnar og sérstök tækifæri þegar fólk á erfitt með að koma um miðjan dag.“ Eins eru snyrtivörurnar frá Bobbi Brown fáanlegar á stofunni auk úrval hárvara frá Vidal Sassoon.

*- amb*

*Hárstofan Sprey, Háholti 12, Mosfellsbæ.*





*Mig langar að bjóða ykkur öllum til hátíðar í bænum mínum Reykjanesbæ þar sem ég hef nú komið mér vel fyrir í helli við smábátahöfnina.*

*Ég hlakka til að sjá ykkur og vona að við getum átt notalega stund saman.*

*Verið velkomin í hellinn minn og ekki vera hrædd - ég geri engum mein.*

*Ég hlakka til að sjá ykkur*
*Skessan í hellinum*

### DAGSKRÁ
### LAUGARDAGUR

10:00 – 13:00
**Vatnaveröld,** Sunnubraut 31 – Dótadagur í lauginni
Kl. 11:00 og kl. 12:00 Sjóræningjaleikur. Við hvetjum yngri kynslóðina til að koma í Vatnaveröld og taka þátt í sjóræningjaleik í innilauginni.

10:00 – 16:00
**Bókasafnið,** Hafnargötu 57 – Laugardagar eru fjölskyldudagar á bókasafninu. Kl. 11:00 Sögustund. Í tilefni af norrænni bókasafnaviku verður Einar Áskell kynntur og lesin ein saga um piltinn.

14:00 – 16:00
**Svartholið** í 88 Húsinu, Hafnargötu 88. Hjólabrettaog línuskautamót.

15:00 – 17:00
**Fjörheimar** Barnaball fyrir börn á leikskólaaldri Ásbrú, Keilisbraut 749.

### LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR

08:00 - 18:00
**Vatnaveröld** - fjölskyldusundlaug er opin allan daginn.

11:00 – 18:00
**Víkingaheimar** Víkingabraut 1. Alvöru víkingar taka á móti börnunum og segja frá. Kl. 12:00 og 16:00 Víkingar segja sögur um borð í Íslendingi. Kl. 13:00 – 16:00 Smíðaðu þitt eigið víkingasverð og klæddu þig upp að víkingasið. Tilboð - tveir fyrir einn. Frítt inn fyrir börn.

12:00 – 15:00
**Innileikjagarðurinn** verður opinn alla helgina.
Tilvalið fyrir yngstu börnin. **Tómstundatorg** á Ásbrú, Keilisbraut 778.

13:00 – 17:00
**Skessuhellir** við smábátahöfnina í Gróf. Hellirinn er opinn og Skessan er heima. Kl. 13:00 og 15:00 Vinkona skessunnar segir tröllasögur og gefur heitt kakó.

13:00 – 17:00
**Duushús** Duusgötu 2 - 8. **Bátasalur:** Ratleikur í Bátasafni Gríms Karlssonar. Dregið úr réttum lausnum. **Listasalur:** Pappírsbrot: Lærðu að búa til bát, gogg eða fleira úr pappír. **Bíósalur:** Hvernig léku afi og amma sér? Leiksmiðja þar sem sjá má gömul og ný leikföng í gömlum stíl.

### SUNNUDAGUR

11:00
**Keflavíkurkirkja** – Poppað í kirkjunni.

13:00 – 15:00
**Íþróttamiðstöð Akurskóla,** Tjarnabraut 5, Gömlu leikirnir rifjaðir upp.

13:00 – 15:00
**Innipútt og golf,** Hafnargata 2. Kylfur á staðnum.

14:00
**Hjálpræðisherinn á Ásbrú:** Einstök hátíð fyrir einstök börn! Ásbrú, Flugvallarbraut 730, Einar einstaki: Töfrasýning með hinum landsþekkta töfrastrák. Samsöngur með Gospelkrökkum og margar aðrar skemmtilegar uppákomur.

15:00 17:00
**Tómstundatorgið** á Ásbrú, Keilisbraut 778
Brenniboltamót í skautahöllinni.

### PÓSTKASSI SKESSUNNAR

Póstkassi skessunnar er opinn fyrir myndir og bréf frá börnum. Verðlaun verða veitt fyrir skemmtilegasta bréfið og teikninguna sem birt verða í Víkurfréttum.

Má Skessan geyma **snuðið** þitt? Skessuna langar að gera fínt í hellinum sínum og finnst tilvalið að skreyta hann með litríkum og skemmtilegum snuðum.

**Taktu þátt í happdrætti** – prentaðu út boðskort skessunnar á skessudaga út af nýjum vef hennar: skessan.is, skilaðu inn í hellinn eða Víkingaheima með nafni þínu og þú getur tekið þátt í happdrætti.

*Sjá nánari dagskrá á skessan.is*

Æskilegt er að börn séu í fylgd með fullorðnum.

***Skemmtum okkur saman!***

REYKJANESBÆR
*fjölskyldan saman*




**Tilboð á umfelgun**
fólksbíll kr 5.490,- jepplingur kr 6.490,-

**Gerið verðsamanburð**
**Sama verð fyrir ál- og stálfelgur**

**Verðtilboð fyrir eldri borgara**
**Fólksbíll kr 4.990,-**
**Jepplingur kr 5.990,-**

VDO Borgardekk – Fljót og góð þjónusta
VDO Offroad Line

Borgartúni 36, (bakvið Cabin hótel) • Sími 588 9747 • www.vdo.is
Opið mán.–fös. 8–18. Lau. 10–14.

Arnar, Aníka og Matti
bjóða ykkur velkomin



Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardag
9⁰⁰-13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

**Frábærar og enn betri fréttir**

**Til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8 við meltingarörðuleikum.**

50% meira er af góðgerlum í hverju hylki sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.

Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiðri meltingu.






Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!


# tíðin
✻ fylgist vel með



**PASSLEGA STÓR** Það getur verið snúið að finna tösku sem rýmir allt sem þarf á djammið en er samt handhæg á dansgólfinu. Þessi sæta svarta vatnshelda taska er frá Birnu design, Skólavörðustíg.




Svala Lind Þorvaldsdóttir, starfsmaður í Rokki og rósum:

# DRAUMURINN ER AÐ VERSLA Í NEW YORK

***Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*** Ég held að ég hafi engan ákveðinn stíl þar sem hann breytist næstum frá degi til dags. Mér finnst alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt og blanda saman ólíkum efnum og munstrum. Ég hef sérstaklega gaman af notuðum fötum þar sem engar tvær flíkur eru eins.

***Hverjar eru tískufyrirmyndir þínar?*** Ég á mér engar sérstakar tískufyrirmyndir en hef gaman af því að skoða ýmis tískublogg, vefsíður og -tímarit og fæ mikinn innblástur þaðan.

***Hverjir eru uppáhaldsfatahönnuðirnir þínir?*** Ég er mjög hrifin af Balmain, Alexander Wang, Stellu McCartney, Marc Jacobs og Alexander McQueen en oftast hrífst ég af einstökum flíkum frekar en fatalínum eftir ákveðna hönnuði.

***Hvar finnur þú falda fjársjóði?*** Fyrir utan búðir sem selja notuð föt finnst mér gaman að fara á markaði, þá sérstaklega í útlöndum, en það má finna ýmislegt hér á landi, til dæmis í Kolaportinu og Rauðakrossbúðum. Það leynast líka oft faldir fjársjóðir í bílskúrnum hjá ömmu.




***Eru tískuslys í fataskápnum hjá þér?*** Ekki beint tískuslys en ég á það til að kaupa eitthvað flippað í flýti sem ég kem svo aldrei til með að nota.

***Hverjar eru uppáhaldsbúðirnar þínar?*** Hingað til hef ég verslað mikið bæði í Kaupmannahöfn og Barcelona þar sem hægt er að finna allt frá flottum merkjavörum yfir í skemmtilegar „vintage"- og hönnunarbúðir. En draumurinn er að versla í New York.

***Hvað ætti að vera algerlega bannað?*** Að sýna óþarflega mikið hold.

***Hvað langar þig í fyrir veturinn?*** Mig langar í svört, þröng stígvél sem ná yfir hnén og einhverja hlýja fallega yfirhöfn, jafnvel með hlébarðamunstri.

*- amb*

1. Fjólublár flauelskjóll úr Rokki og rósum.
2. Röndóttir Tsumori Chisato-sokkar úr KronKron.
3. Svart hárband úr silkiflaueli eftir Önnu Soffíu, fæst í Rokki og rósum.
4. Svört skólataska keypt á 100 kr. í Samhjálp.
5. Blá regnkápa frá árinu 1977 sem amma mín gaf mér.
6. Rósóttur síðkjóll úr Rokki og rósum.

**Fötin sem ég var í:**

7. Hvítur blúndukjóll og loðkragi úr Rokki og rósum og Dr. Martens-skór keyptir í Barcelona.
8. Samfestingur úr Rokki og rósum, bolur úr Einveru og gullúr úr Fríðu frænku.

HEITT OG TÆLANDI

# Leikgleði hjá Agent Provocateur

Undirfatafyrirtækið Agent Provocateur vekur jafnan athygli fyrir tælandi auglýsingar og tískusýningar. Síðasta auglýsingaherferð þess skartaði söngkonunni Kylie Minogue þar sem hún sat klæðalítil á vélknúnum ródeóhesti. Nýjasta lína Agent Provocateur var til sýnis í London nú í byrjun nóvember en þar gaf að líta skemmtilega gamaldags „lúkk“ sem minnti á tísku Játvarðartímabilsins. Einnig mátti sjá hefðbundin „Agent Provocateur“-undirföt eins og dúska og brjóstahaldara sem skildu lítið eftir fyrir ímyndunaraflið. *- amb*



**Efnislítið** Hvítir háir sokkar og dúskar á brjóstum.



**Gamaldags** Flott gegnsætt nærfatasett með slá yfir í stíl.



**Gestapó-stíllinn** Kynþokkafullt dress með sólgleraugum í stíl.

## algjört möst

1



**Hlý og síð peysa yfir leggings eða sokkabuxur til að vera hlýtt og hafa það notalegt. Þessi fæst í GK á Laugavegi en þar eru einmitt tilboðsdagar í dag og á morgun.**

2



**Út að borða með elskunni. Gerðu þér glaðan dag og drífðu þig í bæinn. Á Santa Maria er til dæmis alltaf ódýrt og gott að borða. Mælum með enchiladas með mole-sósu og margarítu með.**

3

**Hasarmynd í bíó. Kvikmyndin 2012 er hörkuspennandi mynd um heimsendi og hamfarir.**

4

gogo yoko

**Nýjasta uppgötvun okkar á Gogoyoko er breska sveitin Worried about Satan. Frábær blanda af rokki og raftónlist, eða það sem kallast „Intelligent Dance Music“.**

5

**Svöl sólgleraugu. Sólin er komin svo lágt á loft að það er varla hægt að keyra um án þeirra. Þessi Dior-gleraugu eru úr Gleraugnasmiðjunni, Kringlunni.**




SUZUKI Way of Life!

Þrír ásar í sparneytni.




Þrír skynsamlegir valkostir frá Suzuki.
Hagstætt verð, ódýrir í rekstri, frítt í stæði í miðbænum.
Fást með 4-þrepa alvöru sjálfskiptingu.

Hugtök Markaðsráðgjöf ehf. júní 09

**Alto**

Suzuki Alto er hugsaður fyrir þá sem eru að leita að hagkvæmum og vel hönnuðum borgarbíl þar sem fara saman fallegt útlit, hagkvæmni og öryggi. Við hönnun á Alto var haft til hliðsjónar að búa til visthæfan bíl fyrir umhverfið án þess að fórna nokkru í akstursgeiginleikum, notagildi og afköstum. Hönnun og létt yfirbygging gera Alto að einum umhverfisvænsta bílnum á markaðnum.

**Verð frá kr 2.050.000**

**SPLASH**

Suzuki Splash er annar frábær borgarbíll sem sameinar marga kosti. mikið rými, gott aðgengi, frábærir aksturseiginleikar og lítil mengun gera Splash að skynsamlegum kosti í bílakaupum. Eyðslan er aðeins 4,9 l á 100 km. og verðið með því lægra sem sést. Hérna færðu mikið fyrir peninginn.

**Verð frá kr 2.280.000**

**SWIFT**

Suzuki Swift er bíll sem setur alveg ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum minni fólksbíla. Swift diesel er visthæfur bíll sem fær frítt í stæði í miðbænum. Swift er einstaklega vel búinn aflmikill og lipur bíll sem hefur fengið mjög góðar viðtökur á íslandi sem annarstaðar og er þekktur fyrir frábæra aksturseiginleika og hagkvæman rekstur.

**Verð frá kr 2.490.000**

SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK
TRAUST UMBOÐ Í 40 ÁR

SUZUKI

P 90 mín.
Visthæfur bíll
Græn skref í Reykjavík

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Hugleikur Dagsson

1 Byrja á að kíkja í gufuna í Vesturbæjarlauginni. Mér er sama hvað aðrir segja, það er besta gufan.

2 Fara í vinnuna og hanga á Facebook allan daginn. Hey, kannski ég taki prófið „Hvaða persóna í Lipstick Jungle ert þú?“.



3 Hvítvín og sushi á lestinni með stelpunum.



4 Taka alveg þrjá tíma frá til að gera sig sætan fyrir djammið. Með Sugababes í botni (ég sakna Keishu!).

5 Blakkát á B5 (djók!).


Ertu í húsgagnaleit?

25% afsl. af öllum vörum í verslunni



Júlía
Vandað ítalsk sófsett með nautaleðri 3+1+1 - Litur: Brúnt
Tilboðsverð kr. 389.000.-



Tilboðsverð kr. 282.000.-
Beyki borðstofusett borð+6 stólar

skovby Excellent Dining Rooms



Tilboðsverð kr. 398.000.-
Vandað leðursófasett frá Italsofa 3+1+1

Slökunarstólar
í miklu úrvali



Nýtt

Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Með innbyggðum skemmli.
Tilboðsverð m/leðri
kr. 179.000.-

Tilboðsverð kr. 179.000.-



Tilboðsverð kr. 119.000.-
Vandaður slökunarstóll
Með leðuráklæði og skemmli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.

www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga kl. 10-18 - Laugardaga kl. 11-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS
kemur út þriðjudaginn 24. nóvember.

Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira.
Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemmninguna í Jólablaði Fréttablaðsins 2009.



Nánari upplýsingar veita: Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is - Benedikt í síma 512 5411 eða benediktj@365.is - Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is - Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is

**SKURÐARHNÍFAR** missa bitið í uppþvottavélum þar sem stálið í þeim þolir ekki mikinn hita og verpist. Einnig getur þvottaefnið farið illa með bitið í hnífunum. Best er að strjúka af hnífnum með rökum klút og bursta létt yfir hann undir meðalheitu vatni úr krananum.







Geir Vilhjálmsson rekur Fiskbúðina Hafberg ásamt foreldrum sínum. Veitingastaður hefur verið opnaður inn af búðinni í tilefni fimmtán ára afmælis hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Opna veitingastað á fimmtán ára afmælinu

**Fiskbúðin Hafberg í Gnoðarvogi opnaði í síðustu viku veitingastað í sama húsnæði í tilefni fimmtán ára afmælis búðarinnar. Um hádegisverðarstað er að ræða og segir eigandinn verðinu stillt í hóf.**

„Viðskiptavinirnir eru alveg í skýjunum með þetta. Við opnuðum veitingastaðinn síðasta föstudag og það hefur verið fullt alveg síðan," segir Geir Vilhjálmsson, sem á og rekur Fiskbúðina Hafberg í Gnoðarvogi 44 ásamt foreldrum sínum, Vilhjálmi Hafberg og Svölu Geirsdóttur. Búðin fagnar fimmtán ára afmæli sínu á þessu ári og af því tilefni hefur verið opnaður veitingastaður í sama húsnæði.

Geir segir Hafberg hafa stækkað og dafnað í þessi fimmtán ár. „Veitingastaðurinn fellur mjög vel að búðinni, þar sem glerveggur skilur á milli. Þetta er hugsað sem hádegisverðarstaður, þar sem áherslan er lögð á vinalegt umhverfi og góðan mat á góðu verði. Það þýðir ekkert að hafa matinn of dýran þessa dagana," segir Geir.

Veitingastaðurinn er opinn milli klukkan 11.30 og 14.30 á virkum dögum. Boðið er upp á sérstakt kynningartilboð á súpu, fiskrétti dagsins og kaffi fram til 15. desember. *kjartan@frettabladid.is*



## SMÁLÚÐA

með brúnum basmati grjónum, sveppum og tikka masala-sósu

800-1000 g smálúða
2 dl brún grjón
tikka masala-sósa
1 dl rjómi
400 g sveppir

*Skerið lúðuna í þunnar sneiðar, kryddið með salti og pipar og steikið í tvær mínútur á hvorri hlið. Brúnið grjónin í potti með olíu (þannig klístrast þau síður), hellið 4 dl af vatni út í og sjóðið á lægsta hita í ca. 40 til 50 mínútur. Brúnið sveppina og bætið sósunni út í(best að kaupa tilbúna) og hellið svo rjóma eftir þörfum. Berið fram með hvítlauksbrauði.*



Á síðunni má finna fjölda uppskrifta, bæði einfaldar og flóknar.

# Matseðill heimilisins á svipstundu

**Vefsíðan hvaderimatinn.is er bráðsniðug og auðveldar fólki að ákveða matseðil vikunnar.**





Spurningin um hvað eigi að vera í matinn er daglegur höfuðverkur margra. Vefsíðunni www.hvaderimatinn.is er ætlað að létta fólki þá ákvörðun.

Á síðunni er fjöldi uppskrifta og þar má auðveldlega á örskömmum tíma setja upp matseðil viku til mánuð fram í tímann.

Í aðgengilegri töflu á forsíðu síðunnar er hægt að velja hve oft í viku viðkomandi vill borða tilteknar fæðutegundir á borð við fisk, kjúkling, kjöt eða grænmetisrétti. Þegar því er lokið töfrast fram matseðill með uppskriftum. Hægt er að velja milli þess að hafa réttina fyrir byrjendur eða lengra komna í matargerð. Auk þess er hægt að skipta réttum út ef viðkomandi líst ekki á þá.

Fyrir utan allt þetta er á síðunni hægt að fá góð ráð um allt milli himins og jarðar sem snertir eldamennsku auk þess sem fólk getur sent inn sínar eigin uppskriftir sem það vill deila með öðrum. *- sg*

## Smáréttir, bakstur og jólaveisla

NÝJU JÓLABLAÐI MS VERÐUR DREIFT TIL LANDSMANNA Á NÆSTUNNI.

Jólablað MS sem nefnist Gott í matinn kemur út á næstu dögum. Samhliða markaðssetningu matargerðarlínunnar Gott í matinn í vor var gefið út uppskriftablað. Nú verður annað blað gefið út en nú með uppskriftum að brauðum og kökum, hátíðarmatnum með hamborgarhrygg í aðalhlutverki og sniðugum snittum fyrir gamlárskvöld. Einnig eru gefnar sniðugar hugmyndir að ódýrum gjafaöskjum fyrir heimalagað konfekt og smákökur, bent á skemmtilega framreiðslu á mygluostum og margt fleira. Gott í matinn verður dreift í öll hús á landinu á næstu dögum.








# Enn um miðbæ Akureyrar

**UMRÆÐAN**

Hjörleifur Hallgríms skrifar um bæjarmál á Akureyri

Að líkja síki því sem á að skera miðbæ Akureyrar við síkin í Kaupmannahöfn eins og gert hefur verið, þar sem jafnvel stórar skútur og smærri skip geta athafnað sig, er mjög bíræfin sögufölsun, sem fáum dytti í hug að halda fram nema meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar. Það er bara gert til að slá ryki í augu bæjarbúa.

En það er til góð lausn til að lífga myndarlega upp á miðbæinn, sem blasti við í sumar þegar voru hér þrjú skemmtiferðaskip samtímis og ekki í fyrsta skiptið og einu þeirra var vísað inn að Torfunefsbryggju. Það lifnaði sannarlega yfir miðbænum að fá þetta mikla nálægð skipsins og minnti á fyrri tíma, enda streymdu farþegarnir í miðbæinn bæði til að versla og skoða nágrennið. Þetta var auðvitað nýtt fyrir farþegana að skipið skyldi leggjast að miðbænum. Þetta er m.a. það, sem miðbæinn vantar. Það á að byggja upp Torfunefsbryggjuna og lengja hana í 150-200 metra því þá geta skemmtiferðaskip allt að 30 þúsund tonnum lagst þar því nóg er dýpið. Kostnaður við framkvæmdirnar, eftir upplýsingum Hafnarskrifstofu, yrði væntanlega á milli fjögur og fimm hundruð milljónir, og myndu strax fara að koma inn peningar því eitt skip greiðir hátt í milljón krónur í gjöld hverju sinni. Áætlað er að fyrrgreint síki myndi kosta svipaða upphæð og þar yrði bara kostnaður a.m.k. við að hreinsa upp drulluna úr því.

Nú mætti spyrja Akureyringa hvers þeir óskuðu frekar, uppbyggðrar Torfunefsbryggju, sem skilaði miklum arði, eða fyrrgreinds síkis. Þegar fram líða stundir mætti síðan byggja viðlegukant suður með Drottningarbrautinni þar sem hægt væri að taka á móti fleiri skipum og einnig auglýsa þar viðleguppláss fyrir stærri og minni skútur því margar slíkar eru á ferð til landsins, allavega yfir sumarið. Þetta yrði sannarlega til að lífga heldur betur upp á miðbæinn, sem ekki veitir af, svo ekki sé talað um ef fleiri legðu hönd á plóginn því t.d. er það hálf ræfilslegt af KEA og Saga Capital fjárfestingarbanka, sem eiga Hótel Akureyri, að koma húsinu ekki strax í fyrra horf á myndarlegan hátt.



HJÖRLEIFUR HALLGRÍMS

Allt sem gert er til að fegra og laga miðbæinn er mjög gott mótvægi við óskapnaðinn, svokallað menningarhús, sem reist var á kolröngum stað og er lýti á miðbænum og komið gróflega fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun, sem nemur ca tveimur til þremur milljörðum.

Fyrirtæki sem kallaði sig Íþróttaakademíuna fékk lóð á sundlaugarlóðinni í tíð Kristján Þórs Júlíussonar þáverandi bæjarstjóra í trássi við samstarfsflokkinn í bæjarstjórn, sem var Framsóknarflokkurinn. Íþróttaakademían byggði hús á lóðinni undir vaxtarrækt og er sagt að þar hafi verið ein milljón í hlutafé og Landsbankinn sagður hafa lánað a.m.k. fimm hundruð milljónir og situr nú uppi með bygginguna því fyrirtækið mun vera komið á hausinn. Ekki ónýtt það í öllu bankafárinu. Eins og áður hefur margoft komið fram sótti sundfélagið Óðinn um aðstöðu barna fyrir löglega innisundlaug, keppnislaug, og safnað var þúsundum undirskrifta til stuðnings sundfólkinu, sem hefur staðið sig frábærlega. En ævintýrið endaði á annað veg, því miður fyrir sundfólkið.

Á sama tíma og ævintýrin eru að gerast hjá Landsbankanum sitja útibússtjórarnir hér fullir vandlætingar á móti viðskiptavinunum og dæmi eru um að eigandi lítils fyrirtækis með þokkalega veltu var neitað um eina milljón í yfirdrátt, nema haldlagt yrði á prívat innistæðu, sem eigandinn átti sjálfur persónulega í bankanum. Að lokum skal þess getið að viðkomandi aðili hefur í gegnum árin verið með veltu við Landsbankann upp á tugi milljóna bæði í Reykjavík og Akureyri og alltaf staðið sig mjög vel. Svona er Akureyri í dag, öll lífsins gæði.

*Höfundur er fyrrverandi ritstjóri.*

# Varðandi sjávarútveg

**UMRÆÐAN**

Garðar Björgvinsson skrifar um sjávarútvegsmál

Eini veiki hlekkurinn í okkar ágætu ríkisstjórn er sjávarútvegsráðherra. Athugið að arðvænlegasta nýtingaraðferð fiskimiðanna er fyrst og fremst að umgangast fiskimiðin á landgrunninu með varúð og virðingu. Því eru náttúruvænar veiðar það sem leggja þarf áherslu á.



GARÐAR BJÖRGVINSSON

Okkar háttvirti sjávarútvegsráðherra kaus þann kostinn að byrja starfsferilinn sinn með því að þiggja boð Friðriks Arngrímssonar hjá LÍÚ að fara í skemmtiferð til Bretlands til að kynna sér aðferðir Breta við að vinna hágæða matvæli úr íslensku hráefni. Þessi skemmtiferð er nú orðin þjóðfélagi voru dýrkeypt.

Á sama tíma bauðst ráðherra tækifæri til að íhuga og framkvæma vel rökstudda áætlun sem hefur í för með sér atvinnu fyrir 30 til 40 þúsund einstaklinga. Þetta er nú einu sinni staðreynd sem undirritaður er tilbúinn að rökstyðja. Athugið: til þess að þetta geti orðið að veruleika þarf að stokka upp kvótakerfið. Þessi ágæti ráðherra tók svo steininn úr með því að hleypa að strandveiðidæminu mönnum sem voru búnir að selja og leigja frá sér aflaheimildir sínar. Þetta dæmi er óafsakanlegt tilræði gegn nýliðun í sjávarútvegi, og til stórskammar fyrir Vinstri græna. Fyrst áttu þessir ágætu sölumenn á sameign þjóðarinnar að endurgreiða í ríkissjóð það fé sem þeir höfðu sölsað undir sig á forsendu ólöglegrar fiskveiðistefnu, samkvæmt áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem við erum aðilar að.

*Höfundur er talsmaður Framtíðar Íslands.*



ÁRNI MAGNÚSSON (1663-1730) ER TALINN HAFA FÆÐST ÞENNAN DAG.

*„En Fin, allt hvað eldra er en 1560 hverju nafni sem það heitir er ég svo smáþægur um að ég held það fyrir thesaurum, hversu lítið sem í það er spunnið hvað um sig.“*

***Árni Magnússon handritasafnari í bréfi til Björns Þorleifssonar Hólabiskups.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. NÓVEMBER 1946

## *Flugvöllur vígður í Eyjum*

Á þessum degi árið 1946 var flugvöllurinn í Vestmannaeyjum formlega tekinn í notkun. Jóhann Þ. Jósefsson átti frumkvæðið í flugvallarmálum Vestmannaeyinga, enda var hann alþingismaður þeirra. Hann, ásamt reyndum flugmönnum, gerði frumathuganir á skilyrðum á Heimaey til flugvallagerðar.

Varðskipið Ægir kom til Vestmannaeyja 11. nóvember 1945 fullhlaðið af stórvirkum vinnuvélum. Það var svo um mitt sumar 1946 að farið var að keyra rauðamöl úr Helgafelli í yfirborð flugvallarins.

Fyrsta flugvélin, sem var tveggja sæta Piper Cub J-3 TF-KAK, lenti á flugbrautinni hinn 14. ágúst 1946. Flugbrautin var þá 250 m löng.



YFIR EYJUM

Daglegt áætlunarflug hófst skömmu síðar, 12. október, á vegum Loftleiða. Vígsla flugvallarins var 13. nóvember 1946.

Við vígsluna var aðeins ein flugbraut, austur-vestur brautin og var hún 700 m löng. Hún var lengd upp í 900 m fyrir gos og norður-suður brautin einnig lögð og var hún 700 m. Lítið var um uppfyllingarefni fram að gosi en eftir gos var nóg af efni, þannig að brautirnar voru lengdar og eru nú 1300 m og 1100 m. Slitlag var lagt á báðar brautir árið 1990.

Heimild: www.heimaslod.is

**MERKISATBURÐIR**

**1939** Þýsku flutningaskipi, Parana, er sökkt úti af Patreksfirði og er áhöfnin tekin til fanga af breska herskipinu Newcastle. Þetta er fyrsta þýska skipið sem er sökkt við Ísland í seinni heimsstyrjöldinni.
**1963** Handritastofnun og Háskóli Íslands minnast þriggja alda afmælis Árna Magnússonar.
**1973** Alþingi samþykkir formlega samning við Bretland um lausn landhelgisdeilunnar vegna útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur.
**1994** Svíar kjósa að ganga í ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu.
**2004** Lög eru sett á verkfall grunnskólakennara sem staðið hafði í tvo mánuði.

# Á Bjarteyjarsandi

Ferðaþjónustubændur á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði bjóða upp á skemmtun og útivist fyrir alla fjölskylduna sunnudaginn 15. nóvember. Dagskráin byrjar klukkan 10.30 með gönguferð niður í fjöru þar sem umhverfið verður skoðað og kræklingar tíndir. Gestgjafarnir munu sjá um leiðsögn og veita fræðslu um krækling og matreiðslu hans og smakkað verður á aflanum.

Eftir hádegi eða um klukkan 13 mun Íslandsmeistarinn í rúningi, Julio Cesar Gutierres, hefjast handa við að rýja fé í fjárhúsunum á Bjarteyjarsandi og gefst gestum tækifæri á að fylgjast með. Opið verður í Gallerí Álfhóli þar sem ýmsir handunnir munir úr íslenskri ull, tré, gifsi, gleri og selskinni eru til sýnis og sölu. Þar verða á borðum heitar vöfflur með rjóma og heimalagaðri sultu.

Ekki má gleyma að nefna listaverkasamkeppni sem verður haldin fyrir yngri kynslóðina.



**VIÐ HAFIÐ** Margt spennandi finnst í fjörunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Endurreisn með list

Endurreisn með list er yfirskrift erindis sem Ásdís Ólafsdóttir listfræðingur frá París heldur í Skálholtsdómkirkju sunnudaginn 15. nóvember næstkomandi klukkan 14. Erindið er hluti af sýningunni Endurreisn Skálholts sem opnuð var um síðustu helgi í Skálholtsskóla.

Sama dag klukkan 15.30 hefst málþing í Skálholtsskóla undir yfirskriftinni Sjálfsmynd þjóðar. Þar verður fjallað um þjóðarhugtakið, sjálfsskilning þjóðar og sjálfsmynd. Nánari upplýsingar er að finna á www.skalholt.is



**SKÁLHOLT**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, tengdadóttir og systir,*

**Kristbjörg Marteinsdóttir**
Birkihlíð 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum að morgni miðvikudagsins 11. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Elías Haraldsson**
**Sigurlaug Tara Elíasdóttir**
**Marteinn Högni Elíasson**
**Marteinn Jóhannesson** **Sigurlaug Haraldsdóttir**
**Birkir Marteinsson** **Birna Berndsen**
**Haraldur Benediktsson** **Guðrún Elíasdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



**STYRKIR MENNINGARHÁTÍÐIR** Matthias Müller-Wieferig er yfirmaður Goethe-stofnuninnar í Danmörku en segir alla starfsmenn þar í góðu samstarfi við fólk á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GOETHE-INSTITUT: STYRKIR MENNINGARSTARFSEMI Á ÍSLANDI

# Virkt þótt skrifstofuna vanti

Þótt Goethe stofnunin, eða Goethe-Institut, reki ekki lengur sérstaka skrifstofu á Íslandi er þessi höfuðstofnun þýska ríkisins sannarlega enn virk hér á landi. Stofnunin vinnur að útbreiðslu þýskrar tungu og menningar sem og eflingar samvinnu við menningar- og menntastofnanir í öðrum löndum.

„Goethe-Institut starfaði á Íslandi allt til ársins 1988 en var þá lokað af hagkvæmnisástæðum. Við höfðum þó áfram einn starfsmann á skrifstofu allt til ársins 2006 en síðan þá hefur allri starfi stofnunarinnar hér á landi verið stjórnað í gegnum Goethe-Institut í Kaupmannahöfn,“ segir Matthias Müller-Wieferig, forstöðumaður Goethe stofnunarinnar í Kaupmannahöfn. Hann var staddur á Íslandi í vikunni til að skipuleggja starfið hér á landi og funda með íslenskri stuðningsnefnd stofnunarinnar en í henni eiga sæti fulltrúar flestra listgreina sem og fræða- og kennslustofnana sem tengjast þýskri tungu og menningu.

„Við vinnum að mörgum verkefnum í samstarfi við íslenska aðila og höfum með reglulegum framlögum stutt við fjölda menningarhátíða,“ segir Müller-Wieferig og telur upp það helsta: „Til dæmis RIFF – alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavik, Airwaves – alþjóðlega tónlistarhátíð í borginni, Sequences – alþjóðlega hátíð framsækinna lista, Bókmenntahátíð í Reykjavík, leiklistarhátíðina Lokal og Danshátíð í Reykjavík,“ segir hann og tekur fram að í fjárhagsáætlun fyrir 2010 sé gert ráð fyrir að framhald verði á stuðningi við allar þessar hátíðir.

„Einnig höfum við stutt innkaup einstakra bókasafna á þýsku efni og skipuleggjum ýmsa viðburði í samstarfi við til dæmis Borgarbókasafn,“ segir Müller-Wieferig og tekur sem dæmi alþjóðlegu barna- og unglingabókmenntahátíðina Mýrina.

Goethe-Institut hefur í gegnum árin styrkt þýskukennslu með því að styrkja ferðir kennara á námskeið í Þýskalandi. Þá er nýhafið verkefnið PASCH, sem Borgarholtsskóli tekur þátt í og stofnað var af þýska utanríkisráðuneytinu til eflingar þýskunámi og kennslu.

Að lokum má nefna að stofnunin er stuðningsaðili verkefnisins „Sagenhaftes Island“, eða Stórkostlega Ísland, á Bókakaupstefnunni sem haldin verður í Frankfurt árið 2011.

Inntur eftir því af hverju Ísland hljóti alla þessa athygli frá Goethe-Institut svarar Müller-Wieferig að Ísland og Þýskaland séu bundin sterkum böndum. „Margir Þjóðverjar eru Íslandsvinir og einnig halda margir Íslendingar upp á Þýskaland enda hafa margir farið þangað til náms,“ segir hann.

Müller-Wieferig kemur reglulega til Íslands, um þrisvar til fjórum sinnum á ári. Hann segist enn ekki hafa komist til að skoða landið utan borgarmarka enda sé ávallt eitthvað skemmtilegt að gerast í bænum. Hann minnist til að mynda með gleði á kvikmyndamaraþon tengt falli múrsins í Berlín sem haldið var í Norræna húsið á dögunum. „Þangað mættu um 120 manns, sem mér fannst hreint ótrúlegt,“ segir hann og hlakkar strax til næstu heimsóknar á nýju ári. solveig@frettabladid.is

# Hugvísindi undir einum hatti

Þeir sem eru að velta því fyrir hvað þeir eigi að gera næstu nóvemberdaga gætu fundið það sem þeir leita að í opnum viðburðum í Háskóla Íslands, dagana 14.-17. nóvember. Þessa daga er fjölbreytt dagskrá sem hrærir upp í andans fólki og þeim sem langar að reyna og sjá eitthvað nýtt.

Á laugardaginn efna Leikminjasafn Íslands og Listaskóli Íslands til málstofu um íslenska leiklistarfræði í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Þar eru margir áhugaverðir fyrirlestrar og má þar nefna fyrirlestur Magnúsar Þórs Þorbergssonar, lektors við Leiklistardeild Listaháskóla Íslands, en þar hugleiðir hann stöðu leikstjórans í íslensku leikhúsi á 3. áratug síðustu aldar. Þá heldur Ólafur Engilbertsson, sagnfræðingur og leikmyndahöfundur, erindi sem hann nefnir: „Rétt landslag eða róttæk list?“ og fjallar um hvernig sögunni er miðlað á sviðinu. Vitaskuld er svo ekki haldið málþing um leiklist án þess að leiklistarfrömuðurinn Jón Viðar Jónsson, forstöðumaður Leikminjasafns Íslands, komi þar að, en hann ætlar að fjalla um viðfangsefnið Að dæma eða dæma ekki: hugleiðingar um tilvistarvanda íslenskrar leiklistargagnrýni á fyrri hluta síðari aldar. Viðburðurinn er laugardaginn 14. nóvember kl. 14 í Þjóðminjasafninu.

Gordon Lathrop er einn fremsti helgisiðafræðingur í heiminum í dag og hefur kennt helgisiðafræði við ýmsa háskóla. Hann er orðinn Íslandsvinur, enda hefur hann kennt námskeið á sínu sviði í Skálholti auk þess sem bækur hans eru notaðar við kennslu í guðfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er á mánudaginn klukkan 11.40 í aðalbyggingu HÍ, stofu 229.



**Á SVIÐINU** Viðburðirnir í hugvísindunum ættu að glæða andann og gleðina í nóvemberkuldanum.

Lífið getur orðið ansi flókið þegar móðir hefur átt í sambandi við föður kærasta dóttur sinnar en í hinni sovésku kvikmyndaklassík Ekki einu sinni í draumi segir frá ungmennunum Kötju og Róman sem fella hugi saman. Móðir Kötju og faðir Rómans höfðu eitt sinn átt í ástarsambandi og móðirin reynir allt til að stía ungmennunum í sundur. Hjálpin berst hins vegar úr óvæntri átt, frá ungri kennslukonu sem sjálf á við sín vandamál að stríða. Hér er á ferðinni sovésk klassík þar sem mynd og tónlist skapa órjúfanlega heild. Myndin er sýnd þriðjudagin 17. nóvember kl. 16 í Lögbergi, stofu 101.

**- uhj**

---



*Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður og ömmu,*

**Jóhönnu Herdísar Sveinbjörnsdóttur**

frá Vestmannaeyjum,
Borgarholtsbraut 20, Kópavogi.

**Ríkharður H. Friðriksson**
**Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir**
**Kristín Helga Ríkharðsdóttir**

---



*Okkar ástkæra,*

**Þorbjörg Guðrún Pálsdóttir**

myndhöggvari,

er látin. Útförin auglýst síðar.

**Stefán Andrésson** — **Þórunn Andrésdóttir**
**Katrín Andrésdóttir** — **Gunnar Kristjánsson**
**Þóra Andrésdóttir** — **Gunnar Roach**
**Andrés Narfi Andrésson** — **Ása Sjöfn Lórensdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Vigfúsdóttir**

frá Hrísnesi, Barðaströnd,

lést á heimili sínu Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Seljahlíð sunnudaginn 8. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

**Ólafur Kristinn Þórðarson**
**Kolbrún Ólafsdóttir** — **Hörður Eiðsson**
**Skarphéðinn Ólafsson** — **Sigríður Skarphéðinsdóttir**
**Þórður G. Ólafsson** — **Jónína S. Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórmundur Þórmundsson**

Fossvegi 10, Selfossi,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands 4. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 14. nóvember klukkan 13.30.

**Unnur Jónsdóttir**
**Vilborg Þórmundsdóttir** — **Benedikt Benediktsson**
**Margrét Þórmundsdóttir** — **Sveinn Guðmundsson**
**Þórunn Þórmundsdóttir** — **Gísli Steindórsson**
**Jóhann Þórmundsson** — **Sigríður Möller**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og langalangalangamma,*

**Ragnhildur G. Finnbogadóttir**

frá Fremri-Hvestu, Arnarfirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 9. nóvember. Útförin fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 21. nóvember kl. 14.00.

**Sigríður Bjarnadóttir** — **Kristján Bersi Ólafsson**
**Margrét Bjarnadóttir** — **Guðni Sigurjónsson**
**Guðbjörg Bjarnadóttir** — **Ægir Jóhannsson**
**Kristófer Bjarnason** — **Janthuan Uansa-Ard**
**Marinó Bjarnason** — **Freyja Magnúsdóttir**
**Jón Bjarnason** — **Halla Hjartardóttir**
**Ingibjörg Halldóra Bjarnadóttir** — **Albert Sigurður Albertsson**
**Elín Bjarnadóttir** — **Smári Adolfsson**
**Gestný Bjarnadóttir**
**Katrín Bjarnadóttir**
**Dagur Bjarnason** — **Valborg Mikaelsdóttir**
**Ragnar Gísli Bjarnason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



*Okkar ástkæra,*

**Dóra Þorsteinsdóttir**

lést mánudaginn 9. nóvember á Heilbrigðisstofnuninni, Sauðárkróki.

**Sigurgeir Angantýsson**
**Vanda Sigurgeirsdóttir** — **Jakob F. Þorsteinsson**
**Andri Sigurgeirsson** — **Aníta S. Ásmundsdóttir**
**ömmubörnin og aðrir vandamenn.**

---



*Mínar hjartans þakkir til allra sem sýndu mér samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,*

**Jóhanns Þóris Alfonssonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Sunnuhlíð, Deild 2 fyrir alla ykkar yndislegu umönnun, hlýju og hjálp. Guð blessi ykkur öll.

**Margrét Vigfúsdóttir Alfonsson**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Rúnar Örn Hafsteinsson**

flugvélaverkfræðingur,

lést á Landspítalanum að morgni sunnudagsins 8. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 16. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á reikning til styrktar dóttur hans (0701 15 202020 kt. 020908- 3270) eða Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna s: 588-7555.

**Una Björg Einarsdóttir**
**Arna Eir U. Rúnarsdóttir**
**Guðmunda Ingimundardóttir** — **Þórarinn Björn Guðmundsson**
**Hafsteinn Sigurjónsson** — **Jónína Ólöf Sighvatsdóttir**
**Rakel Ösp Hafsteinsdóttir** — **Reynir Örn Jóhannsson**
**Samúel Arnar Hafsteinsson**
**Hafsteinn Ernir Hafsteinsson**
**Einar Ármannsson** — **Ásdís Garðarsdóttir**
**Ármann Einarsson** — **Þórhalla Sólveig Jónsdóttir**
**Emil Karel Einarsson**

---



*Ástkær eiginkona mín,*

**Guðrún Steinunn Halldórsdóttir**

Sólvallagötu 14, Reykjavík,

andaðist á Grund dvalar- og hjúkrunarheimili sunnudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 16. nóvember kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Grundar dvalar- og hjúkrunarheimilis.

**Brian Dodsworth.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þórunnar Guðjónsdóttur**

Borgarholti, Ásahreppi.

**Sigríður Kristinsdóttir Dittli** — **Oskar Dittli**
**Jón R. Kristinsson** — **Kristrún R. Benediktsdóttir**
**Sigurður Árni Kristinsson**
**Guðjón Kristinsson** — **Elke Osterkamp**
**Vilbergur Kristinsson** — **Jóhanna A. Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**






# Stúkumennirnir

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Sæll Geir, varstu að leita að mér?“ „Já, blessaður, Pálmi minn, takk fyrir að líta við. Manstu eftir ferðinni þarna til Sviss um daginn?“ „Hvort ég man, gimmí fæv!“ „Við vorum að fá kreditkortareikning upp á 3,2 milljónir sem ég á frekar erfitt með að botna í.“ „Nú?“ „Já, hér er til dæmis ein færsla frá Rauðu myllunni upp á nokkur þúsund franka. Kannastu eitthvað við það?“ „Öh… ja, það er séns ég hafi kíkt þar inn.“

**„ER ÞETTA** bakarí eða eitthvað svoleiðis?“ „Nei, þetta er hérna svona sko veitingastaður. Í Rauða hverfinu.“ „Ókei, það útskýrir þetta kampavín á reikningnum.“ „Það sko var ekki handa mér, ég drekk ekki einu sinni kampavín. Það voru þarna þrjár stelpur, greinilega ógeðslega fátækar því þær áttu ekki einu sinni fyrir fötum, og þær spurðu hvort ég gæti ekki boðið þeim í glas. Ég eiginlega kunni ekki við að segja nei.“

**„JÁ, ÞARNA** er þér rétt lýst, Pálmi minn, þú hefur alltaf verið ákaflega brjóstgóður maður. En svo er hér fullt af einhverjum öðrum færslum sem ég botna lítið í.“ „Já, hvað heldurðu að hafi gerst, kortinu var ábyggilega bara stolið.“ „Hvað ertu að segja? Geta menn ekki einu sinni gengið um Rauða hverfið án þess að vera féflettir? Vissu þeir að þú ert forkólfur í æskulýðsstarfi? Og skiluðu þeir kortinu svo aftur?“

**„JA, ÉG HEF** bara ábyggilega sofnað eða eitthvað.“ „Sofnað? Ja hérna, er svona helvíti mikið álag á þér, kallinn? Ég gerði mér ekki grein fyrir því. Úr því þarf að bæta. En skratti hafa þeir náð að strauja kortið á ekki lengri tíma. Ekki nema von að þeir séu svona flinkir í úrverkinu.“ „Já, svissneska skipulagið, þeim er ekki fisjað saman. En Geir, heldurðu að það verði einhver eftirmál af þessu?“ „Pálmi minn, ég er búinn að þekkja þig síðan við vorum litlir. Ég hef spilað fótbolta með þér og veit að þú ert algjörlega flekklaus.“

**„TAKK, GEIR**. Þú ert æði. En hvað heldurðu að þau hin í stjórninni segi?“ „Pálmi minn, það er nú alveg óþarfi að vera að íþyngja þeim með svona leiðindum. Þetta gerist á bestu bæjum. Ég er hér með búinn að taka á málinu. En það er reyndar eitt í viðbót. Stúkan sem við erum að byggja í Laugardalnum, ég sé ekki betur en að hún sé komin um 300 milljónir fram úr áætlunum. Veistu eitthvað um það?“

**„SKO, GEIR,** ég kíkti hérna aðeins á veitingahús í Kópavogi um daginn og þú trúir ekki í hverju ég lenti…“

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÞURSAFLOKKURINN
Á MORGUN KL. 21.30 • NASA
SÍÐUSTU TÓNLEIKARNIR Í BILI. HITTUMST, NÆRUMST OG STYRKJUMST FYRIR KOMANDI ÁTÖK
HÚSIÐ OPNAÐ KL. 20.30
RÁS 2
Miðasala á midi.is og á sölustöðum Miði.is
www.bravo.is
bravó!
Góðar stundir






GULLALDARROKK, DANS OG GLEÐI
Á KRINGLUKRÁNNI



Hljómsveitin
5 Á RICHTER
föstudags- og laugardagskvöld

Sérstakur gestur
söngkonan frábæra
Lísa úr Idolinu

Málþing um íslenskar leiklistarrannsóknir

Laugardaginn 14. nóvember nk. efna Leikminjasafn Íslands og Listaháskóli Íslands til málþings um íslenska leiklistarfræði. Málþingið er haldið í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Það verður haldið í fundarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu og hefst kl. 14.00 Þar munu eftirtaldir fræðimenn flytja stutt erindi:

Ólafur J. Engilbertsson, sagnfræðingur og leikmyndahöfundur: “Rétt landslag eða róttæk list?” – sögunni miðlað á sviðinu.

Ingibjörg Björnsdóttir, listdanskennari: “Ausdruckstanz” á íslensku leiksviði – Um dansarann Ellen Kid.

Magnús Þór Þorbergsson, lektor við Leiklistardeild Listaháskóla Íslands, “Hvað eigum við að kalla instructör?” - Nokkrar hugleiðingar um stöðu leikstjórans í íslensku leikhúsi á 3. áratugi síðustu aldar.

Jón Viðar Jónsson, forstöðumaður Leikminjasafns Íslands: Að dæma eða ekki að dæma. Hugleiðingar um tilvistarvanda íslenskrar leiklistargagnrýni á fyrri hluta síðustu aldar.

Trausti Ólafsson, leiklistarfræðingur: Nýjársnóttin: Gleðileikur Indriða Einarssonar og íslenskir samtímaviðburðir.

Björn G. Björnsson, leikmyndahöfundur: Hvernig geymist leiklist?

Umræðum stýrir Dagný Kristjánsdóttir prófessor við H.Í.
Sveinn Einarsson, stjórnarformaður Leikminjasafns, setur málþingið.

# Scrooge og Jesús á svið

**Leikhúsin eru að gíra sig upp fyrir jólatraffíkina og sá siður virðist vera orðinn fastur í jólahaldinu að fara á sýningar sem tengjast efni jólanna. Frumsýningarnar eru á næsta leiti: minnst tvær í næstu viku.**



**LEIKLIST** Laddi og trúðar verða áberandi í jólasýningum stóru leikhúsanna en þeir frumsýna í næstu viku. MYND LOFTKASTALINN

Ein þekktasta jólasaga allra tíma er án ef Jólaævintýri (Christmas Carol) eftir Charles Dickens, en hún er margkunn hér á landi og er nýkomin út á bók á vegum bókafélagsins Uglu í þýðingu Karls Ísfeld, skreytt myndum úr upphaflegu útgáfunni, en sagan kom út 19. desember 1843. Sagan segir frá hinum fégráðuga Ebenezer Scrooge og viðskiptum hans við drauga nokkra á jólanótt. Sagan hefur verið mörgum kvikmyndaleikstjóranum efniviður mikill og eru til margar kvikmyndir byggðar á sögunni og margir þekktir leikarar túlkað Scrooge, þeirra á meðal George C. Scott, Bill Murray, Kelsey Grammer og Patrick Stewart. Einnig mun glæný teiknimynd þar sem enginn annar en Jim Carrey túlkar Scrooge líta dagsins ljós næsta vetur. Sagan er af mörgum talin mikilvæg áminning um hinn sanna jólaanda og hefur heillað kynslóð eftir kynslóð í meira en 150 ár. Hér á landi hefur hún einu sinni lifnað á sviði hjá Leikfélagi Akureyrar 1985 en þá fór Árni Tryggvason með hlutverk nirfilsins.

Nú er hins vegar komið að einum ástsælasta leikara íslensku þjóðarinnar að túlka Skrögg sjálfan í glænýrri íslenskri leikgerð á þessari þekktu sögu Dickens. Þórhallur Sigurðsson (Laddi) mun leika Ebenezer Scrooge í Loftkastalanum og er frumsýning áætluð 21. nóvember. Sýningin er einleikur og mun Laddi fara með öll hlutverkin í uppfærslunni en hún er um 70 mínútur að lengd og verður flutt án hlés. Miðasala er hafin. Leikgerðina gera Jón Gunnar Þórðarson, Egill Antonsson og Sindri Þórarinsson en tónlist og hljóðmynd skipa veigamikinn sess í þessari metnaðarfullu uppsetningu. Leikstjóri er Jón Gunnar Þórðarson. Sama dag verður frumsýning í Borgarleikhúsinu: það eru trúðarnir úr hinni merkilegu sviðsetningu á Dauðasyndunum sem takast nú á við sjálft jólaguðspjallið í sýningunni: Jesús litli. Við erum stödd í Palestínu á því herrans ári núll. Rómverjar hafa sölsað undir sig landið og Heródes er settur landstjóri. Þegar spyrst út að frelsari muni fæðast í landinu kemur tilskipun frá honum um að myrða skuli öll sveinbörn, tveggja ára og yngri. Ljótt er það. Hver fæðir eiginlega barn inn í slíkt ástand?

Leikstjórinn Benedikt Erlingsson hefur hemil á trúðunum eftir bestu getu og söngkonan Kristjana Stefánsdóttir töfrar fram himneska tóna með hjálp trúðsins Bellu.

**pbb@frettabladid.is**

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009



Laugardaginn 14. nóvember kl. 14
**Í gegnum tíðina**
**Verið velkomin á opnun sýningar Sigurbjargar Sigurjónsdóttur í Boganum.**
Postulínsmyndir og munir, vatnslitamyndir og pastel- og olía á striga eru meðal þess sem fyrir augu ber.



Laugardaginn 14. nóvember kl. 14-15
**Út í kött! Dansleikhús fyrir börn**
Lýðveldisleikhúsið – www.this.is/great
**Aðgangseyrir: Kr. 1.500**



Sunnudaginn 15. nóvember kl. 14-15
**Tóney í Gerðubergi**
**Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna.**
Nemendur úr Sæmundarskóla og Listdansskólanum koma fram og hljómsveitin Rússíbanarnir taka nokkur lög. Umsjón: Guðni Franzson, tónlistarmaður.
**Ókeypis aðgangur!**



**Óreiða**
Sýning Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur sem unnin er upp úr og undir áhrifum frá skáldverkum Kristínar Marju Baldursdóttur um listakonuna Karitas.



**Svanurinn minn syngur**
Ljóð og líf skáldkonunnar Höllu Eyjólfsdóttur.



**Vissir þú...** að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir veislur, fundi, ráðstefnur og námskeið?
**Nýtt** heitur reitur í Gerðubergi

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Boðið er upp á leiðsögn um sýningar.
Gerðuberg 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

51250 50 Auglýsingasími – Mest lesið



**MENNTUN** Guðmundur Finnbogason, frumkvöðull í mótun alþýðufræðslu á Íslandi.

## Alþýðufræðslan er 120 ára

Í dag er boðað til málþings í Rauða húsinu á Eyrarbakka sem helgað er „Alþýðufræðslu á Íslandi í 120 ár“ en elsti starfandi barnaskóli á landinu er á Bakkanum. Þar mun leiða saman hesta sína undir stjórn Ólafs Proppé, fyrrverandi rektors, einvala lið manna sem mun fara yfir málið í sem víðustu samhengi. Fulltrúi frá farskólanum ríður á vaðið og síðan verður smám saman farið í gegnum söguna til dagsins í dag, ræddar breytingar og nýjungar og velt fyrir sér hvernig þessi saga og menning verði best varðveitt fyrir komandi kynslóðir. Stofnun skólasöguseturs Íslands í framtíðinni og landshlutaseturs verður rædd með tilliti til varðveislu. Sérfræðingar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu með ráðherra í fararbroddi mæta á svæðið og fræðimenn frá Háskóla Íslands og Kennarasambandinu verða þar. Ræddir verða ýmsir möguleikar á varðveislu og mætir fulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til leiks, svo og hönnuðir safna og setra.

Meðal þeirra sem flytja erindi á málþinginu eru Jón Hjartarson, forseti bæjarstjórnar Árborgar sem stendur fyrir þinginu, Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir, Sigurjón Mýrdal, Eiríkur Jónsson, Katrín Jakobsdóttir, Herdís Egilsdóttir, Helgi Skúli Kjartansson, Kristín Á. Ólafsdóttir og Eiríkur Þorláksson. Ekki verður aðeins varpað kastljósi á sögu alþýðufræðslunnar heldur einnig rætt hvernig beri að varðveita þá sögu og kynna hana almenningi með safnarekstri eða sýningarhaldi.

Þingið er öllum opið en það hefst kl. 10 og er áætlað að því ljúki í eftirmiðdaginn. Það er öllum opið.

# Íslensk tónlistarjól

Nýjar íslenskar geislaplötur í næstu verslun



Stefán Hilmarsson - Húm (Söngvar um ástina & lífið)



Eivör - Live



Ragnheiður Gröndal - Tregagás



Ellen Kristjánsdóttir - Draumey



Hansa og Friðrik Karlsson - Sveitin milli sanda



Jólagestir Björgvins í Höllinni 2008

sena

okkar heimur // þín skemmtun

### > TYLER EKKI HÆTTUR

Söngvarinn **Steven Tyler** segist ekki vera hættur í rokksveitinni Aerosmith þrátt fyrir orðróm þess efnis. „Ég vil að New York-búar viti að ég er ekki að hætta í Aerosmith,“ sagði hann á sólótónleikum gítarleikarans Joe Perry. Í síðustu viku sagði Perry að leit stæði yfir að nýjum Aerosmith-söngvara en henni hefur sem sagt verið hætt.



## Fólk

folk@frettab

# Sigga í sannkölluðu jólaskapi

„Ég er nú þegar komin í það. Ég fór í jólaskapið þegar ég var að velja lögin á diskinn minn,“ segir Sigga Beinteins, spurð hvort hún sé komin í jólaskap.

Hún hefur í nógu að snúast á næstunni því hvert jólaverkefnið á fætur öðru er að líta dagsins ljós. Fyrst ber að nefna nýja jólasafnplötu, Jólalögin mín, sem hefur að geyma öll helstu jólalög Siggu ásamt nokkrum nýjum. Þar má nefna Nei, nei, ekki um jólin, Það eina sem ég vil og Litli trommuleikarinn. „Ég var allt-af með þennan disk í huga en það er mjög stutt síðan ég ákvað að gera hann. Þetta var ákveðið á föstudegi og hann var kominn út á fimmtudeginum á eftir,“ segir Sigga. „Ég var fyrst að hugsa um að láta þetta bíða en svo hugsaði ég, nei, og kýldi á þetta.“

Sigga heldur ferna jólatónleika í kirkjum á næstunni, sem er nýlunda hjá henni því hingað til hefur hún einbeitt sér að dansleikjum. „Ég hlakka rosalega til en þetta er líka smá stress. Ef maður er á tónleikum þarf maður virkilega að vanda sig og sýna hvað í manni býr.“ Henni til halds og trausts verða hljóðfæraleikararnir Grétar Örvarsson og Matthías Stefánsson. Að auki verður Sigga önnum kafin við söng á jólahlaðborðum Hilton-hótelsins frá og með 21. nóvember ásamt Dadda diskó. - fb




**SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR** Sigga Beinteins er að gefa út nýja jólasafnplötu og heldur ferna jólatónleika í kirkjum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fékk yfir 200 símtöl út af hrekk

„Starfsfólk mitt á hárgreiðslustofunni Mojo ákvað að gefa mér þessi huggulegheit í afmælisgjöf,“ segir Nína Kristjánsdóttir sem varð fyrir hrekk á 29 ára afmælinu sínu. Nína er annar eigandi Mojo og lét starfsfólk hennar birta smáauglýsingu í helgarblaði Fréttablaðsins sem í stóð: „Á frímiða á leik Manchester United-Everton, 21. nóvember. Leita að ferðafélaga. Karlmenn, endilega hafið samband“, en meðfylgjandi var símanúmer og mynd af Nínu.

„Síminn byrjaði að hringja um sjöleytið á laugardagsmorgninum. Ég skildi ekki neitt hvað var í gangi, en þegar sá fyrsti sem hringdi las upp fyrir mig auglýsinguna setti ég símann á „silent“, útskýrir Nína brosandi og segir að fjöldi fólks hafi hringt og haldið að um fúlustu alvöru væri að ræða.

„Þetta var bara sjúkt, ég hélt að fólk myndi fatta að þetta væri bara húmor. Síminn hætti ekki að hringja fyrr en á mánudag og ég hef örugglega fengið yfir 200 símtöl og sms,“ bætir hún við. „Ég hef húmor fyrir þessu því ég er algjört fótboltafrík og er nýkomin að utan af leik Manchester-Sund erland, en ef þetta hefði verið eitthvað annað hefði ég snappað,“ segir Nína og hlær. - ag



**„ALGJÖRT FÓTBOLTAFRÍK“** Nína segist hafa húmor fyrir hrekknum sem starfsfólk hennar á hárgreiðslustofunni Mojo stóð fyrir.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð

LISTMUNASALA fold

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16 og sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



**MATGÆÐINGUR** Rósa Guðbjarts, bæjarfulltrúi og matgæðingur, hefur sent frá sér matreiðslubók. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# RÓSA ELDAR AF LÍFI OG SÁL

**Rósa Guðbjarts hefur gefið út matreiðslubókina Eldað af lífi og sál. Hún segir réttina vera einfalda, holla og góða.**

„Ég er sífellt að lesa mér til um matargerð og er alltaf að prófa eitthvað nýtt og fikra mig áfram í þeim efnum. Bókin er afraksturinn af því,“ segir matgæðingurinn Rósa Guðbjarts, sem hefur gefið út sína fyrstu matreiðslubók, Eldað af lífi og sál.

Rósa hefur unnið og skrifað fyrir Gestgjafann síðastliðin tíu ár og segist hafa haft gríðarlegan áhuga á eldamennsku allt frá blautu barnsbeini. Aðspurð segist hún hafa haft úr mörgum uppskriftum að velja en ákveðið að hafa það að leiðarljósi að uppskriftirnar væru einfaldar og fljótlegar. „Ég vil ekki hafa hlutina of flókna heldur eiga réttirnir að vera einfaldir, hollir og góðir. Það var ákveðin kúnst að ákveða hvaða uppskriftir ættu erindi í þessa bók en ég hafði áður gert mér grein fyrir því að ég vildi hafa hana hlýlega með skemmtilegu litasamspili og þannig vann ég úr þessu.“ Hún segir það ekki útilokað að hún gefi út fleiri matreiðslubækur í framtíðinni. „Á meðan ég vann að þessari bók urðu til nýjar hugmyndir þannig að það er ekki útilokað að ég gefi út aðra matreiðslubók á næstu árum. En hvenær það verður er alveg óráðið enn.“

Tveir frændur Rósu sáu um útlitshönnun bókarinnar og tóku að auki ljósmyndirnar sem prýða hana og því má segja að um fjölskylduverkefni sé að ræða. „Tveir uppáhaldsfrændur mínir, Magnús Hjörleifsson og Björn H. Jónsson, aðstoðuðu mig í þeim efnum,“ segir Rósa og hlær.

Þegar Rósa er innt eftir því hvort hún eigi sér eftirlætisrétt segir hún það vera kjúklingabringur fylltar með sólþurrkuðum tómötum. „Það er líklega sá réttur sem ég hef eldað hvað oftast í gegnum árin og við fjölskyldan fáum aldrei leið á honum. Þetta er fljótlegur réttur en alveg afskaplega góður,“ segir Rósa að lokum.

# Íslandslest útópísk hugmynd

Listamaðurinn Etienne de France er maðurinn á bak við Íslandslestina, eða Iceland Train, sem vísir.is fjallaði um fyrir stuttu. Íslandslestin er ekki raunverulegt fyrirtæki í eigu almennings heldur listaverk sem Etienne vann fyrir sjónlistahátíðina Sequences sem fram fór í byrjun nóvember.

„Þetta er útópísk hugmynd um hlut sem gæti orðið. Íslandslestin er ímyndað fyrirtæki en þetta er sett upp sem um raunverulegt fyrirtæki sé að ræða, þannig að þetta er blanda af fantasíu og raunveruleika. Mig langaði að prófa að gera fyrirtæki og auglýsingaherferð í kringum það og sjá hvernig fólk bregðist við því. Þar að auki er lestin sjálf mjög freudískt tákn þannig að það má segja að verkið sé mjög táknrænt á mjög margan hátt,“ útskýrir Etienne, sem segist hafa heillast af markaðsaðferðum nútíma stórfyrirtækja.

Etienne hannaði vefsíðu í kringum hið ímyndaða fyrirtæki auk þess sem hann kynnti það í gegnum Fésbók, en á vefsíðunni getur fólk einnig lagt brautartein og fylgst með framkvæmdunum sjálfum. „Ég veit ekki hvað fólki finnst um verkið, þetta er mjög ólíkt því að sýna í hefðbundnu galleríi. Nú hafa tæp þrjú þúsund manns þegar heimsótt síðuna, sem þykir nokkuð gott miðað við að um listaverk sé að ræða,“ segir Etienne að lokum. - sm



**ÍSLANDSLESTIN** Etienne de France er listamaðurinn á bak við verkið Íslandslestina sem var gert í tengslum við Sequences. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Trappaði sig niður með raf-rettu

Tóbaksreykingar eru faraldur sem dregur 400 Íslendinga til dauða á ári. Fjögur hundruð manns! Margir veigra sér við að takast á við fíknina með því að hætta einfaldlega að reykja. Því eru ýmsar leiðir í boði til að hætta í smáskömmtum eða finna sér eitthvað hættuminna í staðinn. Það nýjasta er svokölluð rafretta – e-cigarette – sem bráðum verður hægt að panta á netinu í gegnum heimasíðuna gaxa.is. Sá sem stendur á bak við innflutninginn á rafrettunni heitir Gestur Hermannsson og hefur hann sjálfur reynslu af þessari leið.

„Ég trappaði mig niður með því að reykja rafrettuna, fyrst með venjulegum rettum. Þannig fór ég úr pakka á dag niður í tíu, svo í fimm og loks enga. Ef mig langar að reykja, eins og til dæmis þegar ég fer út að skemmta mér, fæ ég mér bara rafrettu. Hún er mildari og betri og reynir ekkert á hálsinn eins og sígarettur,“ segir hann og bætir við: „Það sem er best við rafrettuna er að hún virkar sálfræðilega. Maður handfjatlar hana, fær bragð úr henni, það er „glóð“ í henni og það rýkur meira að segja úr henni.“

Engin lykt er af reyknum úr rafrettunni svo það má „reykja“ hana hvar sem er, í flugvél, inni á skemmtistöðum, í kirkju þess vegna. Rafrettan skiptist í þrjá hluta; rafhlöðu, bragðefnishylki og hitara. Rafhlaðan er hlaðin í gegnum USB-tengi og kaupa þarf reglulega ný bragðefnishylki þegar þau gömlu eru farin að dofna. Gestur segist geta boðið startpakkann á mjög góðu verði, 9.995 kr., vegna góðra samninga við fyrirtækið erlendis.

- drg



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VIRKAR SÁLFRÆÐILEGA** Gestur Hermannsson púar rafrettu.

# Vill stækka fjölskylduna

**Samkvæmt The Sun hyggst leikkonan Angelina Jolie ættleiða eitt barn enn og hefur þegar lagt inn umsókn þess efnis. Það sem vekur furðu er að aðeins eitt nafn er skráð á umsókninni, hennar eigið. Leikkonan á sex börn með Brad Pitt. „Brad finnst sex börn vera feikinóg og vill ekki bæta fleirum í fjölskylduna,“ var haft eftir heimildarmanni.**



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 13. nóvember 2009**

### → Tónleikar

**16.00 Nemendur Tónlistarskólans** á Akureyri spila í **Eymundsson** við Hafnarstræti á Akureyri.

**20.00 Heimstónlistarhátíð** í **Norræna húsinu** við Sturlugötu 13-14. nóv. Indversk Bollywood tónlist, afrískur djass o.fl. Á tónleikum í kvöld koma fram **Trans Nations**, **Helgi og hljóðfæraleikararnir** og **Shava**. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

**20.30 Baggalútur** heldur tónleika í félagsheimilinu **Hlégarði** í Mosfellsbæ. Húsið verður opnað kl. 20.

**22.00 Ívar Bjarklind** og hljómsveit verða með tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**22.00 Pulling Teeth** verður með tónleika á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Einnig koma fram: **Plastic Gods**, **Bummer**, **Gone Postal** og **Celestine**.

**22.00** Hljómsveitin **Huld** og **Böddi** verða með tónleika á **Café Cultura** við Hverfisgötu 18.

### → Fyrirlestrar



**12.00 Friðrik Eysteinsson** flytur erindið **„Hafa auglýsingar neikvæð áhrif á börn?“**. Fyrirlesturinn fer fram á **Háskólatorgi** HÍ við Sæmundargötu 4 (st. 104).

**14.50 Ragnheiður Þórsdóttir** flytur erindið **„Að nýta sköpunarkraftinn sem í okkur býr.“** Fyrirlesturinn fer fram í **Verkmenntaskólanum á Akureyri** við Hrísateig (st. M 01).

### → Opnanir

**17.00 Una Baldvinsdóttir** opnar sýningu í gallerí **Crymo**, Laugavegi 41a. Opið þri.-sun. kl. 13-18.

### → Sýningar

**Gussi** (Gunnar G. Gunnarsson) heldur myndlistarsýningu á vinnustofu sinni á 3ju hæð í **Menningarmiðstöðinni Hólmaröst** við Hafnargötu 9 á Stokkseyri. Opið næstu tvær helgar kl. 14-18.

### → Síðustu forvöð

Sýningu **Kristínar Rutar Eyjólfsdóttur** í **Sláturhúsinu** við Kaupvang á Egilsstöðum, lýkur á sunnudag. Opið mán.-fös. kl. 14-22 og um helgar kl. 14-16.

Í **Gerðarsafni** við Hamraborg í Kópavogi hafa staðið yfir þrjár írskar sýningar í tengslum við menningarhátíð í Kópavogi. Sýningum lýkur á sunnudaginn. Opið daglega kl. 11-17. Nánari upplýsingar á www.gerdarsafn.is.

### → Markaðir

**Skálafélagið** stendur fyrir markaði í **Tryggvaskála** Tryggvatorgi 1 á Selfossi. Opið kl. 13-18.

### → Hárgreiðslusýning



**21.00 Hárgreiðslusýning útskriftarnema** hársnyrtideildar Tækniskólans verður haldin á **Austur Bar/Grill** við Austurstræti 7. Húsið verður opnað kl. 20.

### → Opinn dagur

**Opinn dagur** verður í dag í öllum deildum **Listaháskóla Íslands**. Nánari upplýsingar á www.lhi.is.

### → Dansleikir

Hljómsveitin **Rokk** verður á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

**Boogie Nights**-plötusnúðarnir verða á skemmtistaðnum **SPOT** við bæjarlind í Kópavogi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




GOTT Í MATINN - jólablaðið

-frá MS, berst til þín í dag.

Njótið vel og verði ykkur að góðu!




Nýja jólablaðið er stútfullt af góðum uppskriftum og hugmyndum.
Hægt er að skoða blaðið inni á vefnum: www.gottimatinn.is

Í matargerðarlínunni GOTT Í MATINN frá MS má finna margar vörur sem koma sér mjög vel í jólaundirbúningnum, hvort sem á að búa til sósu með jólasteikinni eða indælis ís í eftirrétt, útbúa spennandi snittur í áramótaboðið eða baka ljúffengar smákökur og tertur.

**MEÐAL EFNIS Í JÓLABLAÐINU:**

- Bakað á aðventu
- Smáréttir fyrir boðið
- Ísgerð - vanilluís með ýmsu góðgæti
- Jólaveisla á aðfangadagskvöldi
- Konfektgerð og margt fleira

Gott í matinn

www.gottimatinn.is

FABRIKAN

# Svikarinn svikinn

Samkvæmt tímaritinu Life & Style hefur Eddie Cibrian nú þegar stigið feilspor og haldið fram hjá þjóðlagasöngkonunni LeAnn Rimes. Rimes og Cibrian hófu samband sitt fyrr í sumar, þau voru þá bæði gift og vakti samband þeirra mikla athygli slúðurtímarita hið vestra. Nú segir Life & Style að Cibrian sé enn við sama heygarðshornið og á hann að hafa verið að hitta Scheana Jancan á laun síðustu vikur. Jancan þessi er hvað þekktust fyrir að hafa verið í stuttu sambandi með söngvaranum John Mayer. „Eddie er farinn að hitta Scheanu reglulega. Hann segist aðeins vera með LeAnn vegna athyglinnar sem því fylgir og ætlar að slíta sambandinu innan skamms,“ hafði tímaritið eftir heimildarmanni.



**SVIKIN** LeeAnn Rimes var eiginmanni sínum ótrú, nú situr hún í eins súpu.



Rithöfundurinn Mikael Torfason og útvarpskonan Ragnhildur Magnúsdóttir voru í góðu stuði.

# Færeyskum dansi Huldars fagnað

**Rithöfundurinn Huldar Breiðfjörð hefur sent frá sér bókina Færeyskur dansur. Í tilefni af því var haldið útgáfuhóf í Eymundsson við Skólavörðustíg. Færeyskur dansur fjallar um ferðalag Huldars til Færeyja og segir frá kynnum hans af þessum frændum okkar sem hafa veitt Íslendingum kærkomna aðstoð í kreppunni. Boðið var upp á færeyskt öl í hófinu auk þess sem Huldar las upp úr bókinni.**



Kristján Loðmfjörð, Tinna Guðmundsdóttir og Ólína Ugla mættu í Eymundsson.



Huldar Breiðfjörð ásamt kollega sínum, Hallgrími Helgasyni. Huldar las upp úr bók sinni í hófinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Gyrðir Elíasson, Bragi Ólafsson og dóttir hans, Líba, auk útgefandans Páls Valssonar voru á meðal gesta.



Leikstjórinn Börkur Gunnarsson og Breki Pálsson voru á staðnum.



TÓMAS LEMARQUIS LOVÍSA E. SIGRÚNARDÓTTIR
kvikmynd eftir Hilmar Oddsson
Desember
Tími til að vera saman
FRUMSÝND 6. NÓVEMBER
SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ



**EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL** Þriðja skáldsaga Eiríks Arnar Norðdahl fjallar um stjórnmálafólk í íslenskum samtíma.

# Gífuryrt skáldsaga

„Þessi bók er mín gífuryrtasta. Hún er alla vega miklu orðljótari en síðasta skáldsaga,“ segir Eiríkur Örn Norðdahl, sem hefur sent frá sér sína þriðju skáldsögu, Gæska - told you he was softer. Bókin fjallar um stjórnmálafólk í íslenskum samtíma þar sem krónan er orðin verðlaus og allt er í lamasessi. „Ég var búinn að skrifa stærstan hluta af bókinni vorið 2008 en sá ekki fram á að klára hana fyrir haustið,“ segir Eiríkur Örn, sem þurfti að skrifa megnið af bókinni upp á nýtt eftir að kreppan skall á. „Bókin gerist í hálfgerðum ótíma og í hálfgerðum hysterískum heimi. Kreppan kemur ekki svo mikið við sögu en ég þurfti að gera ráð fyrir henni. Sagan gerist öll á einu eilífu sumri, á nokkrum dögum fyrir hina fallegu byltingu og nokkrum dögum eftir hana.“

Þrátt fyrir að hafa byrjað á bókinni áður en kreppan skall á segist hann ekki hafa séð vandræðin fyrir frekar en hver annar. „Ég hef reyndar ágæta skoðun um að það sé vanmetið hve mikið fólk var búið að sjá þessi ósköp fyrir. Kreppur koma og kreppur fara, það hefur gerst þúsund sinnum á síðustu tveimur öldum. Ég geri ráð fyrir því að það verði komin önnur eftir fimmtán ár.“

Þrjú ár eru liðin síðan síðasta skáldsaga Eiríks kom út, Eitur fyrir byrjendur. Kemur hún einmitt út í Þýskalandi á næsta ári.

Eiríkur flutti nýlega til Svíþjóðar eftir að hafa búið í Finnlandi í tvö ár. Hann á sænska kærustu og þau eiga saman þriggja mánaða son. Eiríki líður vel í Svíþjóð og finnst ágætt að vera ekki á Íslandi að kynna nýju bókina. „Á meðan maður er ekki í jólabókaflóðinu með áhyggjur af því að það sé ekki fjallað nógu vel um mann og það komi ekki nóg af dómum, þá er lífið ekkert nema tóm hamingja,“ segir hann.

- fb

# Borðar hvað sem er

Rihanna biður ekki um neina hollustu í búningsherbergi sitt. Söngkonan, sem er 21 árs, mun koma fram í London í næstu viku og samkvæmt skipuleggjendum tónleikanna óskaði hún eftir pitsu, frönskum kartöflum, kleinuhringjum, kartöfluflögum, örbylgjulasanja og kjúklingavængjum í búningsherbergi sitt. Listinn innihélt yfir 7.000 kaloríur og var epli eina hollustan sem þar var að finna.

„Þessar bandarísku stórstjörnur vilja yfirleitt ekkert nema fáránlega hollan mat. Rihanna var því skemmtileg tilbreyting og var ekki með neitt kolvetna- og glúteinsnautt rugl,“ sagði einn skipuleggjandi tónleikanna. Sjálf segist Rihanna hafa litlar áhyggjur af línunum. „Að vera á tónleikaferðalagi kemur manni í form, sem er gott þar sem ég borða nánast hvað sem ég kemst yfir.“ Rihanna var valin Kona ársins af bandaríska tímaritinu Glamour síðastliðinn mánudag og plata hennar, Rated R, er væntanleg í verslanir í næstu viku.



**HUGSAR EKKI UM LÍNURNAR** Rihanna segist halda sér í formi með því að koma fram á tónleikum og hún borðar allt sem hana langar í.

# Íslensk hönnun skýtur upp kolli

Íslenskir hönnuðir hafa verið duglegir við að skipuleggja hönnunarmarkaði sem skjóta upp kollinum hér og þar í miðbænum. Um helgina verða tveir slíkir markaðir haldnir, annar í Kópavoginum og hinn í Bankastræti.

Fatahönnuðirnir Linda Ósk Guðmundsdóttir og Sandra Berndsen standa fyrir milliliðalausri verslun á vinnustofu sinni við Smiðjuveg, grænni götu, í Kópavogi á laugardag. Linda Ósk hannar flíkur undir heitinu Another Scorpion og Sandra undir nafninu Oktober. „Við verðum aðallega með vetrarvörur, ullarpeysur, hettupeysur og mikið af slám. Þetta er í fyrsta sinn sem við höldum slíkan markað en okkur þótti þetta kjörin leið til að koma okkur á framfæri,“ segir Linda Ósk. Markaðurinn hefst klukkan 11.00 á laugardag og stendur til klukkan 18.00.

Í Bankastræti 14, þar sem verslunin Nakti apinn var áður til húsa, verður einnig haldinn hönnunarmarkaður og munu níu hönnuðir selja þar vörur sínar á hagstæðu verði og má þar nefna Eygló Lárusdóttur, Guðbjörgu Jakobsdóttur, Sonju Bent, Aaron Charles Bullion, Elvu Dögg Árnadóttur auk annarra. Markaðurinn hefst klukkan 11.00 og stendur til klukkan 20.00.

**- sm**



**EYGLÓ** Meðal þeirra hönnuða sem selja vörur sínar er Eygló Lárusdóttir, hér má sjá fyrirsætu klæðast kjól frá henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HEILLUÐU HAMBORG** McCartney segir að Bítlarnir hafi lært margt í Hamborg.

# Bítlarnir byrjuðu illa

**Bítillinn Paul McCartney viðurkenndi nýlega í viðtali að honum hefði ekki þótt Bítlarnir sérstaklega góð hljómsveit á sínum tíma. Í viðtalinu segir hann jafnframt að það hafi ekki komið á óvart þegar útgáfufyrirtækið Decca neitaði þeim um samning. „Við vorum ekkert svo öflugir. Við vorum enn að móta hljómsveitina. Þú hefðir sjálfur neitað okkur um samning á þessum tíma, hefðir þú verið að vinna fyrir útgáfufyrirtæki,“ sagði hann.**

**Hann sagði jafnframt að hljómsveitin hefði lært að heilla áhorfendur á meðan hún lék á skemmtistöðum í Hamborg. „Í Hamborg lærðum við að heilla fólk og laða að okkur áhorfendur. Við urðum virkilega góðir í því.“**



**FORELDRI** Miss J er stjúpforeldri sjö ára drengs.

# Miss J er stjúpforeldri

**Miss J Alexander sem sló í gegn sem einn þriggja dómara í þáttunum America‘s Next Top Model er stjúpforeldri sjö ára drengs. Miss J útskýrði í spjallþætti Tyru Banks að fyrrverandi sambýlismaður hans hefði aðstoðað gamla vinkonu við að geta barn með því að gefa henni sæði. „Frönsk samkynhneigð kona spurði okkur hvort við vildum aðstoða hana og við vorum til í það,“ útskýrir Miss J, sem segist taka virkan þátt í uppeldi drengsins. „Reynslan hefur gert líf mitt betra. Ég held þó að eitthvað af mínum genum hljóti að hafa læðst þarna með því hann heimtar að klæðast fallegum skóm og drekka úr fínum glösum.“**


NÝTT KORTATÍMABIL

ÁFRAM ALLA HELGINA

Sprengidagur

Frábærar jólagjafir
á dúndurtilboði

25%
AFSL.
AF ÖLLU*

Allar útsöluvörur með
70% + 25% afslætti

*nema 15% afsláttur af
snyrtivörum og hjá NTC

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

# Til Evrópu í mánuð

Hljómsveitin FM Belfast ætlar í mánaðarlanga tónleikaferð um Evrópu í febrúar. Ástæðan er útgáfa plötunnar How To Make Friends í Frakklandi í janúar og um gjörvalla Evrópu í febrúar. Platan kemur sömuleiðis út í Bandaríkjunum og í Japan í febrúar. „Þetta er það sem við erum búin að vinna í lengi. Með hjálp annarra þá hefur þetta gengið upp," segir Árni Plúseinn, sem er ánægður með þá dreifingarsamninga sem hafa náðst erlendis. Hljómsveitin er án útgáfusamnings sem stendur og verður fróðlegt að sjá hvort erlendir útsendarar komi ekki auga á hana á Evróputúrnum.



**FM BELFAST** Hljómsveitin FM Belfast ætlar í mánaðarlanga tónleikaferð um Evrópu í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stewart neitar að svara

Aðalleikararnir í Twilight-seríunni spjölluðu við blaðamann Entertainment Weekly í tengslum við frumsýningu kvikmyndarinnar New Moon, sem margir hafa beðið spenntir eftir. Þegar blaðamaður spurði Kristen Stewart út í meint ástarsamband hennar og samleikara hennar, Robert Pattinson, brást hún ókvæða við. „Ég myndi kannski svara ef fólk væri ekki að gera sér svona mikinn mat úr þessu öllu. Ég veit að fólk hugsar: „Jæja, þú kaust að gerast leikari, af hverju hættirðu ekki alfarið að eiga þér einkalíf? Megum við fá frumburðinn þinn líka?" Ég hef mikið hugsað um þetta og það er ekkert svar sem ég gæti gefið sem ekki væri hægt að taka úr samhengi. Ég gæti svarað játandi, neitandi, ekki sagt neitt eða sagst vera samkynhneigð, það yrði allt tekið úr samhengi. Ef fólk mundi spyrja hvort ég væri að hitta Taylor á laun þá mundi ég svara nákvæmlega eins," sagði Stewart.



**DULARFULL** Kristen Stewart hefur aldrei viljað láta neitt uppi um sitt einkalíf.

# Britney sætir gagnrýni



**BRITNEY SPEARS**

Britney Spears er stödd í Ástralíu þar sem hún syngur á þrennum tónleikum. Söngkonan hefur sætt gagnrýni fyrir að syngja ekki, heldur notast við upptökur, en rukka samt sem áður hátt verð fyrir hvern miða.

Spears hefur sent frá sér tilkynningu um málið: „Ég hef heyrt að sýning mín hafi sætt gagnrýni. Blaðamenn skrifa að fólk sé ánægt með tónleikana, aðrir segja að fólk hafi orðið fyrir vonbrigðum. Ég kom til Ástralíu fyrir aðdáendur mína."

# Réði ekki eigin lífi

Mariah Carey var gestur í þætti Larry King í vikunni og þar viðurkenndi hún að hún hefði ekki sinn verið í sambandi þar sem hún sætti andlegu ofbeldi. „Ég var beitt andlegu og tilfinningalegu ofbeldi í sambandi. Þetta er skelfileg lífsreynsla. Mér fannst erfitt að losna úr þessum aðstæðum því ég var ekki aðeins gift þessum manni heldur var hann einnig viðskiptafélagi minn og réði því öllum þáttum í lífi mínu á þeim tíma," sagði söngkonan.



**MARIAH CAREY**

# OURLIVES DANSAR Á LÍNUNNI

**Í dag gefur hljómplötuútgáfan Kölski út fyrstu plötu Ourlives. Hljómsveitin hefur unnið að því að koma út plötu síðan 2004 og meðlimirnir segja nú þungu fargi af sér létt.**

„Við hlökkum til að geta fylgt plötunni eftir. Það er nauðsynlegt fyrir tónlistarmenn að hafa efni í höndunum til að kynna og við erum loksins komnir á þann stað," segir Eiður Ágúst Kristjánsson gítarleikari.



**TAPAÐI KAPPHLAUPINU EN VANN SAMT** Hljómsveitin Ourlives fann sig loksins eftir langa leit. Frá vinstri: Jón Björn, Garðar Borgþórsson trommari, Leifur og Eiður. MYND/LISA ROZE

### Vildu ekki vera Nickelback 2

Sumir vilja meina að tónlist Ourlives hljómi eins og tónlist í stiklu fyrir nýjustu Spiderman-myndina. Strákarnir gretta sig þegar ég ber þetta undir þá. Jón Björn segir að Spiderman-stiklu samlíkingin eigi aðeins við fortíð sveitarinnar.

„Við vorum í ansi miklu kapphlaupi við sjálfa okkur og keyrðum okkur áfram á stuttum tíma. Titill plötunnar, We Lost the Race, er skírskotun í þetta," segir hann og rifjar upp meiksögu bandsins: „Við fengum tilboð frá Columbia-útgáfunni, sem var til sjö ára og var alveg hrikalegur samningur. Enda höfnuðum við honum. Við vorum komnir með alls konar fólk í kringum okkur sem sá okkur einmitt fyrir sér sem band sem myndi spila lagið í stiklunni fyrir nýjustu Spiderman-myndina."

Þessar meikþreifingar enduðu í Kanada í hljóðveri með upptökustjóranum David Bottrill. „Hann einfaldlega hentaði okkur ekki. Ég man eftir því þegar við vorum að taka upp. Í eitt skiptið leit ég upp og sá einn í bandinu sem var orðinn náfölur í framan. Svo stundi hann upp að þetta væri farið að hljóma skuggalega líkt og Nickelback."

„Við gátum bara ekki haldið þessu áfram," segir Leifur. „Dropinn sem fyllti mælinn var þegar hann varði löngum tíma í að kenna mér að bera fram orðið „decision". Þá tókum við nú bara ákvörðun um að þetta væri orðið ágætt."

### Loksins sáttir

Strákarnir segja að það hafi verið auðveldasta val í heimi að velja á milli þess að hjakka áfram í að reyna að búa til handboltarokk með útlendu bransaköllunum eða koma heim og gera plötu með Barða Jóhannessyni, kenndum við Bang Gang. „Þetta small nú bara allt þegar við förum að vinna með Barða," segir Jón Björn. „Hann tók það besta úr þessu hjá okkur og við mótuðum þetta saman."

„Við fundum fljótlega að þetta var að virka og vorum í fyrsta skipti alveg hundrað prósent ánægðir með útkomuna. Það var frábær tilfinning," segir Leifur.

„Við dönsum á línunni á milli popps og rokks," segir Eiður. „Þetta eru allt saman mjög útvarpsvæn lög og við erum bara stoltir af því."

Strákarnir ætla að verða sýnilegir á næstunni og kynna plötuna á Íslandi. Ekkert sé í kortunum með frekara meik en auðvitað standi hugurinn alltaf til stærri markaða. Bandið hefur aflað sér ýmissa sambanda og þau verða notuð. Í umslagi plötunnar er gefin upp slóð þar sem hægt er að sækja níu aukalög, þar á meðal þrjú sem bandið gerði með David Bottrill. „Við skömmumst okkar ekkert fyrir þessi lög en við gátum bara ekki hugsað okkur að hafa þau með þessum nýju sem við gerðum með Barða."

drgunni@frettabladid.is

# Slóveni spilar á árshátíð

**Slóvenski plötusnúðurinn Umek þeytir skífum á árshátíð Techno.is á Nasa á laugardaginn. Umek hefur verið starfandi plötusnúður frá árinu 1993 og er orðinn mjög virtur á sínu sviði. Hann vakti fyrst verulega athygli fyrir að spila á þrjá plötuspilara í einu auk þess sem hann notaði effektagræjur á sama tíma. Forsvarsmenn Techno.is hafa reynt að fá Umek til landsins undanfarin í fjögur ár og núna hefur hann loksins þekkst boð þeirra. Auk Umek spila á árshátíðinni Exos, Oculus, Óli Ofur og Impulze.**

# Leona Lewis er hörð

Kunnugt er orðið er maður sló bresku söngkonuna Leonu Lewis þegar hún var að kynna nýja ævisögu sína. Maðurinn var handtekinn í kjölfarið og lífverðir fluttu Lewis á brott. Í viðtali við The Sun segir söngkonan að hún láti atvikið ekki hafa áhrif á sig. „Ég ólst upp í Hackney, þannig að ég er hörð að mér. Ég mun ekki láta eitthvað svona hafa áhrif á mig. Það var alltaf eitthvert vesen í gangi í hverfinu mínu. Strákarnir slógust og það var mikið um glæpi. Hverfið mitt hefur eina hæstu glæpatíðni í landinu, þannig að þegar maður elst upp við það lærir maður að passa upp á sjálfan sig," sagði söngkonan.



**HÖRÐ AF SÉR** Leona Lewis ólst upp í slæmu hverfi í London.


# TÍMALAUS FEGURÐ

Regenerating krem - náttúrulegar vörur til styrktar húð fyrir 40+

Allar Dr.Hauschka snyrtivörur eru náttúrulegar, án allra aukaefna og eru unnar úr virkum lífrænum lækningajurtum.




„Ég hef notað þessi krem reglulega og mæli hiklaust með þeim." Sirrý

Dr.Hauschka
Náttúrulegar snyrtivörur

Þú færð Dr.Hauschka vörurnar í Yggdrasil, Fjarðarkaupum, Lyfju Lágmúla og Heilsuveri.


# Rauk út í miðju útvarpsviðtali

Tvíburabræðurnir Joel og Benji Madden voru gestir í áströlskum útvarpsþætti síðastliðinn mánudag og fékk viðtalið nokkuð snubbóttan endi þegar Joel Madden, barnsfaðir Nicole Richie, gekk út.

Stjórnendur þáttarins vildu athuga hvort það væri sannleikskorn til í því að tvíburar gætu skynjað tilfinningar hvor annars og ákváðu að leggja próf fyrir bræðurna. Bundið var fyrir augun á Benji og var Joel sýnd klúr ljósmynd af söngkonunni Britney Spears. Benji giskaði á að bróðir sinn væri pirraður, sem reyndist rétt því Joel svaraði um hæl: „Ég tel mig vera nokkuð afslappaðan mann, en þið tveir eruð farnir að fara í taugarnar á mér." Stuttu seinna gekk Joel út og fylgdi Benji honum eftir. „Oftast umber ég kjánalega morgunþáttastjórnendur, en ekki í dag. Ætli ég hafi ekki í fyrsta sinn hitt Ástrala sem ég kann illa við," skrifaði Joel á Twitter-síðu sína seinna sama dag.



**MISBOÐIÐ** Tvíburabræðurnir Joel og Benji Madden þoldu ekki kjánalætin í áströlskum útvarpsþáttastjórnendum.



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Jimmy Choo-lína H&M frumsýnd

**Margar stórstjörnur mættu í sérstakt teiti í Vestur-Hollywood til að fagna nýrri línu Jimmy Choo sem kemur í verslanir H&M um helgina. Línan inniheldur um fjörutíu hluti; föt, skartgripi, skó og handtöskur. Mikil eftirvænting hefur skapast í kringum línuna, enda mun draumur margra kvenna um að eignast hönnun Jimmy Choo loks verða að veruleika í H&M þar sem verðið verður mun lægra en gengur og gerist.** - ag



**HÁKARL** Söngkonan M.I.A. fór ótroðnar slóðir í fatavali að vanda og klæddist eins konar hákarlabol.



**SETTI SIG Í STELLINGAR** Heroes-leikkonan Hayden Panettiere sneri sér á alla kanta fyrir ljósmyndara.



**GLAÐLEG** So You Think You Can Dance-kynnirinn Cat Deeley mætti í teitið í Hollywood.



**GLÆSILEG** Leikkonan Maggie Grace tók sig vel út í ljósum kjól í Jimmy Choo-partíinu.



**FÁGUÐ** Private Practice-leikkonan Kate Walsh var flott til fara í svörtum jakka og buxum.



**ÁBERANDI VESKI** Paris Hilton lét sig ekki vanta í Jimmy Choo-teitið í Hollywood, með skærbleikt veski.

PIPAR\TBWA • SÍA • 91903

75 milljónir á einn miða í desember

Þeir sem eiga miða í Happdrætti Háskólans geta átt von á 75 milljóna afmælisvinningi í síðasta útdrætti ársins. Þú getur ennþá verið með! Tryggðu þér miða fyrir aðeins 1.000 kr. á mánuði. **Við drögum næst 24. nóvember!**

75 ára milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611



**KRÚTTLEGT** Karli Lagerfeld tókst að láta klassík og krúttlegheit mætast á skemmtilegan hátt í væntanlegri vorlínu sinni.



**TÖFF** Renndur svartur og hvítur jakki kom vel út við buxur með keðjur um mittið.

# VORLÍNA CHANEL SÝND Í HLÖÐU

**Vorlína Chanel 2010 var sýnd við góðar undirtektir í París á dögunum. Sýningarsalurinn var heldur óvenjulegur, en honum hafði verið breytt í eins konar hlöðu sem fyrirsæturnar gengu um. Hönnun Karls Lagerfeld féll þá einstaklega vel inn í sýningarumhverfið, en vorlínan innihélt allt frá ljósum blúndukjólum yfir í svarta síðkjóla.** - ag



**KLASSÍSKT** Þessi fallega munstraði svarti kjóll kom vel út við heldur óvenjulegar sokkabuxur.

**GLÆSILEIKI** Svart sjiffon, blúndur og slaufur voru áberandi í vorlínu Chanel.

**FALLEG HÖNNUN** Lagerfeld hugaði að hverju smáatriði í flíkunum fyrir vorlínuna eins og sjá má á þessari ljósu blúnduskyrtu.


BT
FRÁBÆRT ÚRVAL!
FRÁBÆR VERÐ!
Þessi er svakalegur!
Nýir tölvuleikir
DJ HERO
19.999 PS3
RATCHET & CLANK A CRACK IN TIME
10.999 PS3
PES 2010
6.999 PS2
CALL OF DUTY MODERN WARFARE 2
12.499 PS3
Fáanlegur á PC - PS3 - XB 360
MINNI
LÉTTARI
STÆRRA
GEYMSLURÝMI
PS3 KERFIS UPPFÆRSLA 3.0
67.999
Blu-Ray fjarstýring fylgir
49.999
Nýtt á Blu-Ray
STAR TREK
3.499
TRANSFORMERS
3.499
GLADIATOR
3.499
Nýtt á DVD
TRANSFORMERS
1.999
STRUMPARNIR
1.999
STAR TREK
1.999
TinkerBell
1.999
Nýjar bækur
Endurminningar Gylfa Ægissonar
4.999
SÖKNUÐUR
Ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar
5.499
Ný tónlist
HELGI BJÖRNS
1.999
THIS IS IT
3.199
Jólagestir
2.999
BT Skeifan • BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

# Katie snýr aftur í þáttinn þar sem hún kynntist Peter

**Glamúrgellan Katie Price snýr aftur til óbyggða á meðan fyrrverandi eiginmaður hennar, söngvarinn Peter Andre, fagnar því að fá frið frá henni um stund.**

Katie Price mun taka þátt í sjónvarpsþættinum I'm a Celebrity, Get Me Out of Here að nýju, en hún og Peter Andre kynntust við tökur á þættinum árið 2004. Price er fyrsta stjarnan sem tvisvar hefur tekið þátt í sjónvarpsþættinum og hefur þátttaka hennar verið mikið á milli tannanna hjá hinum stjörnunum sem í óbyggðunum dvelja. Price er launahæsta stjarnan á svæðinu og dvelur að auki viku skemur en aðrir þátttakendur. Kynbomban þiggur 350.000 pund fyrir þátttöku sína á meðan aðrir fá einungis 65.000 pund.

„Við vildum hærri laun, en okkur var sagt að hart væri í ári hjá sjónvarpsstöðinni. Nú vitum við af hverju. Ef þau hjá ITV eru að leita að vandræðum í óbyggðunum þá munu þau vissulega fá vandræði um leið og Price kemur,“ var haft eftir einum þátttakandanum.

Fyrrverandi eiginmaður Price, Peter Andre, ku víst vera afskaplega feginn að vera laus við hana, en ekki hefur verið hlýtt á milli þeirra síðan þau skildu að skiptum. „Ég er mjög spenntur, herrar mínir og frúr, því frá og með kvöldinu í kvöld verð ég einn með börnin í heilan mánuð,“ ritaði söngvarinn á Twitter-síðu sína. Andre og Price eiga saman tvö börn, soninn Junior og dótturina Princess Tiaamii. Price á einnig soninn Harvey með fótboltakappanum Dwight York, en Andre hefur gengið honum í föðurstað síðustu árin.



**ALLT LÉK Í LYNDI** Fjölskyldan var hamingjusöm þegar allt lék í lyndi. Skilnaðurinn er búinn að vera ljótur og nú ætlar Kati að flýja land. Hún tekur þátt í sjónvarpsþættinum I'm a Celebrity, Get Me Out of Here og dvelur í Ástralíu í mánuð. Peter Andre er feginn að vera laus við Katie um stund og hlakkar til að eyða tíma með börnunum.

# Óður til hávaða

Í dag kemur út fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar Me, the Slumbering Napoleon, sem nefnist The Bloody Core of It. Meðlimir tríósins eru þeir Brynjar Helgason, Brynjólfur Gauti Jónsson og Rúnar Örn Marinósson og hefur hljómsveitin vakið mikla athygli undanfarin misseri fyrir kraftmikla tónleika og hressilega stuttskífu, Marske by the Sea, sem kom út í haust.

Platan er óður til jaðarrokks tíunda áratugarins þar sem taktskiptingar, óhefðbundin lagauppbygging og „feedback“ er í hávegum haft.

Hljómsveitir á borð við bandarísku hávaðaböndin The Jesus Lizard og Shellac eru greinilegir áhrifavaldar án þess þó að MSN tapi sínum eigin hljómi. The Bloody Core of It var tekin upp af Adda (Celestine, Gavin Portland) í Hljómskála Reykjavíkur yfir eina helgi og hljómjöfnuð af John Golden í Kaliforníu. Hann hefur til að mynda átt við plötur Sonic Youth, Marnie Stern og Girls. Kostnaðinum við gerð plötunnar var haldið í algjöru lágmarki en engu að síður skilar útkoman öllum þeim krafti sem bandið stendur fyrir. Kimi Records gefur út og þess má geta að hún er þrettánda breiðskífa sem útgáfufélagið gefur út og því er einkar viðeigandi að platan komi út á þessum hættulega degi í dag.

Me, the Slumbering Napoleon ætlar að fagna útgáfunni í Havarí kl. 17 í dag. Platan verður á tilboði, léttar veitingar verða í boði og strákarnir taka nokkur lög. **- drg**



**ÚTGÁFA Á HÆTTULEGUM DEGI** Plata Me, the Slumbering Napoleon kemur út í dag.



**SNORRI HELGASON** Snorri Helgason spilar á Grand Rokki í kvöld ásamt þremur öðrum flytjendum.

# Fjórfaldir tónleikar

**Snorri Helgason, Lights on the Highway, Prins Póló og Markús Bjarna spila á Grapevine-kvöldi á Grand Rokki í kvöld. Snorri, sem sló í gegn í Sprengjuhöllinni, er í þann mund að gefa út sína fyrstu plötu og Lights on the Highway sendi frá sér plötuna Amanita Muscaria í haust. Prins Póló er sólóverkefni Svavars Péturs Eysteinssonar úr Skakkamanage og Markús Bjarni er fyrrverandi forsprakki Skáta, sem lögðu upp laupana fyrir skemmstu. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22 og miðaverð er 1.000 krónur.**


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 4, 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6.10, 8 og 10 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HORSEMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 (3D) Forsýning | 7 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 3:40 - 8 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

já -er svarið — NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MY LIFE IN RUINS | kl. 6:15 - 8:20 - 10:30 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8:20(3D) Fors. | 7 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 4:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | Sýnd mánudag kl. 8:10D | 12 |
| GAMER | kl. 10:30 | 16 |
| FAME | kl. 3:50 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4:15 - 6:15 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HORSEMEN | kl. 10:20 | 16 |
| A CHRISTMAS CAROL M/Ensku tali | kl 8 forsýnd | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl 6 | L |
| SKELLIBJALLA | kl 6 | L |
| THE INFORMANT | kl. 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 4.45 - 5.45 -8 - 9 - 11.15 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 - 11.15 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 - 11* | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.45 - 10 | L |
| JÓHANNES | kl. 5.45 - 8 | L |
| * Kraftsýning | | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 5.20 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |




LAUGARÁSBÍÓ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ SAMBÍÓIN BORGARBÍÓ

JÓHANNES

LADDI STEFÁN KARL HERDÍS ÞORVALDS STEFÁN HALLUR OG UNNUR BIRNA

31.000 MANNS

Besta myndin síðan Sódóma Reykjavík ★★★★3/4 - Atli Steinn, Bylgjan

Þetta er alvöru tær snilld ★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga

...Sannkölluð "feelgood"-mynd, ekki veitir af ★★★1/2 - S.V. MBL

# Kollukláðinn

Hinn sautján ára gamli Taylor Lautner þurfti að ganga með síða hárkollu við gerð kvikmyndarinnar New Moon. Honum þótti hárkollan heldur óþægileg og sagðist hafa verið ánægður þegar tökum lauk og hann gat loks losað sig við kolluna.

„Mig klæjaði undan henni, var heitt og þetta var pirrandi. Hárlokkar festust í munninum á mér og það kom fyrir að ég þurfti að hrækja úr mér hári í miðjum tökum. Þetta var mjög pirrandi.

Þegar tökum lauk reif ég af mér kolluna og henti henni frá mér; tökuliðið fagnaði með lófaklappi. Það var frábær dagur.“



**HÁRPRÚÐUR** Taylor Lautner þoldi ekki hárkolluna sem hann bar í New Moon.

# Tuttugu í Óskarsslag

**Tuttugu teiknimyndir hafa verið tilnefndar sem Óskarskandídatar á næsta ári og fimm þeirra verða á endanum valdar í lokahópinn. Á meðal tilnefndra mynda eru Up, Coraline, Monsters vs. Aliens, Ice Age: Dawn of the Dinosaurs og Astro Boy. Að lágmarki þurftu sextán teiknimyndir að vera gjaldgengar til Óskarsins til að fimm myndir gætu síðan keppt um verðlaunin. Þetta verður í fyrsta sinn síðan 2002 sem fimm teiknimyndir verða í lokahópnum. Óskarsverðlaunin verða haldin í 82. sinn hinn 7. mars. Tilkynnt verður um tilnefningarnar 2. febrúar.**



**UP** Teiknimyndin Up er ein þeirra sem munu vafalítið berjast um Óskarsverðlaunin á næsta ári.



**HÆTT AÐ VERA SÁR** Pamela Anderson segist ekki vera sár út í rokkarann Tommy Lee.

# Pamela ekki lengur sár

Pamela Anderson lét nýverið þau orð falla að það væri ekki möguleiki að hún og fyrrverandi eiginmaður hennar, rokkarinn Tommy Lee, myndu nokkurn tímann taka saman aftur. Anderson og Lee giftu sig árið 1995 eftir að hafa þekkst í aðeins tvo sólarhringa og eiga þau saman tvo syni.

„Það er ekki hægt að láta hryggbrjóta sig trekk í trekk. Ég er hætt að svekkja mig yfir öllu sem hann gerir. Hann trúir því ekki sjálfur að hann sé að gera nokkuð rangt. Ég segi honum hvað mér finnst, en ég hef verið særð af Tommy síðustu tíu árin og nú er mér farið að standa á sama. Svo lengi sem strákarnir eru ánægðir, ég er ánægð og við erum örugg má Tommy hlaupa af sér hornin. Ég styð hann í því,“ sagði kynbomban.

# Vill ekki láta skera í sig

Leikarinn Bruce Willis sagði í viðtali við Fox News að hann myndi aldrei leggjast undir hnífinn til að viðhalda unglegu útliti. „Ég er ekki aðdáandi lýtalækninga, en ég þekki marga einstaklinga sem notfæra sér hvers kyns fegrunaraðgerðir til að viðhalda útlitinu. Þessi bransi veltir háum upphæðum árlega og þess vegna reyna þeir allt hvað þeir geta til að plata fólk út í ýmsa vitleysu. Ég hef ekki í huga að láta skera í mig, en það kæmi ykkur líklega á óvart hversu margir karlleikarar hafa hugsað um þetta. En mér er nokkuð sama um útlitið. Ég verð oft hissa þegar ég er minntur á aldur minn því í anda er ég enn 24 ára.“



**UNGUR Í ANDA** Bruce Willis hefur ekki áhuga á að nýta sér lýtalækningar.



## > Óvíst hvað Ásta gerir

Samningur landsliðskonunnar Ástu Árnadóttur við Tyresö í Svíþjóð er útrunninn en félagið vann sér sæti í sænsku úrvalsdeildinni í haust. Ásta er stödd hér á landi vegna námsins síns og óvíst er hvort hún fari aftur til Tyresö. „Þetta er allt í vinnslu en til þess að þetta takist þarf ég að púsla saman fótboltanum og skólanum. Félagið vill þó fá mig aftur og vonandi leysist þetta bara sem fyrst. En þetta er allt mjög óljóst enn og því get ég lítið sagt um hvað gerist,“ sagði Ásta. „Mér leið þó mjög vel úti og líst afar vel á næsta tímabil enda er liðið búið að styrkja sig mjög mikið fyrir átökin í úrvalsdeildinni á næsta ári.“



# sport

sport@frettabladid.is

**KEMPAN BJARKI SIGURÐSSON:** ÚR UTANDEILDINNI Í EITT BESTA LIÐ LANDSINS Á METTÍMA

## *Það er ekki langt í að ég gangi af göflunum*

Margir handboltaáhugamenn ráku upp stór augu um helgina þegar gamla kempan Bjarki Sigurðsson birtist í búningi FH-liðsins. Bjarki er orðinn 42 ára gamall en hefur samt ekki sagt sitt síðasta í boltanum hér heima.

„Þetta voru fæstu mínútur sem ég hef spilað í leik síðan ég spilaði minn fyrsta leik fyrir Víking á sínum tíma,“ sagði Bjarki léttur. Hann spilaði nokkra leiki með Víkingi í úrvalsdeildinni í fyrra en hætti þar sem honum fannst hann ekki passa í hópinn. Héldu margir að það hefðu verið hans síðustu leikir í efstu deild en svo var nú ekki.

„Ég hef verið að spila í utandeildinni en var ekki ánægður með spilamennskuna þar. Sjálfur er ég að æfa mikið, hleyp úti og er því í góðu formi. Svo hringir Einar Andri, þjálfari FH, í mig og biður mig að koma á æfingar þar sem örvhenta skyttan í liðinu hafi puttabrotnað. Ég var nú á báðum áttum en ákvað að slá til og mæta. Ég fór því úr utandeildinni í eitt sterkasta lið landsins á mettíma,“ sagði Bjarki og hló við.

„Ég er þarna til þess að leysa menn af og ef ég get hjálpað til og jafnvel kennt einhverjum eitthvað þá er það hið besta mál,“ sagði Bjarki en er það ekki óðs manns æði fyrir mann á hans aldri að vera að standa í þessu?



„Það hafa margir spurt mig að því hvort ég sé að ganga af göflunum. Það má kannski segja að það sé ekki langt í að ég gangi af göflunum. Annars er ég fíkill og hef bara rosalega gaman af þessu. Það er skemmtilegra að æfa með þessum strákum en að æfa einn, þó svo að ég hafi orðið gaman af því að hlaupa.“

Bjarki segir að hann fái enga sérmeðferð hjá leikmönnum FH-liðsins þó svo að hann sé kannski kominn af léttasta skeiði. Í FH-liðinu er sonur hans, Örn Ingi, og þeir feðgar spiluðu saman gegn Haukum um síðustu helgi.

„Það er vissulega gaman að spila með stráknum og stór bónus. Það er líka gaman að vera í þessu flotta liði. Þarna eru góðir strákar,“ sagði Bjarki, sem ætlar að taka einn dag fyrir í einu og lofar engu um hvað hann verði lengi í viðbót í boltanum.



**ELÍSABET** Verður áfram í Svíþjóð.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Elísabet Gunnarsdóttir:

## Áfram hjá Kristianstad

**FÓTBOLTI** Elísabet Gunnarsdóttir mun skrifa undir tveggja ára samning við sænska úrvalsdeildarfélagið Kristianstad í gær. Þetta staðfesti hún í samtali við Fréttablaðið. Liðið lenti í 10. sæti í deildinni undir hennar stjórn í sumar.

„Stefnan er að vera ekki í þeirri stöðu að þurfa að berjast fyrir lífi okkar í deildinni eins og í sumar,“ sagði Elísabet. „Ég veit að þetta er ein sterkasta deild í heimi en ég er afar metnaðarfull og vil fara mun lengra.“

Hólmfríður Magnúsdóttir mun leika með Philadelphia Independence í Bandaríkjunum á næsta ári en enn er óvíst hvað þær Margrét Lára Viðarsdóttir, Erla Steina Arnardóttir og Guðný Björk Óðinsdóttir gera.

„Ég vil halda þeim öllum og reyndar flestum okkar leikmönnum. Eins og sakir standa nú eru bara tveir leikmenn liðsins samningsbundnir fram á næsta ár enda hefur bara verið samið til eins árs í einu. Ég vil þó breyta því og hef sett það skilyrði að við engan verði samið nema til tveggja ára – sama hver á í hlut,“ sagði Elísabet. - esá

# Ekki ráðlagt að fara út nema hafa verði með

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fór í ævintýrareisu til Teheran í Íran. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir ferðina hafa verið vel heppnaða. Íranar hafi verið höfðingjar heim að sækja og enginn hafi kvartað yfir neinu.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið er á ferð og flugi þessa dagana. Liðið lék gegn Íran í Teheran um helgina og er núna komið til Lúxemborg. Ferðalagið þangað tók sinn tíma en landsliðið var eina 23 tíma að komast til Lúxemborgar frá Teheran.

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari var ánægður með ferðina til Írans og hafði ekki yfir neinu að kvarta.

„Það var mjög fínt í Íran. Auðvitað er önnur menning þarna, en móttökurnar voru mjög fínar og við gátum ekkert kvartað. Hótelið var gott en auðvitað var maturinn öðruvísi. Við áttum von á því þannig að það kom okkur ekkert í opna skjöldu. Hvað varðar matinn þá létum við senda mat á undan okkur. Svo prófuðum við þeirra rétti. Meginuppistaðan í matnum hjá okkur var samt kjúklingur og pasta,“ sagði Ólafur.

Vel var passað upp á íslenska hópinn í Teheran þó svo að Ólafur segi að ekki hafi verið ástæða til að óttast neitt.

„Okkur var ráðlagt að fara ekki neitt án þess að hafa verði með okkur. Þeir voru til staðar á hótelinu ef á þurfti að halda. Við fórum annars ekki mikið. Skelltum okkur í smá útsýnisferð um bæinn og svo var farið með okkur upp í fjöll. Það var ágætt. Það er greinilega fínt fólk þarna og vel tekið á móti okkur. Þetta eru framandi slóðir og það var gaman að sjá þetta,“ sagði Ólafur en hann og aðstoðarþjálfarinn, Pétur Pétursson, eru annálaðir golfáhugamenn og nokkuð lunknir með kylfurnar. Þeir spurðust fyrir um golfvöll, hann var til staðar en ekki gafst tími að þessu sinni til að spila einn hring.



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Var ánægður með ferðina til Teheran og segist gjarnan vilja koma þangað aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikurinn sjálfur fór fram á hinum risavaxna Azadi-velli. Lítið fór fyrir þeim áhorfendum sem mættu á völlinn enda rúmar leikvangurinn ansi marga.

„Einhver sagði mér að þetta væri fjórði stærsti völlur í heimi og rúmaði rúmlega 110 þúsund manns í sæti. Það var ekki mikið af fólki og leikvangurinn gleypti í raun áhorfendurna sem voru þarna. Völlurinn var annars frábær og grasið virkilega gott,“ sagði Ólafur, sem sagði ekkert hafa komið upp á að þessu sinni.

„Það eru ekki margar Evrópuþjóðir sem vilja koma þarna. Íranar leggja því metnað sinn í að hafa hlutina í lagi og þeir voru það. Þetta var bara mjög fín ferð sem við erum sáttir við. Óreyndir menn fengu tækifæri sem var gott.“ henry@frettabladid.is



**SARA BJÖRK** Fastamaður í íslenska landsliðinu þrátt fyrir ungan aldur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sara Björk Gunnarsdóttir:

## Malmö hefur áhuga á Söru

**FÓTBOLTI LdB FC Malmö, eitt stærsta félagið í Svíþjóð, hefur sýnt Blikanum Söru Björk Gunnarsdóttur áhuga. Dóra Stefánsdóttir hefur leikið með félaginu undanfarin ár og þá er Þóra B. Helgadóttir nýgengin í raðir félagsins frá Kolbotn í Noregi.**

**Sjálf hafði Sara heyrt af áhuga Malmö en hún stefnir engu að síður að því að spila hér á landi á næstu leiktíð.**

**„Ég vil klára skólann í vor og svo gæti eitthvað gerst eftir að tímabilinu lýkur um haustið. Ég vonast þó eftir að komast út til reynslu hjá einhverju félagi nú í vetur til að undirbúa mig fyrir næsta haust.“ sagði Sara við Fréttablaðið.**

**Malmö varð í þriðja sæti sænsku úrvalsdeildarinnar í haust, aðeins fjórum stigum á eftir meisturunum í Linköping.** - esá




U-21 árs landslið Íslands mætir San Marínó í undankeppni EM 2011 í kvöld:

# Erum vitanlega með betra lið

**FÓTBOLTI** Karlalandslið Íslands skipað leikmönnum 21 árs og yngri mætir San Marínó ytra kl. 19.30 í kvöld en leikurinn er liður í undankeppni EM 2011. Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari U-21 árs liðsins, er að vonum bjartsýnn fyrir leikinn en íslenska liðið hefur farið vel af stað í undankeppninni og San Marínó er með áberandi slakasta liðið.

„Það fer bara vel um okkur hérna í sól og fimmtán stiga hita. Þetta er líka fallegt bæjarstæði í San Marínó og gaman að koma hingað. Við erum vitanlega með betra lið en þeir eins og sást bersýnilega á fyrri leik liðanna á Laugardalsvelli sem endaði 8-0 en leikurinn byrjar náttúrlega 0-0 og við verðum að vera á tánum og halda okkar striki. Við höfum verið ákveðnir í okkar gjörðum, verið sérstaklega áræðnir fram á við og spilað oft á tíðum frábæran sóknarbolta. Við erum fljótir að sækja og það hefur gengið vel og það er því ekkert annað en sigur sem kemur til greina,“ segir Eyjólfur.

Íslensku strákarnir hafa unnið þrjá af fjórum leikjum sínum til þessa í undankeppninni, þar af vann liðið San Marínó og báða leikina gegn Norður-Írlandi en tapaði á móti Tékklandi. Ísland á svo eftir að mæta Þýskalandi í tveimur leikjum og Tékklandi á útivelli og Eyjólfur segir að framhaldið ráðist eðlilega á þeim leikjum.

„Við vorum í raun algjörir klaufar þegar við töpuðum gegn Tékkum í leik sem við hefðum ekkert átt að tapa og ég tel því að við séum vel á pari við bæði Tékka og Þjóðverja. Við sýndum það bara með sigrunum gegn Norður-Írum og það kæmi mér reyndar ekkert á óvart ef Norður-Írar næðu að stríða Tékkum og Þjóðverjum. Það er ekki spurning en leikirnir gegn Tékklandi og Þýskalandi munu skera úr um hvað við náum langt í þessu,“ segir Eyjólfur. **-óþ**



**ÖFLUGIR** Strákarnir í U-21 árs landsliði Íslands hafa farið vel af stað í undankeppni EM 2011 en þeir mæta San Marínó í kvöld í leik sem fyrir fram má álykta að sé auðvinnanlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SIR ALEX** Er yfirleitt óhræddur við að segja hlutina eins og þeir eru. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Dæmt í máli Sir Alex:

## Sekt og tveggja leikja bann

**FÓTBOLTI** Aganefnd enska knattspyrnusambandsins, FA, hefur dæmt knattspyrnustjórann Sir Alex Ferguson hjá Englandsmeisturum Manchester United í tveggja leikja bann auk sektar fyrir ummæli hans í garð dómarans Alan Wiley.

Ferguson ásakaði Wiley eftir 1-1 jafntefli United við Sunderland um að vera ekki í nægilega góðu líkamlegu ásigkomulagi til þess að ráða við hraða leiksins.

Ferguson þarf að greiða 20 þúsund punda sekt og má ekki vera á hliðarlínunni í tveimur leikjum United auk þess sem hann gæti þurft að taka út tveggja leikja bann til viðbótar ef framkoman endurtekur sig á næstu átján mánuðum. **- óþ**



**CARLO CUDICINI** Sagður heppinn að sleppa lifandi úr mótorhjólaslysi í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Carlo Cudicini hjá Tottenham:

## Meiddist illa í mótorhjólaslysi

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Carlo Cudicini hjá Tottenham lenti í alvarlegu mótorhjólaslysi snemma í gærmorgun en lögreglan í Lundúnum sagði að slysið hefði getað orðið lífshættulegt.

Cudicini keyrði þá á BMW-mótorhjóli sínu inn í hlið á Ford Fiesta-bifreið en slapp með meiðsl á hendi og mjöðm samkvæmt opinberri heimasíðu Tottenham. Ekki lá fyrir í gær hversu alvarleg meiðslin voru hvað varðar framtíð leikmannsins í fótboltanum en hann var fluttur á sjúkrahús í austurhluta Lundúna til aðhlynningar og nánari skoðunar. **- óþ**



Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



## Helgarblaðið

Pakkar ekki orðunum í silkipappír.
- Kleopatra Kristbjörg Stefánsdóttir, forstjóri Gunnars majones í viðtali

Matur er meðal framtíðarinnar.
- Viðtal við hráfæðisgúrúinn David Wolfe



## Menning

Kafli úr nýrri ævisögu Ragnars í Smára eftir Jón Karl Helgason sem beðið er með eftirvæntingu.

Samtal við Bubba Morthens um drottningu veiðiánna – Laxá í Aðaldal.

Tveir tímamótamenn í arkitektúr á Íslandi.

Fangavaktin öll – leikdómur.



Allt sem þú þarft



Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gærkvöldi:

# Fyrsta tap Stjörnunnar í deild

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar eru einir á toppnum með fullt hús stiga eftir leiki gærkvöldsins í Iceland Express-deild karla í körfubolta. Njarðvík vann 89-100 sigur gegn Hamri og hefur unnið alla sex leiki sína til þessa. Stjarnan tapaði sínum fyrsta leik í deildinni þegar Tindastóll kom í heimsókn en lokatölur urðu 93-95.

Leikur Stjörnunnar og Tindastóls var í járnum lengi vel en gestirnir í Tindastóli leiddu leikinn 35-38 í hálfleik og 60-68 fyrir lokaleikhlutann. Stjörnumenn gerðu heiðarlega tilraun til þess að stela sigrinum á lokakaflanum þar sem Justin Shouse fór mikinn en allt kom fyrir ekki og niðurstaðan var 93-95 sigur gestanna. Amani Bin Daanish var stigahæstur hjá Stólunum með með 26 stig og 12 fráköst en Shouse var atkvæðamestur hjá Stjörnunni með 38 stig og 11 stoðsendingar.

Hamar átti í fullu tré við Njarðvík lengi vel og leiddi í hálfleik, 50-45, en gestirnir tóku svo til sinna ráða í þriðja leikhluta og fóru með sex stiga forskot inn í lokaleikhlutann. Njarðvíkingar héldu haus í fjórða leikhlutanum og unnu að lokum góðan 89-100 sigur. Magnús Þór Gunnarsson var atkvæðamestur hjá Njarðvík með 32 stig og 7 stoðsendingar.

Þá fengu Grindvíkingar heldur betur uppreisn æru í kvöld þegar þeir unnu 72-104 stórsigur gegn Blikum en Suðurnesjaliðið hafði átt erfitt uppdráttar til þessa í vetur. Nýi leikmaðurinn Darrell Flake var stigahæstur hjá Grindavík með 21 stig. **- óþ**



**TAP** Stórleikur Justins Shouse dugði Stjörnunni ekki til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gallharðir Gróttumenn

**Grótta vann í gærkvöldi glæsilegan útisigur á FH í N1-deild karla, 38-32. FH-ingar voru langt frá sínu besta sem gestirnir færðu sér óspart í nyt.**

**HANDBOLTI** Grótta vann í gær sinn annan sigur í N1-deild karla á tímabilinu er liðið heimsótti gríðarsterkt lið FH í Kaplakrika. Leiknum lauk með sex marka sigri Gróttu, 38-32, eftir að staðan var jöfn í hálfleik.

Segja má að Gróttumenn hafi verið sterkari aðilinn í leiknum lengst af. Það var jafnræði með liðunum í fyrri hálfleik en þó var augljóst að FH-ingar voru að spila langt undir getu. Það sem hélt þeim inn í leiknum, fyrst og fremst, var fín frammistaða Pálmars Péturssonar í markinu.

En hafi fyrri hálfleikur verið slakur hjá FH var sá síðari hrein hörmung. Varnarleikur liðsins var í molum sem sást best á því að Grótta skoraði 22 mörk í síðari hálfleik. Ekki var sóknarleikurinn burðugur heldur.

Það skal þó ekki tekið af Gróttumönnum að þeir spiluðu glimrandi fínan handbolta í gær. Þeir voru duglegir að nýta sér veikleika andstæðingsins og galopnuðu vörn heimamanna hvað eftir annað.

Það hefur háð Gróttumönnum í vetur hversu illa þeim hefur gengið að klára leiki sína almennilega en það gerðu þeir svo sannarlega í gær. FH náði mest að minnka muninn í þrjú mörk en gestirnir gáfu þá aftur í og unnu öruggan sigur.

„Þessi leikur var skandall frá a til ö,“ sagði Sigurgeir Árni Ægisson, fyrirliði FH. „Menn voru greinilega ekki tilbúnir enda voru þeir alltaf skrefinu á eftir, sérstaklega í vörninni. Sóknarleikurinn byrjaði ágætlega en það dugði hvort eð er ekkert til. Þetta var einfaldlega mjög lélegt.“

Halldór Ingólfsson, þjálfari Gróttu, var vitanlega mjög sáttur. „Ég veit ekki hvort lið eru að vanmeta okkur en ef þau gera það þá er það gott fyrir okkur. Við vorum staðráðnir í að grípa þá í bólinu ef þeir væru ekki tilbúnir sem við gerðum mjög vel. Menn lögðu sig mikið fram og uppskáru samkvæmt því.“ **eirikur@frettabladid.is**

### FH-GRÓTTA 32-38 (16-16)

**Mörk FH (skot):** Bjarni Fritzson 7/1 (12/2), Benedikt Kristinsson 5 (6), Ólafur Gústafsson 4 (11), Jón Heiðar Gunnarsson 3 (3), Sigurgeir Árni Ægisson 3 (3), Örn Ingi Bjarkason 3 (4), Ásbjörn Friðriksson 3 (6), Ólafur A. Guðmundsson 2 (6), Guðmundur Pedersen 1 (2), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (3).
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 13 (40/4, 33%), Daníel Freyr Andrésson 5 (16, 31%).
**Mörk Gróttu (skot):** Finnur Ingi Stefánsson 8 (10), Anton Rúnarsson 7 (12), Jón Karl Björnsson 7/4 (11/4), Atli Rúnar Steinþórsson 6 (7), Hjalti Þór Pálmason 4 (10), Halldór Ingólfsson 3 (5), Arnar Freyr Theodórsson 2 (4), Júlíus Stefánsson 1 (1), Ægir Hrafn Jónsson (1).
**Varin skot:** Gísli Rúnar Guðmundsson 14/1 (42/2, 33%), Einar Rafn Ingimarsson 1 (5, 20%).



**HARÐFYLGI** Halldór Ingólfsson, spilandi þjálfari Gróttu, gefur ekkert eftir í baráttunni við varnarmenn FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Akureyri vann 25-24 sigur gegn Stjörnunni í N1-deild karla í handbolta í gær:

# Flóki frábær í naumum sigri

**HANDBOLTI** Markvarsla Harðar Flóka Ólafssonar tryggði Akureyri 25-24 sigur gegn Stjörnunni á heimavelli í gær. Hörður varði 26 skot, þar af þrjú hraðaupphlaup og þrjú víti auk tveggja skota í síðustu sókn Stjörnunnar sem hefði þar getað tryggt sér stig.

Fyrri hálfleikur var jafn framan af en í stöðunni 5-5 skoraði Akureyri fimm mörk í röð. Stjörnumenn börðust þó vel til baka og staðan var 13-12 í leikhléi. Stjarnan komst yfir í upphafi síðari hálfleiks en Akureyringar settu þá í fimmta gír og sigldu fram úr.

Þeir voru fjórum mörkum yfir þegar skammt var eftir en voru nálægt því að kasta öruggum sigri frá sér. Léleg og ótímaær skot, fáránlegar tvær mínútur og rangar ákvarðanir urðu til þess en Stjarnan sýndi frábæra baráttu með því að eiga möguleika á stigi miðað við hvernig leikurinn spilaðist.

„Þetta er bara ekki vottur af skynsemi eða reynslu hvernig við gerum síðustu mínúturnar spennandi. Ég er ekki ánægður með það. Við erum að leiða leikinn en það virðist vera sem sú staða sé of þægileg fyrir okkur. Við förum að spila slakari handbolta og fáum það svoleiðis í hnakkann að við getum ekki staðið undir því,“ sagði Rúnar Sigtryggsson sem var þó ánægður með sigurinn. „Ég er ánægður með það þegar menn spila vel en ekki þegar menn missa það svona niður,“ sagði Rúnar sem hrósaði Herði í hástert. „Ég hef ekki séð hann svona lengi.“

Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnunnar, leit á björtu hliðarnar. „Þetta var klaufaskapur í okkur. Við áttum skilið eitt stig og það er fúlt að ná því ekki en ég er mjög ánægður með strákana. Við vorum ekki líklegir þegar það voru fimm mínútur eftir en við gáfumst ekki upp og það er mjög jákvætt. Þetta er á réttri leið hjá okkur,“ sagði þjálfarinn. **- Hþh**



**ÖFLUGUR** Jónatan Magnússon var markahæstur hjá Akureyri með 7 mörk í góðum sigri gegn Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


JÓLAGJÖFIN
ÁRIÐ 2009!
VILTU VINNA EINTAK?
SENDU SMS SKEYTIÐ EST PEV Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
AÐALVINNINGUR
DJ HERO™ + EyePet™
Taktu völdin í tónlistinni í einhverjum harðasta tónlistarleik ársins!
Skemmtilegasti og frumlegasti tölvuleikur ársins!
FULLT AF AUKA VINNINGUM: EYEPET LEIKIR – DJ HERO LEIKIR – TÖLVULEIKIR – PEPSI – DVD MYNDIR OG FLEIRA
SMS LEIKUR
KOMNIR Í ELKO
ELKO
Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Leik lýkur 27.11.09

# Ég kann ekki að hætta

**Þórhallur Dan Jóhannsson spilar væntanlega áfram með Haukum næsta sumar þrátt fyrir yfirlýsingar um annað. Hann segist vera í frábæru formi og hefur tekið stefnuna á að hlaupa New York-maraþonið í nóvember á næsta ári.**

**FÓTBOLTI** Sá leikreyndi kappi Þórhallur Dan Jóhannsson gat ekki haft skóna lengi á hillunni því hann segir meiri líkur en minni á að hann spili með Haukum áfram í efstu deild næsta sumar.

„Ég fór á æfingu í gær og það var virkilega gaman. Svo er ég bara svo vitlaus að ég kann ekki að hætta,“ sagði Þórhallur og hló dátt. „Ég er að melta þetta en það eru meiri líkur en minni á að ég haldi áfram.“

Þórhallur verður 37 ára í desember en segir ekki hægt að hætta því hann sé í svo góðu formi.

„Ég er búinn að vera að hlaupa 60-80 kílómetra á viku síðan tímabilinu lauk. Er farinn að hafa mjög gaman af því að hlaupa. Ég er í rauninni í betra formi en ég var í þegar ég hætti. Svo er fólk mikið búið að setja pressu á mig að halda áfram. Ég get eiginlega ekki skorast undan því að vera með Haukum í efstu deild og hjálpa til við að gera þá að stóru félagi,“ sagði Þórhallur.

Hann verður þó ekki mikið á æfingum á næstunni því hann leggst undir hnífinn á mánudag vegna þrálátra meiðsla í ökkla.

„Ég var í raun meiddur í allt sumar. Það var eitt best geymda leyndarmálið í boltanum í sumar að ég gat ekki sparkað. Varð að láta mér nægja stuttar innanfótarsendingar. Ég réði ekki við meira og varð að vera skynsamur,“ sagði Þórhallur en beinflís verður tekin úr ökklanum á honum. Búist er við að hann geti sparkað aftur í bolta í lok janúar.

Þórhallur spilaði síðast í efstu deild með Fram árið 2005 en það ár féll Fram úr deildinni.

„Þá tók ég mér frí í eitt ár og var eiginlega hættur. Andri þjálfari bað mig árið 2007 að taka eitt ár í viðbót og það ár er eiginlega enn í gangi,“ sagði Þórhallur, sem ætlar ekki að endurtaka leikinn frá því 2005. „Nei, við skulum rétt vona að ég fari ekki að falla aftur. Mér líst annars vel á liðið og miklir reynslumenn komnir inn. Veitti ekki af enda er ég 37 ára og næstelsti maður ekki kominn með jaxla.“

Næsta ár verður stórt hjá Þórhalli því eftir að tímabilinu lýkur heldur hann til Bandaríkjanna að takast á við mikla áskorun.

„Ég var búinn að lofa mér því að hlaupa maraþon fyrir fertugt. Ég er að falla á tíma og ég hef því ákveðið að hlaupa í New York-maraþoninu í nóvember. Það verður frábært,“ sagði Þórhallur Dan Jóhannsson og bætti við að hann færi ekki út að hlaupa í dag fyrir minna en tíu kílómetra.

henry@frettabladid.is



**KANN EKKI AÐ HÆTTA** Þórhallur Dan Jóhannsson mun væntanlega reima aftur á sig skóna og spila með Haukum í efstu deild að ári. FRÉTTABLAÐIÐ/XX



**PAVLYUCHENKO** Hefur ekki fundið sig hjá Spurs. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Roman Pavlyuchenko:

## Orðaður við Liverpool

**FÓTBOLTI** Enska dagblaðið Daily Mirror heldur því fram í dag að Rafa Benitez, stjóri Liverpool, vilji fá Roman Pavlyuchenko til félagsins þegar félagaskiptaglugginn verður opnaður um áramótin.

Pavlyuchenko er sagður vera óánægður í herbúðum Tottenham og hafa enskir fjölmiðlar fullyrt að hann muni fara fram á að verða seldur frá félaginu við fyrsta tækifæri.

Fernando Torres, sóknarmaður Liverpool, hefur átt við erfið meiðsli að stríða og David N'Gog hefur ekki þótt standa undir væntingum þegar hann hefur fengið tækifærið hjá Benitez.

Liverpool er einnig orðað við Rafael van der Vaart í sömu frétt og þá hefur Benitez einnig verið sagður áhugasamur um að fá Carlton Cole, leikmann West Ham.

Fram kemur í The Sun í dag West Ham muni fara fram á tuttugu milljónir punda fyrir Cole, sem skrifaði undir fjögurra ára samning við félagið fyrir ári.

- esá



**MICHAEL PHELPS** Ekki upp á sitt besta á HM. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Michael Phelps:

## Nældi í silfur á HM

**SUND** Michael Phelps tókst að ná sér í silfur á heimsmeistaramótinu í 25 metra laug þar sem hann hefur átt afar misjöfnu gengi að fagna.

Hann varð annar í 200 metra fjórsundi en var meira en tveimur sekúndum á eftir sigurvegaranum, Darian Townsend.

Áður mistókst honum að komast í úrslit í bæði 100 m flugsundi sem og 100 m skriðsundi.

Mótið fer fram í Stokkhólmi en Phelps mætti þar fúlskeggjaður til leiks, sem gefur til kynna að hann sé ekki alveg í sínu besta formi. Hann hefur einnig viðurkennt að hann hafi ekki verið að æfa jafn stíft og áður.

Phelps keppir einnig í gamalli gerð af sundbúningi þar sem þeir nýju verða ólöglegir frá og með næstu áramótum. Þjálfari Phelps vill að hann venjist því að keppa í gamla búningnum áður en keppni á bandaríska meistaramótinu hefst.

Phelps mun einnig keppa á heimsbikarmóti í Berlín um helgina og svo á móti í Manchester um miðjan næsta mánuð.

- esá



Íslenskir golfarar hafa notað blíðuna til þess að spila vetrargolf um helgar:

# Kylfingar neita að leggja kylfunum



**SEIGUR** Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari er einn af þeim sem eiga erfitt með leggja kylfunum strax. Hann er hér í erfiðri stöðu á móti hjá Kili um síðustu helgi. Hann lét sig ekki muna um að stíga í vatnið og upp úr skurðinum fór kúlan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GOLF** Það hefur vakið athygli hversu margir kylfingar eru enn að spila golf þó svo að farið að sé að styttast í jólin. Nokkur mót eru reglulega haldin um helgar, meðal annars í Setberginu, Sandgerði og Leirunni, og hafa yfir 100 manns verið að skrá sig á sum mótin.

„Það er ekki bara á þessum stöðum. GR hefur opnað Korpuna um helgar fyrir sína kylfinga og svo er opið á Hellu nánast allt árið. Þar var fullbókað um daginn frá morgni fram á kvöld," sagði Stefán Garðarsson hjá Golfsambandi Íslands en Kjölur hefur einnig verið með mót fyrir sína félagsmenn.

Ekki eru þó allir klúbbar mjög duglegir að auglýsa opnanirnar enda vellirnir viðkvæmir og ekki vinsælt að of margir séu að spila á þessum tíma árs.

Flestum golfvöllum landsins var lokað þegar frostakast kom í byrjun október. Sú kuldatíð stóð stutt yfir og hefur oft á tíðum verið mjög gott veður síðan þá.

Margir voru því afar ósáttir við lokanirnar og hafa sumir klúbbar gefið eftir og opnað vellina aftur þegar veður leyfir. Hermt er að sum félög séu einnig að opna til þess að ná sér í aukakrónur í kassann enda hart í ári hjá golfklúbbum eins og víða í þjóðfélaginu um þessar mundir.

„Það eru ekki allir jafn hrifnir af þessum vetraropnunum og þá kannski síst vallarstjórarnir. Þeir vilja nú ekkert loka völlunum bara að ástæðulausu. Ein af ástæðunum er sveppasýking sem kemur kannski ekki í ljós fyrr en næsta sumar. Þegar vellirnir koma illa undan vetri verða kylfingar eflaust lítið kátir og gleyma því að pressa var frá þeim á að hafa opið yfir vetrartímann," sagði Stefán.

„Vellirnir eru eflaust margir hverjir í ágætu standi en bleytan er verst. Hún skemmir vellina mjög mikið," sagði Stefán en menn hafa jafnvel verið beðnir um að nota tí úti á braut til þess að lágmarka skaðann á vellinum. **- hbg**

Stephen Ireland:

## Baunar á Brassann Elano

**FÓTBOLTI** Stephen Ireland, leikmaður Manchester City, segir að brotthvarf Elanos frá félaginu hafi haft góð áhrif á Robinho en þeir síðarnefndu eru báðir Brasilíumenn.

Robinho hefur verið sterklega orðaður við Barcelona en City hefur hafnað þeim orðrómi og segir að Robinho sé ánægður hjá félaginu.

Ireland sagði svo við enska fjölmiðla að Elano hefði haft slæm áhrif á Robinho.

„Það er ekki ætlun mín að vera harðorður gagnvart Elano en brotthvarf hans hefur reynst vera blessun fyrir Robinho."

„Þeir voru mikið saman eins og þeir væru í klíku og maður sá ekki mikið til Robinhos. En hann er breyttur maður í dag og lætur sig félagið miklu varða."

„Hann virðist mjög ánægður, sem og fjölskylda hans." **- esá**



**MIKE TYSON** Er enn með líf í hnefunum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Mike Tyson:

## Kýldi ljósmyndara kaldan

**BOX** Mike Tyson á yfir höfði sér kæru um líkamsárás eftir að hann kýldi ljósmyndara á flugvelli í Los Angeles.

Ljósmyndarinn fékk skurð á ennið og var fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans.

Lögfræðingur Tysons hefur sagt að ljósmyndarinn hafi gert sig líklegan til að elta skjólstæðing sinn inn á salernið á flugvellinum þegar átökin áttu sér stað. Tyson vill því líka kæra ljósmyndarann.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Tyson kemst í kast við lögin en hann var fangelsaður árið 1992 fyrir nauðgun og fékk svo að dúsa í sólarhring í fangelsi í Arizona árið 2007 eftir að kókain fannst á honum. **- esá**






## > Tobey Maguire

„Mamma hefur alltaf upplifað leiklistardraum sinn í gegnum mig. Mig langaði að verða kokkur eins og pabbi en þegar ég var tólf ára gaf mamma mér 100 dali fyrir að skrá mig á leiklistarnámskeið frekar en matreiðslunámskeið.“

***Maguire afhendir heiðursverðlaun á verðlaunahátíðnni Scream Awards 2009 sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 22.15.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON **HLUSTAR Á TALAÐ MÁL**

## *Boðið upp á málvillur í steríó*



Nei, fyrirgefið tvírásahljómi. Ég er nýbúinn að fá skammir frá lesanda fyrir að vera fulldjarfur í slettum. Reyndar koma stundum brúnaþungir íslenskumenn hingað að borðinu mínu og segja mér til, en fyrst bæði prestur, Pétur og Páll eru tæk í málinu að fornu nota ég líka sjens, sjattering og svít. En snúum okkur þá að málfari útvarpsmanna.

Það var í upphafi ljósvakans að þar fór varla nokkurt orð út nema það væri yfirfarið af málprúðum mönnum. Talað mál var allt þar heldur hátíðlegt og með virðuleikablæ. Reyndar kom fyrir á Gufunni í gamla daga að greina mátti á langþreyttum þul að hann var löngu hættur að vita hvað hann var að lesa og lenti þá í ógöngum eins og þegar lesin var tilkynning um nýja skáldsögu franskrar skáldkonu sem hét Sagan. Það var dýrðleg stund að heyra þulinn komast yfir það.

En svo breyttist allt þegar verslunarmenn í Reykjavík komu á beinum útsendingum úr þularstofu þar sem hlutverk þula var bæði að masa og fá til sín fólk sem talaði eins og allur fjöldinn. Þá var fjandinn laus og hefur síðan leikið lausum hala, einkum hjá svona diskaþeyturum, eins og menn kölluðu „disc-jockies“ eða eins og þeir heita nú um stundir DJ - dídjeis. Og með því að lífreynslan var öll komin saman í nokkur hverfi í Reykjavík og aldursfasismi fór snemma að ráða á íslenskum tónlistarstöðvum fór að bera á verulegri fátækt í málinu. Sem er reyndar ekki einhlítt fyrirbæri - mönnum til huggunar má fullyrða að í götumáli stílfærðu sem mörgum þykir flott er mikil gróska og hugurinn er víða frjór í flórnum.

Verra er að málið er allt að linast í munninum, skýrleikinn er tekinn að verða keflískur í besta máta. Og það vill fylgja óskýru máli í framburði óskýrleiki í hugsun - og svo vill fylgja slæmur og þröngur smekkur á tónlist, en það er víst annað mál. Það er þó öllu skárra þegar menn mæta með gömlu eintökin sín og láta mann heyra góðar rispur á vínil, eða hnykki á geislanum. Er það ekki málið - allt lætur á sjá sem er mikið notað. Því legg ég til að dagur íslenskrar tungu verði ekki helgaður góðu máli, heldur vondu - í steríó.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.15** Modern Toss
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.05** Logi í beinni
STÖÐ 2



▶ **20.00** Epic Movie
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Marteinn
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Harold and Kumar go to White Castle
SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós** (e)

**17.00 Táknmálsfréttir**

**17.10 Bjargvætturinn** (15:26)

**17.35 Tóta trúður** (2:26)

**18.00 Hanna Montana** (55:56)

**18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** Þáttaröð um vísindi í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Marteinn** (2:8) Íslensk gamanþáttaröð um Martein, kærustu hans og Lárus Pál æskuvin hans. Aðalhlutverk: Jóhannes Haukur Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson og Edda Björg Eyjólfsdóttir.

**20.50 Ástin kostar ekkert** (Love Don't Cost a Thing) Bandarísk bíómynd frá 2003. Aulinn Alvin fær klappstýru til að þykjast vera kærastan hans svo að hann virðist svalari en hann er. Aðalhlutverk: Nick Cannon, Nichole Robinson og Christina Milian.

**22.35 Lewis - Þú dýra list** (Lewis - Music to Die For) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi glímir við dularfullt sakamál. Aðalhlutverk: Kevin Whately, Laurence Fox, Rachael Blake, Tom Goodman-Hill og Joanna Christie.

**00.10 Djúpt á sannleikanum** (Where the Truth Lies) Kanadísk bíómynd frá 2005. Blaðakona grennslast fyrir um ástæðu þess að tveir grínistar slitu samstarfi sínu eftir að þeir lík ungrar stúlku fannst á hótelherbergi þeirra. Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Colin Firth og Alison Lohman. (e)

**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Truth About Love**

**10.00 The Queen**

**12.00 Nancy Drew**

**14.00 The Truth About Love**

**16.00 The Queen**

**18.00 Nancy Drew**

▶**20.00 Epic Movie** Grínmynd þar sem gert er stólpagrín að stórmyndum síðustu ára.

**22.00 From Dusk Till Dawn 3**

**00.00 Children of the Corn 6**

**02.00 The Prophecy 3**

**04.00 From Dusk Till Dawn 3**

**06.00 Girl, Interrupted**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Grumpy Old Men** (2:5)

**11.00 The Apprentice** (2:14)

**11.50 America's Got Talent** (7:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (68:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (69:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (70:300)

**15.15 Identity** (2:12)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Stuðboltastelpurnar og Kalli litli kanína og vinir.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.25 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

▶**20.05 Logi í beinni** Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns. Landsþekktir einstaklingar mæta í viðtal og boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur. Skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

**20.55 Stelpurnar** (17:20) Samantekt á því besta og fyndnasta sem stelpurnar hafa tekið sér fyrir hendur á árinu 2005.

**21.30 The Love Guru** Skrautleg gamanmynd með Mike Myers í aðalhlutverki.

**23.00 Friday the 13th** Fyrir rúmum 20 árum voru framin hrikaleg morð í sumarbúðum við Crystal-vatnið og síðan hafa húsin þar staðið auð. Núna hefur ungur og drífandi maður keypt eignina og hyggst opna búðirnar á ný.

**00.30 ATL**

**02.15 Behind Enemy Lines: Axis of Evil**

**03.50 Phat Girlz**

**05.25 Friends**

**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**17.40 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**18.10 Memorial Tournament Presented by Morgan Stanley** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**19.05 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**19.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**20.00 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp fyrir bardaga Pacquiao og Cotto og fylgst með undirbúningi þeirra fyrir bardagann.

**20.30 24/7 Pacquiao - Cotto**

**21.00 24/7 Pacquiao - Cotto**

**21.30 UFC Unleashed** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.

**22.15 UFC 105 Countdown**

**23.15 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Man. City - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 Tottenham - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**21.20 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 2000. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.50 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**22.45 PL Classic Matches** Leeds - Newcastle, 2001.

**23.15 Liverpool - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (9:14) (e)

**08.00 Dynasty** (5:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (9:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 America's Next Top Model** (e)

**17.30 Dynasty** (6:29)

**18.20 Innlit/ Útlit** (3:10) (e)

**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.

**19.05 King of Queens** (22:25) (e)

**19.30 Rules of Engagement** (9:15) (e)

**20.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (9:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap.

▶**20.30 Harold and Kumar Go to White Castle** Gamanmynd um félagana Harold og Kumar sem finna skyndilega fyrir löngun í hamborgara á White Castle. Þeir halda af stað í leit að draumahamborgurunum en lenda í mikilli svaðilför. Aðalhlutverkin: John Cho og Kal Penn.

**22.00 Fréttir** (e)

**22.15 Scream Awards 2009** Upptaka frá einni áhugaverðustu verðlaunahátíðinni í Hollywood.

**00.15 Lipstick Jungle** (4:13) (e)

**01.05 Law & Order: Special Victims Unit** (9:19) (e)

**01.55 The Contender Muay Thai** (13:15)

**02.45 World Cup of Pool 2008** (24:31)

**03.35 The Jay Leno Show** (e)

**04.25 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.

**21.00 Segðu mér frá bókinni** Fritz Már Jörgensson fær til sín höfunda sem segja frá bókinn sinni, tilurð hennar og lesa úr henni líka.

**21.30 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrku.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


MIKIÐ ÚRVAL AF RAFSTILLANLEGUM ÞÝSKUM HEILSURÚMUM Á GAMLA VERÐINU

RAFSTILLANLEG EINSTAKLINGSRÚM
VERÐ FRÁ: 164.214

RAFSTILLANLEG HJÓNARÚM
VERÐ FRÁ: 299.900

HEILSUKODDAR FYLGJA ÖLLUM RÚMUM



50%–90% AFSLÁTTUR AF SÆNGURFÖTUM, HEILSUKODDUM OG HEILSUPÚÐUM. MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Rúm Gott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.15

**The Love Guru**



Skrautleg gamanmynd með Mike Myers. Að þessu sinni bregður hann sér í hlutverk Pitka, Bandaríkjamanns sem býr meðal gúrúa í Indlandi. Hann ákveður nú að snúa aftur til föðurlandsins með það að markmiði að hasla sér völl í hinum gjöfula sjálfshjálparbransa. Með önnur helstu hlutverk í myndinni fara Jessica Alba, Justin Timberlake og Romany Malco.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Segðu mér frá bókinni - NÝTT**

### ÍNN kl. 21.00

Fritz Már Jörgensson hefur umsjón með nýjum bókaþætti á ÍNN þar sem rithöfundar fjalla um nýútkomnar bækur sínar. Í fyrsta þáttinn mæta rithöfundarnir Elías Snæland Jónsson, Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, Óttar Norðfjörð og Sindri Freysson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Boðorðin 10
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (16:25)
**17.00 Doctors** (17:25)
**17.30 Supernanny** (6:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð.
**18.15 Modern Toss** (6:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link.
**18.45 Doctors** (16:25)
**19.15 Doctors** (17:25)
**19.45 Supernanny** (6:20)
**20.30 Modern Toss** (6:6)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Entourage** (10:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni. Þrátt fyrir að hafa orðið býsna ágengt, neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.
**22.15 NCIS** (14:19) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**23.00 Eleventh Hour** (17:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talin vera af yfirnáttúrulegum toga.
**23.45 Auddi og Sveppi**
**00.20 Logi í beinni**
**01.05 Identity** (6:12)
**01.50 Blade** (6:13)
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.55** Lab Rats **13.25** After You've Gone **13.55** My Hero **14.25** Gavin And Stacey **15.00** The Weakest Link **15.45** After You've Gone **16.15** My Hero **16.45** How Do You Solve A Problem Like Maria? **18.15** Robin Hood **19.00** After You've Gone **19.30** Marc Wootton Exposed **20.00** This Is Dom Joly **20.30** The Mighty Boosh **21.00** The Jonathan Ross Show **21.50** After You've Gone **22.20** Marc Wootton Exposed **22.50** This Is Dom Joly **23.20** The Mighty Boosh **23.50** How Do You Solve A Problem Like Maria?

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.40** 6200 Aabenraa **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Thea og Leoparden **16.30** Det kongelige spektakel **16.40** Timmy-tid **16.50** Mira og Marie **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Ørkenens Sønner - En sang fra de varme lande **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.10** War of the Worlds **23.00** U-båden

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Mamma Mø og Kråka **17.10** Fjellgården i Trollheimen **17.20** Pling Plong **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen. Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Life on Mars **23.15** Lisa Nilsson og Niels Lan Doky live i Paris

## SVT 1

**13.15** Dansbandskampen **14.45** Hemliga svenska rum **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Plus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Skavlan **21.00** Broarna i Madison County **23.10** Kulturnyheterna **23.25** Playa del Sol **23.55** Sleeper cell




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta á stöð sem er hérna í Lúxemborg, 87,7, og er svona „eighties"-tónlist. Svo er ég með lagalista í tölvunni minni þegar ég er að dunda mér í námsefni eða vinna myndir í tölvunni."*

Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari

# Þúsund börn á tveimur dögum

Rithöfundurinn Gerður Kristný ætlar að lesa upp úr barnabók sinni Prinsessunni á Bessastöðum fyrir rúmlega eitt þúsund krakka í átta grunnskólum á Akureyri á aðeins tveimur dögum. „Ég hlakka mikið til," segir Gerður, sem hefur lesturinn 24. nóvember. „Ég skipulagði þetta sjálf og fékk Sögu Capital til að styrkja mig. Ég les fyrir 1.092 krakka held ég, það er ef enginn liggur heima í svínaflensu."

Gerður þarf að hafa sig alla við til að komast á milli skóla á svo skömmum tíma en hefur ráð undir rifi hverju hvað það varðar. „Ég er búin að tala við talsmenn þessara skóla og þeir sjá um að einhver keyri mig á milli staða. Það verða gangaverðir, húsverðir eða kannski kennarar sem koma mér frá einum stað til annars. Ég verð látin þeytast á milli skóla eins og flensuveira," segir hún og hlær. Hún útskýrir að munur sé á því að gefa út barnabók í ár og undanfarin ár. „Skólarnir hafa ekki peninga til að bjóða rithöfundum til sín. Það hefur verið venjan að maður hefur verið pantaður í skóla en það er lítið um það í ár og þar af leiðandi riggaði ég þessu bara upp sjálf."

Og meira af Gerði því ljóð hennar og Sigurðar Pálssonar koma út á bengölsku og hindí á Indlandi 5. desember. „Þetta er mikill heiður. 400 milljónir tala hindí og aðeins færri bengölsku og það eru bara 400 eintök af hvorri bók þannig að það verða fjöldaslagsmál í Nýju-Delí þegar bækurnar koma út." Einnig koma ljóð hennar út á esperantó hjá bókaforlagi í New York á næstu dögum, auk þess sem barnabókin Garðurinn kemur brátt út í Þýskalandi og Noregi. **- fb**



**GERÐUR KRISTNÝ** Gerður les upp úr barnabók sinni fyrir rúmlega eitt þúsund krakka á Akureyri á aðeins tveimur dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** tímaeining, **8.** drulla, **9.** móðurlíf, **11.** eyrir, **12.** rabb, **14.** kvk nafn, **16.** tveir eins, **17.** aðstoð, **18.** í viðbót, **20.** átt, **21.** murra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** frá, **4.** örvandi efni, **5.** bjálki, **7.** starfræksla, **10.** kvk nafn, **13.** mjög, **15.** þitt, **16.** efni, **19.** gjaldmiðill.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** ár, **8.** for, **9.** leg, **11.** fé, **12.** skraf, **14.** sóley, **16.** tt, **17.** lið, **18.** auk, **20.** na, **21.** urra.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** af, **4.** koffein, **5.** tré, **7.** rekstur, **10.** gró, **13.** all, **15.** yðar, **16.** tau, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Neftóbaksneysla þingmanna.
2. Slysum hefur fækkað um 34 prósent.
3. Þeir leika með sádi-arabísku liði.


vísir.is
„...ég sá það á vísi"



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Opið 11:30-14:30
LAXAFLÖK 1590
LÚÐUFLÖK 1590
XL HUMAR HUMARSÚPA
TÚNFISKUR SÚPUHUMAR
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686




**NÁ VEL SAMAN** Guðrún og hinar stelpurnar í keppninni ná vel saman. Hérna er hún ásamt ungfrú Ítalíu.

GUÐRÚN DÖGG RÚNARSDÓTTIR: DVELUR Á SJÖ STJÖRNU HÓTELI

# Ungfrú Ísland borðaði gull

„Það er ekkert bragð af gullinu en það var samt rosalega gaman að prófa það," segir Guðrún Dögg Rúnarsdóttir, ungfrú Ísland.

Guðrún, sem er fulltrúi Íslands í Ungfrú heimur, hefur dvalið á sjö stjörnu hóteli í Abú Dabí undanfarna daga ásamt öðrum keppendum. Aðalkeppnin fer fram í Suður-Afríku í desember.

Stelpunum var boðið í glæsilegan kvöldverð í vikunni og Guðrún lenti í sæti við hliðina á moldríkum olíufursta. „Það var mjög fræðandi vegna þess að hann var svo opinn," segir hún. „Hann bað okkur um að spyrja sig að hverju sem er, þannig að við lærðum mjög mikið um araba og múslima þar sem að hann vildi endilega fræða okkur."

Á boðstólum var skelfiskur og lambakjöt, en eftirrétturinn vakti mesta athygli og minnti á fræga góðærisboðsferð Landsbankans þar sem boðið var upp á gullkryddað risotto. „Það voru þrjár tegundir af súkkulaðieftiréttum. Í miðjunni var svo réttur gerður úr hvítu súkkulaði og það var blaðgull yfir honum sem við borðuðum," segir Guðrún. Hún fer fögrum orðum um hótelið sem stelpurnar dvelja á í boði keppninnar og segir allt gert fyrir þær. „Herbergið er stórkostlegt! Rosalega nýtískulegt og flott. Við erum með svalir þar sem við förum í sólbað, en það er 27 stiga hiti hérna."

Guðrún segir ferðalagið ekki eintóma sælu þrátt fyrir sólböð og gullát. Stelpurnar eru á fullu allan daginn, alla daga og þurfa alltaf að vera vel til hafðar. „Við þurfum að vakna mjög snemma til þess að líta vel út," segir hún. „Þannig að við fáum ekki frábæran svefn. Þetta er hörkuvinna og rosalega erfitt, en algjörlega þess virði. Við erum reynslunni ríkari og fáum að skoða marga fallega staði sem við hefðum líklega aldrei fengið að sjá. Þannig að ég er mjög ánægð og þakklát fyrir að fá þetta tækifæri. Stelpurnar eru líka yndislegar. Þetta er eins og að búa á heimavist. Við erum allar í sömu stöðunni, að keppa í Miss World, en við erum líka aleinar í framandi landi með ekkert nema hver aðra. Þannig að það er mjög gott að við náum svona vel saman." **atlifannar@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Grínarinn Steindi Jr. vinnur nú hörðum höndum að sjónvarpsþáttum sínum sem fara í loftið á Stöð 2 á næsta ári. Steindi er innmúraður í rappelítu landsins, þrátt fyrir að vera ekki rappari sjálfur. Ágúst Bent úr XXX Rottweiler vinnur þættina með honum, Dóri DNA er góður félagi hans og nú heyrist að annar Rottweiler-hundur, **Erpur Eyvindarson**, komi fram í nýju þáttunum. Lítið fæst uppgefið um aðkomu Erps, en heimildir Fréttablaðsins herma að persóna hans verði af erlendu bergi brotin.



Talandi um **Steinda Jr.**, þá hafa auglýsingar Sjóvá sem skarta honum og hinum dularfulla Bobba í aðalhlutverki vakið talsverða athygli. Athyglin hefur raunar verið svo mikil að ákveðið hefur verið að fá félagana til að taka upp tvær auglýsingar í viðbót með jólaþema. Nú er spurning í hvaða Bobba Steindi ratar um jólin.



Ný ævisaga **Magga Eiríks**, Reyndu aftur, hefur fengið mjög góð viðbrögð síðan hún kom út á dögunum. Til marks um það fær bókin þann heiður að vera sú fyrsta á landinu sem fer í endurprentun hjá prentsmiðjunni Odda fyrir þessi jól. Fyrsta upplagið var prentað í 2.500 eintökum, sem eru reyndar smámunir miðað við nýja bók Arnaldar Indriðasonar, Svörtuloft, sem var prentuð í þrjátíu þúsund eintökum. Engu að síður flottur árangur hjá Magga. **- afb, fb**



# Væri hneyksli að tapa

„Þeir sem eru sverari, níutíu kíló plús, verða aftar á vellinum og halda stöðunni, en hinir munu hlaupa," segir Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð, sem verður fyrirliði „All-star" liðs í fótbolta annað kvöld á vegum Góðgerðarráðs Verzlunarskóla Íslands. „All-star" liðið skipa þjóðþekktir einstaklingar á borð við Auðun Blöndal, Sveppa, Loga Bergmann, Gazman, og Gunna Helga, og munu þeir keppa á móti liði Verzlunarskólans.

„Ég held að við vinnum þetta 4:2. Við erum með þrjá eða fjóra úrvalsdeildarleikmenn og fyndna gaura sem munu virka truflandi fyrir þá sem eru í hinu liðinu, svo það væri hneyksli ef við myndum tapa fyrir einhverjum menntaskólakrökkum," segir Ingó og brosir.

Þetta er í annað sinn sem góðgerðarfótboltaleikur sem þessi fer fram á vegum Verzló, en í fyrra mættu um 2.500 manns. Fótboltaleikurinn annað kvöld fer fram í Kórnum í Kópavogi.

Húsið verður opnað klukkan 18.30 og leikurinn hefst klukkan 19, en 200 króna aðgangseyrir og ágóði af veitingasölu mun fara óskiptur í að byggja vatnsbrunn við lítinn barnaskóla í Úganda. **- ag**



**SIGURVISS** Haukur Baldvinsson, fyrirliði liðs Verzlunarskólans, ásamt Ingó Veðurguði, fyrirliða „All-star" liðsins.

# SAGA OG SAMFÉLAG

Ein besta sagnfræði sem völ er á. Í bókinni fylgist maður með því hvernig rómantískur maður verður valdagræðginni að bráð. Nauðsynleg lesning til að hægt sé að varast einstaklinga af þessu tagi.
*– Guðmundur Ólafsson, hagfræðingur*

Ævisaga eins og þær gerast bestar. Spenna og fræði fléttast saman svo úr verður meistaraverk. Nánast glæpsamlegt að svo góð bók sé skrifuð um svo vondan mann.
*– Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur*

Grípandi lesning ... sem dregur upp ógleymanlega mynd af einu helsta skrímsli 20. aldar.
*– Antony Beevor, The Daily Telegraph*




Stalín er eins og Hitler persónugervingur hins illa en jafnframt einn af þeim sem mótuðu heiminn eins og hann er í dag. Í þessari spennuþrungnu ævisögu sviptir Simon Sebag Montefiore hulunni af ævintýralegum ferli skósmiðssonarins frá Georgíu.

*Stalín ungi* er byggð á umfangsmiklum rannsóknum á ótrúlegum og áður óþekktum heimildum í skjalasöfnum frá Moskvu til Georgíu. Stalín ungi er forsaga metsölu- og verðlaunabókarinnar *Stalin: The Court of the Red Tsar.* Bókin er króníka byltingarinnar, forsaga Sovétríkjanna og nærgöngul ævisaga sem fjallar um hvernig Stalín varð Stalín.




## ÍSLENSKIR NASISTAR

Heimsstyrjöldin síðari skóp mörgum manninum meinleg örlög. Svo var um Íslendinga þá, sem segir frá í þessari bók. Annars vegar voru menn, sem aðhylltust hugmyndafræði nasismans og gengu til liðs við Þjóðverja í heimsstyrjöldinni síðari, og hins vegar fórnarlömb þýskra nasista sem urðu að gjalda fyrir samband sitt við þá með lífinu.

Þessi nýja útgáfa bókarinnar er mikið endurskoðuð og í henni birtast miklar upplýsingar sem sem nýlega hafa orðið aðgengilegar í skjalasöfnum.

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Svansmerkt prentverk
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Að renna í brjóst



Á fyrirlestri færeysku fræðikonunnar Beintu í Jákupsstovu í Norræna húsinu í gær mátti þekkja fulltrúa erlendra ráðuneyta, enda snerti umræðuefnið samskipti þjóða. Gladdi að minnsta einn gest sjónarspil þegar fulltrúa ríkis austurblokkarinnar rann í brjóst meðan Beinta fór yfir fyrstu aldirnar í sögu Færeyja. Höfuð hans ráfaði til og leitaði fram á bringuna, en um leið og kom fram á 20. öldina sótti hann sér einhvers staðar kraft og fylgdist athugull með til enda.

### Sýna Saturday Night Live



Skjár einn verður áskriftarstöð á sunnudaginn og hefur útsendingar í læstri dagskrá. Sjónvarpsstjórinn Sigríður Margrét Oddsdóttir og félagar hafa unnið hörðum höndum að því að safna áskrifendum undanfarið og samkvæmt nýjustu fréttum hafa 10.000 manns pantað áskrift. Þá heyrist úr herbúðum Skjás eins að sýningar á skemmtiþættinum Saturday Night Live hefjist í desember. Þar er á ferðinni einn rótgrónasti skemmtiþáttur Bandaríkjanna, en margar af helstu grínstjörnunum í Hollywood í gegnum árin stigu þar sín fyrstu skref.

### Hálfrar stjörnu sængurver



Hallgrímur Helgason sagði frá draumförum sínum á Facebook í gær. Hann dreymdi að Páll Baldvin Baldvinsson og Kolbrún Bergþórsdóttir, bókmenntagagnrýnendur Kilju Egils Helgasonar, væru komin inn í íbúðina til sín. „Þau voru búin að dæma allar bækurnar í hillunum í stofunni þegar PBB kom inn í svefnherbergi og hóf að dæma bækurnar þar," skrifar rithöfundurinn. „Kolla kom loks inn í svefnó og gaf sængurverinu hálfa stjörnu."

- pg / afb

## Mest lesið visir.is

1. Hjálparsveit skáta gagnrýnd vegna myndatexta
2. Kosningakerfi Alþingis stíflað vegna gróftar neftóbaksneyslu
3. Að gera sem minnst í vinnunni
4. Ljósabekkir verði bannaðir innan átján
5. Ölvaður flugstjóri handtekinn
6. Björgólfur Thor á húsin í Gjábakka

Jólaskeiðin 2009
Íslensk hönnun síðan 1946



Verð 12.500.-
Guðlaugur A. Magnússon
Skólavörðustíg 10 • S. 562 5222
www.gam.is

Jólatilboðin í Betra BAK




Allt að 30% afsláttur

Yfir 20.000 íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

Chiro Collection heilsurúm
30% afsláttur



Tempur Spring heilsurúm
25% afsláttur



Stillanleg heilsurúm
20% afsláttur



AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI
CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK